


skoðun 18

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Heimasíðugerð








# FRÉTTABLAÐIÐ

**Fimmtudagur**
**31. maí 2012**
126. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




## Tíu lönd á sex vikum

*Brynja Bjarnadóttir og Þorbjörg Ósk Eggertsdóttir flökkuðu um Evrópu og héldu tónleika.*

**popp 58**

## Hyggst veiða í 50 daga

*Gústaf Gústafsson heldur úti vídeóbloggi um veiði og hefur háleit markmið.*

**veiði 54**



## EM-vonin lifir

*Íslenska kvennalandsliðið í handbolta vann frábæran sigur á Spáni í gær.*

**sport 50**

## veðrið í dag




**HÆGVIÐRI** Í dag verður yfirleitt hæg austlæg eða breytileg átt. Bjartviðri en sums staðar þoka við ströndina. Hiti 10-20 stig, mildast V-til.

**VEÐUR 4**



**HINSEGIN Í SUNDI** Heimsmeistaramót samkynhneigðra í sundíþróttum fer nú fram í Reykjavík og eru þátttakendur um 450 talsins. Þessi maður sýndi stórkostleg tilþrif í dýfingakeppninni sem fram fór í Sundhöllinni í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN.

# Milljarðatugir fólgnir í þara

**Þörungaiðnaður gæti skilað miklum verðmætum. Efni úr þara má nýta í matvæli, fæðubótarefni og snyrtivörur. Þörungaiðnaður er mannaflsfrekur. Erlend fyrirtæki horfa til nýtingar ódýrrar orku.**

**NÝSKÖPUN** Þörungaiðnaður á Íslandi felur í sér gríðarlega möguleika. Um mannaflsfrekan milljarðaiðnað er að ræða ef rétt verður haldið á málum. Hins vegar vantar sárlega fjármagn til að halda áfram rannsóknum á auðlind sem liggur óhreyfð í fjörum landsins.

Hörður G. Kristinsson, sviðs- og rannsóknastjóri Matís, segir að stofnunin sé þegar búin að stunda rannsóknir á möguleikum þörungaiðnaðar í ýmsu samhengi. „Þetta er gullpottur sem við sitjum á án þess að gefa honum gaum. Matís hefur rannsakað aðferðir til að vinna virk efni úr þörungum lengi og við erum komin á það stig að við gætum hafið framleiðslu.“

Hörður segir að til þess að koma iðnaði á koppinn þurfi tvennt: Fjárfesta til að nýta þá þekkingu sem er fyrirliggjandi og hins vegar rannsókna- og þróunarfé. „Ég vil að gerð verði nýtingaráætlun byggð á hugsun um sjálfbærni; að gert verði átak líkt og í fiskiðnaði,“ segir Hörður.

Mikið er til af hráefni hér á landi og það er lítið nýtt. Núna er það aðeins Þörungaverksmiðjan sem nýtir þang og fáeinir einkaaðilar sem þurrka þang til manneldis. Þá hefur Bláa lónið náð eftirtektarverðum árangri við að nýta þörunga í snyrtivörur.

Hörður segir að bæta megi þörungum í matvæli til að gera þau næringarríkari og bragðbetri. Þörungar eru notaðir í fæðubótarefni, eins og Frakkar og Írar hafa gert. Norðmenn sjá þörunga í samhengi við framleiðslu á lífrænu eldsneyti.

„Tækifæri okkar hérna á Íslandi eru fjölbreyttari en víðast hvar vegna hreinnar náttúru. Þangið okkar býr við erfið skilyrði og hefur þróað með sér efni sem hægt er að nota í læknisfræðilegum tilgangi. Efnin sem eru eftirsóknarverð eru í stuttu máli í meiri styrk en annars staðar. Það vekur áhuga erlendis frá en eftirspurn eftir þessum vörum er miklum mun meiri en framboðið á heimsvísu,“ segir Hörður.



„Tækifæri okkar hérna á Íslandi eru fjölbreyttari en víðast hvar vegna hreinnar náttúru.“

**HÖRÐUR G. KRISTINSSON**
RANNSÓKNARSTJÓRI HJÁ MATÍS

Þegar hafa erlend fyrirtæki lýst yfir áhuga við Matís á að nýta ódýra orku til framleiðslu í stórum stíl á smáþörungum í gróðurhúsum. „Það eru ákveðnir þörungar sem eru fullir af mjög dýrum efnum og ég sé fyrir mér að innan fárra ára verðum við komin með til landsins nokkur erlend fyrirtæki í þessari framleiðslu, enda getum við alltaf bent á að við þessa framleiðslu sé nýtt græn orka. Við það getur ekkert annað land keppt.“

Þörungaiðnaður er mannaflsfrekur á öllum stigum framleiðslu, og krefst jafnt menntaðs og ómenntaðs starfsfólks.

**- shá**

Standist áætlanir gefa veiðigjöld 15 til 21 milljarð í árlegar tekjur til 2016/17:

# Áætluð veiðigjöld 90 milljarðar

**SJÁVARÚTVEGUR** Áætlaðar tekjur ríkissjóðs af veiðigjaldi næstu fimm fiskveiðiár eru rúmlega 90 milljarðar króna, standist áætlanir stjórnvalda um aflabrögð.

Almennt veiðigjald verður alltaf 4,5 milljarðar á tímabilinu en sérstakt veiðigjald verður stighækkandi úr tólf upp í rúmlega átján milljarða. Árlega kemur til ívilnun vegna kvótaskulda útgerðarfyrirtækja fyrir

**21** milljarð króna áætlar ríkið að fá í tekjur af veiðigjöldum fiskveiðiárið 2016/2017

1,5 milljarða á ári, samkvæmt breytingartillögum meirihluta atvinnuveganefndar Alþingis við frumvarp sjávarútvegsráðherra.

Landssamband íslenskra útgerðarmanna hafnar því alfarið að breytingarnar skipti máli. Eftir sem áður sé um ofurskattlagningu að ræða sem lama muni fyrirtæki jafnt sem sveitarfélög.

Búist var við því í gærkvöldi að atvinnuveganefnd myndi klára vinnu sína við frumvarpið um veiðigjöld fyrir nóttina. Breytingartillögur við frumvarpið um stjórn fiskveiða verða kynntar og ræddar áfram í dag.

**- shá**









## SPURNING DAGSINS



*Tryggvi, getur þú núna hætt að metast?*

„Það verða aðrir að meta það. Það er bara kalt mat.“

Tryggvi Guðmundsson, framherji ÍBV, skoraði sitt 127. mark í efstu deild á dögunum og á nú markametið eftir áralangan eltingaleik.

Þétt setið í Iðnó þegar forsetaframbjóðendurnir sjö komu saman í fyrsta sinn:

# Frambjóðendur ræddu stjórnarskrá

**KOSNINGAR** Það var þétt setið í fundarsal Iðnó í gærkvöldi þegar frambjóðendurnir sjö til embættis forseta Íslands komu fram sameiginlega í fyrsta sinn á borgarafundi.

Sagnfræðingurinn Guðni Th. Jóhannesson stýrði fundinum, sem var á vegum Stjórnarskrárfélags Íslands. þar var sérstaklega rætt um forsetaembættið í tengslum við fyrirhugaðar breytingar á stjórnarskránni.

Innanríkisráðuneytið mun í dag auglýsa forsetakosningarnar, sem haldnar verða laugardaginn 30. júní næstkomandi. **- sh**



**SAMAN Í FYRSTA SINN** Frambjóðendurnir sjö, Þóra Arnórsdóttir, Herdís Þorgeirsdóttir, Ari Trausti Guðmundsson, Andrea Ólafsdóttir, Ástþór Magnússon, Ólafur Ragnar Grímsson og Hannes Bjarnason, komu saman í pallborði í fyrsta sinn í Iðnó í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þurfti að rýma byggingar:

# Virk handsprengja í garði

**SVÍÞJÓÐ Virk handsprengja fannst í garði í miðborg Malmö í gærmorgun. Sprengjusérfræðingar sprengdu hana eftir að svæðið í kringum hana hafði verið rýmt.**

**Garðurinn tilheyrði bæði blokk og skóla og voru á milli fjörutíu og fimmtíu manns látin rýma svæðið.**

**Lögreglan í Malmö segir að mögulega hafi handsprengjunni verið kastað inn í garðinn úr bíl, og mögulega hafi hún verið þar í nokkra daga. - þeb**



**SAKHÆFUR** Guðgeir er sakhæfur samkvæmt niðurstöðu geðrannsóknar sem hann gekkst undir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Yfirlæknir vinnur geðmat:

# Guðgeir er metinn sakhæfur

**DÓMSMÁL Guðgeir Guðmundsson, sem stakk framkvæmdastjórann Skúla Sigurz margsinnis á lögmannsstofunni Lagastoð í byrjun mars, er sakhæfur. Þetta er niðurstaða geðrannsóknar, að því er fram kom á Vísi í gær.**

**Þar segir að yfirlæknir á Kleppi hafi unnið matið en að það sé svo dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur að taka endanlega ákvörðun um sakhæfið.**

**Guðgeir mun koma fyrir héraðsdóm á morgun og taka afstöðu til ákæruefnisins. - sh**

Stokkhólmsbúar á leið í vinnu:

# Meiri tími í strætó en fríið

**SVÍÞJÓÐ** Stokkhólmsbúar eyða meiri tíma á ári í að ferðast til og frá vinnu með almenningssamgöngum en þeir eyða í fríi. Þetta eru niðurstöður nýrrar rannsóknar í Svíþjóð.

Að meðaltali eru Stokkhólmsbúar 34 mínútur hvora leið frá úthverfum borgarinnar. Bent er á það í rannsókninni að almenningssamgöngur séu að meðaltali á 20 kílómetra hraða á meðan bílar á sömu leið fari á 36 kílómetra hraða á klukkustund.

Rannsakendurnir segja að nauðsynlegt sé að stækka neðanjarðarlestakerfi borgarinnar til að stytta ferðatíma borgaranna. **- þeb**

# Andvíg listaverki um óhlýðni á Austurvelli

**Forsætisnefnd, forseti og varaforsetar Alþingis leggjast eindregið gegn því að listaverki um borgaralega óhlýðni sem Santiago Sierra vill gefa Reykjavíkurborg verði komið varanlega fyrir við Alþingi. Það raski heildarmynd Austurvallar.**

**SKIPULAGSMÁL** Hinn heimsþekkti listamaður Santiago Sierra vill gefa Reykjavíkurborg listaverkið Svörtu keiluna sem er minnisvarði um borgaralega óhlýðni. Sierra setur það sem skilyrði að verkinu verði varanlega komið fyrir á Austurvelli. Alþingi leggst gegn málinu.

Listasafn Reykjavíkur mælir með því að gjöf Sierra verði þegin. Verkinu var í janúar komið fyrir gegnt anddyri Alþingishússins en Hafþór Yngvason safnstjóri leggur til að framtíðarstaður þess verði norðar á Austurvelli, nær Landsímahúsinu. Þar myndi Svarta keilan ekki trufla opinbera viðburði segir Hafþór í bréfi til menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkur.

„Gjöf Sierra er rausnarleg,“ undirstrikar Hafþór í bréfinu til menningarráðs og bendir á að höfundarlaunin sem Sierra gefi eftir séu jafnvirði um 25 milljóna króna. Áætlað sé að það kosti um sex hundruð þúsund að koma Svörtu keilunni fyrir á nýjum stað. Menningarráðið leggur til að borgin þiggi verkið og að það verði á Austurvelli. Ráðið vísar málinu til umsagnar hjá skipulagsráði þar sem það er nú til skoðunar.

Spánverjinn Santiago Sierra er víðkunnur listamaður sem leggur áherslu á verk um þjóðfélagslegt óréttlæti. Nafnið Svarta keilan vísar til hatta sem hinn alræmdi Spánski rannsóknarréttur lét fórnarlömb sín bera. Verkið er úr íslensku grágrýti,

„Austurvöllur er mikilvæg staðsetning fyrir minnisvarðann vegna nálægðar hans við helsta tákn lýðræðishugtaksins á Íslandi, Alþingishúsið. Austurvöllur er sá staður þar sem óbreyttir landsmenn koma saman til að mótmæla þegar þeim þykir ríkisvaldið beita þá óréttlæti,“ útskýrir safnstjórinn í bréfi sínu.

Hafþór leitaði umsagnar Alþingis vegna staðsetningar listaverks Sierra um borgaralega óhlýðni.

„Það er afstaða forsætisnefndar, forseta og allra varaforseta, að staðsetning listaverksins raski heildarmynd Austurvallar og leggst því forsætisnefnd eindregið gegn því að listaverkinu verði komið varanlega fyrir á Austurvelli,“ er svar Alþingis.

**gar@frettabladid.is**



**ÁSTA RAGNHEIÐUR JÓHANNESDÓTTIR** Forseti Alþingis og allir varaforsetarnir vilja ekki Svörtu keiluna til frambúðar á Austurvelli.

**SVARTA KEILAN** Lokahönd lögð á verk Santiagos Sierra um borgaralega óhlýðni á Austurvelli 20. janúar á þessu ári. Á verkinu er skjöldur með tilvitnun í yfirlýsingu franska þingsins frá 1793. „Þegar ríkisstjórn brýtur á rétti þegnanna, þá er uppreisn helgasti réttur og ófrávíkjanleg skylda þegnanna sem og hvers hluta þjóðarinnar.“ FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Norskur stjórnmálamaður:

# Enga útlendinga í Eurovision

**NOREGUR** Norski stjórnmálamaðurinn Tove Ovesen í Strandflokknum hefur fengið á sig harða gagnrýni síðustu daga fyrir ummæli á Facebook-síðu sinni. Þar sagði hún að Norðmenn ættu að hætta að senda „Rússa, Afríkubúa, Svía og Írani“ til að keppa í Eurovision fyrir hönd landsins. Þátttakan ætti að endurspegla norsk gildi og menningararf.

Söngvarinn Tooji tók þátt í keppninni í ár og lenti í síðasta sæti. Hann er frá Íran en fluttist ársgamall til Noregs með fjölskyldu sinni. **- þeb**



**ÚTNEFNING Í HÖFN** Mitt Romney hefur tryggt sér nægilegan fjölda kjörmanna til að hljóta útnefningu Repúblikanaflokksins fyrir forsetakosningarnar í haust. NORDICPHOTO/AFP

Forsetakosningar vestanhafs:

# Obama hringdi í keppinautinn

**BANDARÍKIN Mitt Romney tryggði sér endanlega útnefningu Repúblikanaflokksins fyrir kosningarnar í haust með sigri í prófkjöri í Texas á þriðjudag. Hann hefur nú fengið 1.191 kjörmenn, en 1.144 þarf til að hljóta útnefningu sem fram fer á flokksþingi síðsumars.**

**Barack Obama Bandaríkjaforseti hringdi í Romney í gær til að óska honum til hamingju með áfangann. Baráttan milli þeirra hófst fyrir nokkrum vikum eftir að ljóst þótti í hvað stefndi og aðrir repúblikanar drógu sig í hlé.**

**Obama hefur forskot á Romney í nýlegum skoðanakönnunum.**




Framkvæmdastjórn ESB segir hrun bankanna ekki hafa verið óumflýjanlegt:

# Rannsóknarskýrslan notuð gegn Íslandi

**UTANRÍKISMÁL** Framkvæmdastjórn ESB segir Íslendinga hafa getað haft áhrif á stærð og umfang bankahrunsins og því sé ekki hægt að tala um óviðráðanlegar aðstæður. ESB vísar, máli sínu til stuðnings, í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Munnlegur málflutningur í Icesave-málinu fer fram 18. september fyrir EFTA-dómstólnum. Framkvæmdastjórnin skilaði greinargerð í málinu fyrir viku og tekur þar undir sjónarmið ESA, Eftirlitsstofnunar EFTA, en hafnar rökstuðningi Íslendinga.

Íslendingar hafa haldið því fram að tilskipun ESB um innstæðutryggingu hafi ekki gilt við þær aðstæður sem hér sköpuðust í bankahruninu. Um óviðráðanlegar aðstæður hafi verið að ræða (force majeur). Ekki sé hægt að ætlast til þess að lönd komi sér upp tryggingum sem ráði við hrun heils fjármálakerfis.

Framkvæmdastjórnin hafnar þessu sjónarmiði. „Þrátt fyrir að fjárhagskreppa heimsins hafi ekki átt uppruna sinn á Íslandi, er það skilningur framkvæmdastjórnarinnar, sem hún byggir á skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis, að ástæður íslenska bankahrunsins hafi ekki verið utanaðkomandi,“ segir í greinargerðinni, í þýðingu blaðamanns.

Framkvæmdastjórnin vitnar til skýrslunnar um að hið mikla umfang hruns bankanna hafi orðið vegna skorts á fyrirbyggjandi aðgerðum í bankageiranum og „mistaka og vanrækslu“ íslenskra stjórnvalda.

Þá er vísað til þess að ekki hafi verið gripið til ráðstafana þó að efnahagsreikningur bankanna hafi vaxið í það að verða níföld þjóðarframleiðsla Íslendinga. Strax árið 2006 hafi verið vakin athygli á því að bankarnir hafi vaxið Seðlabankanum yfir höfuð. Ekkert hafi hins vegar verið gert. **- kóp /** **Sjá síðu 10**



**MIKIL SKÝRSLA** Páll Hreinsson kynnir skýrslu rannsóknarnefndarinnar. ESB notar hana nú gegn Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

husa.is

# BRJÁLAÐ VERÐ

## Á GARÐADÖGUM








**SLÁTTUVÉL**
Verð áður: 29.995 kr.
**Nú: 23.995 kr.**

**SÓLBOÐI**
Verð áður: 1.190 kr.
**Nú: 599 kr.**

**Pallaolía**
Á gagnvarið efni.
7049123

**PALLAOLÍA**
Verð áður: 1.895 kr.
**Nú: 1.695 kr.**

**Rafmagnssláttuvél**
GR3400, 1200W, 34 cm sláttubreidd.
5085134

**MARGARITA**
Verð áður: 1.590 kr.
**Nú: 699 kr.**

**SÝPRIS**
Verð áður: 1.490 kr.
**Nú: 999 kr.**

**3 STK NELLIKUR**
Verð áður: 1.999 kr.
**Nú: 999 kr.**



**GARÐSTÓLL**
Verð áður: 8.900 kr.
**Nú: 6.900 kr.**

**Garðstóll Kingsbury**
3899087



**20% afsláttur AF VIÐARVÖRN**




**10% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM GARÐHÚSUM**



**ÞYKKARI BJÁLKI MEIRI GÆÐI.**

Húsasmiðjan selur eingöngu sérvalin gæðagarðhús sem þola íslenska veðráttu. Áratuga reynsla á Íslandi.

**GARÐHÚS 4.4 m²**
Verð áður: 176.900 kr.
**Nú: 159.000 kr.**

**ÞÚ SPARAR 20.900 KR**

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI SÍÐAN 1956

## GENGIÐ 30.05.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 130,14 | 130,76 |
| Sterlingspund | 202,75 | 203,73 |
| Evra | 161,84 | 162,74 |
| Dönsk króna | 21,775 | 21,903 |
| Norsk króna | 21,516 | 21,642 |
| Sænsk króna | 18,030 | 18,136 |
| Japanskt jen | 1,6455 | 1,6551 |
| SDR | 196,69 | 197,87 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

225,0427

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hæstiréttur staðfestir úrskurð héraðsdóms að nöfn viðskiptavina Jens Kartanssonar skuli afhent:

# Búin að afhenda nafnalista um 50 kvenna

**EFNAHAGSMÁL** „Ég er búin að taka listann saman og afhenda hann,“ segir Saga Ýrr Jónsdóttir, lögmaður. Hún er lögmaður margra tuga kvenna sem hyggjast lögsækja Jens Kjartansson lýtalækni fyrir læknamistök. „Mér líst náttúrlega ekki vel á þetta en maður deilir ekki við dómarann.“

Skattrannsóknarstjóri ríkisins fór fram á það við Sögu að hún afhenti nöfn og kennitölur skjólstæðinga sinna sem fengu grædda í sig PIP-sílikonpúða hjá Jens á tímabilinu 2006 til 2011.

Grunur leikur á að Jens hafi svikið undan skatti í starfi sínu og er hann því til rannsóknar hjá embættinu. Konurnar sem um ræðir eru í kringum fimmtíu.

Saga neitaði að afhenda listann á grundvelli þagnarskyldu lögmanna og fór málið fyrir héraðsdóm sem úrskurðaði skattrannsóknarstjóra í vil. Hæstiréttur staðfesti þann úrskurð á þriðjudag.

> Mér líst náttúrulega ekki vel á þetta en maður deilir ekki við dómarann.
>
> SAGA ÝRR JÓNSDÓTTIR
> LÖGMAÐUR KVENNANA



BRYNDÍS KRISTJÁNSDÓTTIR



SAGA ÝRR JÓNSDÓTTIR

Saga er búin að heyra í nokkrum skjólstæðinga sinna eftir að úrskurður var ljós. Konurnar voru að hennar sögn mjög rólegar yfir málinu.

Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri segir niðurstöðuna ríma við aðra sambærilega dóma sem reyna á þagnarskyldu á móti lögum um skattalagabrot.

„Það hefði í raun komið mér á óvart ef úrskurður Hæstaréttar hefði farið öðruvísi,“ segir hún. „Það hefur í þó nokkrum tilvikum reynt á sambærileg ákvæði.“ **- sv**

Afhentu trúnaðarbréf:

## Nýir sendiherrar í Ísrael, Laos og Taílandi

**UTANRÍKISMÁL** Tveir íslenskir sendiherrar afhentu nýlega trúnaðarbréf sín á erlendri grundu.

Kristín A. Árnadóttir afhenti annars vegar forseta Laos, Choummaly Sayasone, trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands gagnvart Laos, og nokkru áður afhenti hún krónprinsi Taílands, Maha Vajiralongkorn, trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands gagnvart Taílandi. Kristín hefur aðsetur í Peking í Kína.



KRISTÍN A. ÁRNADÓTTIR

Þá afhenti Benedikt Ásgeirsson Shimon Peres, forseta Ísraels, trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands gagnvart Ísrael, en hann er með aðsetur í Reykjavík. **- þj**

## LEIÐRÉTT

Ranglega var sagt í Fólki, fylgiblaði Fréttablaðsins, í gær að viku taki að fá nýtt vegabréf. Rétt er að afgreiðslutíminn er tíu virkir dagar frá því sótt er um nýtt vegabréf.

Leikstjóri kvikmyndarinnar Dupa Dealuri, sem fjallað var um í Fréttablaðinu í gær, heitir Christian Mungiu. Hann var ranglega kallaður Christina Mungiu í blaðinu í gær.

Í frétt undir fyrirsögninni Fékk margoft gæsahúð við tökur, sem birtist í Fréttablaðinu á þriðjudag, kemur fram að Daníel Bjarnason og Erlendur Sveinsson hafi unnið við þættina Spjallið með Sölva. Það er rangt, en þeir unnu við gerð þáttanna Málið með Sölva Tryggvasyni.

# Breytingar ná ekki að sætta sjónarmið

**Útvegsmenn segja breytt frumvarp um veiðigjöld jafn vonlaust og það var. Áfram sé um ofurskattlagningu að ræða. Fulltrúi VG í atvinnuveganefnd segir gagnrýnina fyrirsjáanlega en breytingarnar komi mjög til móts við gagnrýni.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, segir vart teljandi breytingar hafa verið gerðar á frumvarpi um veiðigjöld í meðhöndlun atvinnuveganefndar undanfarnar vikur. Enn sé ofurskattlagning í pípunum þrátt fyrir harða gagnrýni víðs vegar að.

Björn Valur Gíslason, fulltrúi Vinstri grænna í nefndinni, segir gagnrýni LÍÚ á breytingarnar fyrirsjáanlega og í raun lítið um hana að segja.

Meirihluti atvinnuveganefndar Alþingis kynnti breytingartillögur sínar við frumvarp um veiðigjald á nefndarfundi á mánudag. Meirihlutinn leggur til að upphæðin verði lækkuð umtalsvert, um allt að fjórðung, og skili 15 milljörðum króna í ríkissjóð á næsta fiskveiðiári.

Almenna veiðigjaldið verður það sama næstu árin, eða 4,5 milljarðar króna, en árlega kemur til ívilnun vegna kvótaskulda útgerðarfyrirtækja fyrir 1,5 milljarða á ári. Sérstaka gjaldið hækkar hins vegar í þrepum úr tólf í rúmlega átján milljarða, og áætlaðar tekjur nema rúmlega 21 milljarði króna fiskveiðiárið 2016/17 af botnfisk- og uppsjávarafla þegar allt er talið. Miðar þessi áætlun við sérstaka aflaáætlun á tímabilinu.

Gjaldið [byggir á bráðabirgðaákvæði við breytingar á frumvarpinu], byrjar því í 50% og hækkar um fimm prósentustig til ársins 2015/16. Þegar bráðabirgðaákvæðið fellur út kveður á um hærri álagningu, eða 70%.



**Á LOÐNU** Uppsjávarafli á að gefa um 15 milljarða í sérstakt veiðigjald, standist aflaáætlun. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

### Áætlaðar tekjur af veiðigjöldum til ársins 2017

| Milljónir kr. | 2012/13 | 2013/14 | 2014/15 | 2015/16 | 2016/17 |
|---|---|---|---|---|---|
| Almennt gjald | 4.446 | 4.446 | 4.446 | 4.446 | 4.446 |
| Sérstakt gjald: | | | | | |
| - *Botnfiskafli* | 9.896 | 11.209 | 12.521 | 13.833 | 15.146 |
| - *Uppsjávarafli* | 2.367 | 2.671 | 2.976 | 3.281 | 3.585 |
| Samtals | 16.709 | 18.326 | 19.943 | 21.560 | 23.177 |
| Ívilnun v/ kvótaskulda | 1.500 | 1.500 | 1.500 | 1.500 | 1.500 |
| Áætlaðar tekjur | 15.209 | 16.826 | 18.443 | 20.060 | 21.677 |

Björn Valur segir að líta beri til þess að aðlögunartíminn sé langur, gjaldstofninn orðinn annar og minni, afsláttarkjör víðtækari, frádráttur frá tekjum sem ákvarðar gjaldstofninn orðinn meiri og fleira „sem gerir það að verkum að gjaldið verður mun lægra en áður hefði orðið þrátt fyrir sömu prósentutölu. Það er því ólíku saman að jafna hvað þetta varðar.“

Friðrik segir að allt tal um lækkun veiðigjaldsins sé hjákátleg. „Áfram er boðuð margföldun á veiðigjaldi. Þetta kom mér reyndar mjög á óvart miðað við allar úttektirnar sem lagðar hafa verið fram. Þetta mun áfram hafa þær afleiðingar sem hefur verið lýst,“ segir Friðrik og vísar til orða lærðra sem leikra um að sjávarútvegsfyrirtæki sligist undan veiðigjaldinu og áhrif á einstök sveitarfélög verði afar neikvæð. **svavar@frettabladid.is**

Stríðsglæpadómur:

## Charles Taylor fær fimmtíu ár

**HOLLAND, AP Charles Taylor, fyrrverandi einræðisherra í Líberíu, var í gær dæmdur til 50 ára fangelsisvistar vegna stríðsglæpa.**



CHARLES TAYLOR

**Taylor var fyrr í mánuðinum sakfelldur fyrir að hafa átt hlut að ofbeldisverkum uppreisnarmanna í nágrannaríkinu Síerra Leóne, sem létu hann meðal annars fá demanta fyrir stuðninginn sem hann veitti þeim.**

**Richard Lussick, dómari við stríðsglæpadómstólinn í Hollandi, sagði glæpi Taylors hafa verið „eins alvarlegir og verða má hvað varðar umfang og grimmd“.** **- gb**

Spara hálfan milljarð á ári:

## Skipti segja upp sautján manns

**ATVINNUMÁL** Nú um mánaðamót missa sautján manns vinnuna hjá Skiptum, auk þess sem fimmtán starfsmenn flytjast frá dótturfélaginu Mílu yfir til Símans. Markmiðið með aðgerðunum er sparnaður upp á að minnsta kosti hálfan milljarð á ári, að því er segir í tilkynningu frá Skiptum.

„Það var fyrirséð síðastliðið haust að hægt væri að samþætta reksturinn hjá fyrirtækjum samstæðunnar til þess að straumlínulaga reksturinn og spara,“ er haft eftir forstjóranum Steini Loga Björnssyni í fréttatilkynningu. Breytingarnar séu eðlilegt framhald af hagræðingum síðasta árs. **- sh**



Fimmtudaginn 31. maí næstkomandi, mun Jóhann Tryggvason opna málverkasýningu á olíumálverkum í galleríi sínu á Garðatorgi 7, Garðabæ, inngangur við hliðna á turninum. Opið verður frá kl. 15:00 til kl. 18:00 alla daga til og með fimmtudeginum 7. júní. Þetta er 6. einkasýning Jóhanns.



## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**GLIMRANDI GOTT** Nú er heldur betur ástæða til að fjárfesta í góðri sólarvörn ef fólk ætlar að njóta veðurblíðunnar um helgina. Þeir sem ætla að ganga á fjöll ættu sérstaklega að passa sig á sterkum sólargeislunum.




### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Alicante | 27° |
| Basel | 27° |
| Berlín | 17° |
| Billund | 16° |
| Frankfurt | 22° |
| Friedrichshafen | 22° |
| Gautaborg | 15° |
| Kaupmannahöfn | 15° |
| Las Palmas | 25° |
| London | 21° |
| Mallorca | 28° |
| New York | 24° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 15° |
| París | 21° |
| San Francisco | 23° |
| Stokkhólmur | 13° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Einar Davíðsson einar.davidsson@365.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is KYNNINGARSTJÓRI: Einar Skúlason einar.skulason@365.is




# FRÁBÆRT VERÐ!

Gildir til 03.06.12

SUN GARDEN

**HASTINGS SESSUR**
Flottar gráyrjóttar sessur með polyesteráklæði. Stillanlegt bak. Stærð: 50 x 119 sm. 7,5 sm. þykk. 1 stk. áður: **6.995** nú: **3.995**



ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

1 STK. ÁÐUR: 6.995
**3.995**

**FYRIR STÓL/BEKK**
Stærð: 49 x 48 x 10 sm.
1 stk. áður: **2.495**
nú: **1.249**

**FYRIR HÁTT BAK**
Stærð: 50 x 103 x 4 sm.
1 stk. áður: **3.995**
nú: **2.495**

**LATINO STÓLL**
Léttur, stillanlegur garðstóll með netabaki og setu á frábæru verði! Stólinn er hægt að leggja saman.



FULLT VERÐ: 9.995
**6.995**

SPARIÐ 3.000

**MELTON STÓLL**
Flottur, svartur stóll úr áli með polyrattan baki og sessu.



FULLT VERÐ: 6.995
**4.995**

SPARIÐ 2.000

**CUBA STÓLL**
Góður plaststóll sem hægt er að stafla. Litur: Grár.



FRÁBÆRT VERÐ!

VERÐ AÐEINS:
**1.985**

**MALLORCA ARMSTÓLL**
Stílhreinn og flottur stóll úr svörtu, sterku polyrattan efni. Auðvelt viðhald.



FRÁBÆRT VERÐ!

VERÐ AÐEINS:
**11.990**

**UDINESE STÓLL**
Stóll með örmum og sterku polyrattan efni.



SPARIÐ 4.000

FULLT VERÐ: 12.990
**8.990**

## KJÖRKASSINN



*Hefur þú sótt tónlistarviðburð í Hörpu?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 35% |
| NEI | 65% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

*Ert þú með frjókornaofnæmi?*

Segðu skoðun þína á Vísir.is

vísir

Þingmaður Sjálfstæðisflokksins kallaði eftir upplýsingum um eignarhald 365 á Alþingi í gær:

# Takmarkað eignarhald verði skoðað

**ALÞINGI** Heimildir til handa fjölmiðlanefnd og Samkeppniseftirliti til að takmarka eignarhald á fjölmiðlum er að finna í nýjum fjölmiðlalögum sem eru til umfjöllunar á Alþingi. Pétur H. Blöndal, Sjálfstæðisflokki, kallaði í gær eftir því að upplýst yrði í hörgul um eignarhald á 365, sem meðal annars gefur út Fréttablaðið.



PÉTUR BLÖNDAL

„Mér finnst að þeir sem þykjast eiga fjölmiðla, það kemur náttúrlega fram hvaða hlutafélög eiga í hlutafélaginu, annaðhvort upplýsi í hörgul um eignarhaldið niður í einstaklinga eða þeir hafi ekki atkvæðisrétt. Þeir hafi hreinlega ekki atkvæðisrétt eða jafnvel ekki arðsrétt í viðkomandi fjölmiðlafyrirtæki til að útiloka að einhverjir duldir aðilar geti átt þetta í skjóli einhverra fyrirtækja á Seychelleseyjum, í Lúxemborg, á Cayman-eyjum eða hvað þetta heitir allt," sagði Pétur.

Hann spurði Katrínu Jakobsdóttur menntamálaráðherra að því hvort hún væri sátt við að vita ekki um eignarhaldið á 365 og hvort gera ætti skarpari kröfu um upplýsingar um eignarhald. „Mér finnst mikilvægt fyrir lýðræðisríki að eignarhald á fjölmiðlum sé upplýst en ég tel hins vegar að það þurfi að skerpa á þeim ákvæðum," sagði ráðherra.

Katrín sagðist vonast til þess að allsherjar- og menntamálanefnd lyki umfjöllun sinni um fjölmiðlalögin svo hægt væri að skerpa á heimildum til að krefjast upplýsinga um eignarhald. **- kóp**



„Mér finnst mikilvægt fyrir lýðræðisríki að eignarhald á fjölmiðlum sé upplýst en ég tel hins vegar að það þurfi að skerpa á þeim ákvæðum."

**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR**
MENNTAMÁLARÁÐHERRA





Kailash
ANDLEGT FERÐALAG

*Verslunin Kailash Strandgötu 11, Hafnarfirði, býður ykkur á tónleika í kvöld, fimmtudaginn 31. maí, með* ***hljómsveitinni Samsara*** *og* ***götuspilaranum Leo Gillespie****, milli kl. 20:00 og 22:00.*

***20% afsláttur og fjöldi tilboða.***
*Léttar veitingar.*
*Opið frá kl. 12:00 - 22:00*



Namasté







*Talnabönd, reykelsi, tónlist, teppi, sjöl, skartgripir, buddhabolir, thaibuxur, mussur o.fl.*

Strandgata 11, Hafnarfjörður · Sími 512 3777 · www.kailash.is


# Framsal Assange bíður enn um sinn

**Julian Assange verður ekki framseldur til Svíþjóðar fyrr en í fyrsta lagi um miðjan næsta mánuð, þrátt fyrir úrskurð hæstaréttar í Bretlandi. Lögmaður hans fékk tveggja vikna frest til að kynna sér lagatæknileg álitaefni.**

**BRETLAND, AP** Þótt æðsti dómstóll Bretlands hafi í gær staðfest úrskurð lægra setts dómstóls um að framselja skuli Julian Assange, stofnanda Wikileaks, til Svíþjóðar, þá dregst málið enn á langinn á meðan Dinah Rose lögmaður hans kynnir sér forsendur dómaranna.

Nicolas Phillips forseti hæstaréttar hafði vart lokið máli sínu í gær þegar Rose gerði þá athugasemd að úrskurður hæstaréttar væri að stórum hluta reistur á túlkun dómaranna á framsalslöggjöf Evrópusambandsins frá árinu 2003.

Rose segist aldrei hafa fengið tækifæri til að kynna sér þessa túlkun og áskilur sér allan rétt til að krefjast þess að hæstiréttur taki málið upp að nýju fari svo að hún telji sig þurfa að gera efnislegar athugasemdir við túlkun dómaranna.

Dómarar hæstaréttar viðurkenndu að málið hefði ekki verið einfalt viðureignar og þeir voru reyndar ekki á einu máli því minnihluti dómaranna féllst ekki á túlkun meirihlutans á ákvæðinu.

Phillips veitti henni tveggja vikna frest til að kynna sér betur efni Evrópusambandslaganna, þannig að Assange verður áfram í stofufangelsi í Bretlandi að minnsta kosti fram í miðjan júní.

„Þetta er mjög óvenjulegt," hefur AP-fréttastofan eftir Karen Todner, lögmanni sem starfar hjá lögmannafyrirtæki sem tekið hefur að sér fjölmörg framsalsmál í Bretlandi. „Ég veit ekki til þess að þeir hafi nokkurn tímann tekið mál upp að nýju."

Assange gæti reyndar fengið enn lengri frest, fari svo að hæstiréttur láti úrskurð sinn standa. Þetta gæti hann með því að leita til Mannréttindadómstóls Evrópu, en Todner segir ólíklegt að það myndi skila Assange nokkru, nema því aðeins að hann geti sýnt fram á að líkamlegri eða andlegri heilsu sinni sé hætta búin í Svíþjóð.

Ákvæðið í Evrópusambandslöggjöfinni, sem deilt er um, snýst um það hvort saksóknari í Svíþjóð geti talist hæfur til að gefa út framsalskröfu því samkvæmt lögunum þarf „dómsvald" til að gefa út slíka kröfu. Sænsk yfirvöld segja það tíðkast víða í Evrópulöndum að saksóknarar hafi eins konar dómsvald á sinni könnu í málum af þessu tagi.

Sænski saksóknarinn vill fá að yfirheyra Assange út af ásökunum um kynferðisbrot gegn tveimur konum. Engin ákæra hefur enn verið gefin út á hendur honum.

**gudsteinn@frettabladid.is**




**FRAMSALI MÓTMÆLT** Stuðningsmenn Julians Assange minna á að sannleikurinn sé fyrsta fórnarlambið í hverju stríði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

> Ég veit ekki til þess að þeir hafi nokkurn tímann tekið mál upp að nýju.
>
> **KAREN TODNER**
> LÖGMAÐUR

Alls létu sautján manns lífið í jarðskjálftanum á norðanverði Ítalíu í vikunni:

# Monti lofar hraðri uppbyggingu

**ÍTALÍA, AP** Tveir stórir jarðskjálftar með níu daga millibili eru mikið áfall fyrir íbúana á norðanverðri Ítalíu, sem kemur beint ofan í óvenju erfitt efnahagsástand mitt í skuldakreppu evrulandanna.

Mario Monti forsætisráðherra lofar að ríkisstjórnin beiti sér af alefli við uppbygginguna á jarðskjálftasvæðinu. Meðal annars hefur ríkisstjórnin þegar ákveðið að hækka bensínverð í landinu um 0,02 sent á lítra, en afraksturinn verður notaður til að hefja endurbyggingu íbúðarhúsa, fyrirtækja og sögulegra bygginga á svæðinu, þar á meðal margra kirkna.

Jarðskjálftinn á þriðjudag mældist 5,8 stig og kostaði 17 manns lífið, en níu dögum fyrr varð jarðskjálfti upp á 6,0 stig skammt frá og kostaði hann sjö manns lífið.

Margar þeirra bygginga sem hrundu í jarðskjálftanum á þriðjudag höfðu skemmst í fyrri skjálftanum og voru því orðnar veikari fyrir.

Báðir skjálftarnir urðu á svipuðum slóðum, skammt suður af bænum Mirandola í Modena-héraði.

Fjölmargir íbúar, sem misstu heimili sín í fyrri skjálftanum, höfðust enn við í tjöldum þegar seinni skjálftinn reið yfir. Áfallið er enn meira fyrir þær sakir, að jarðskjálftahætta hefur ekki verið talin ýkja mikil á þessu svæði. **- gb**



**Í RÚSTUNUM** Fólk virðir fyrir sér hrunið hús í bænum Cavezzo á norðanverði Ítalíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Sothys dagar

## 20% afsláttur af Sothys

SOTHYS
PARIS



GJÖFIN ÞÍN

Glæsilegur kaupauki

Andvirði kaupaukans er 6,800 kr.

SOTHYS
PARIS

Fáanlegt í Kringlunni,
Skeifunni & á Selfossi.

Gildir til 6. júní á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** *Hversu stór hluti sjúkrabíla hér á landi stenst ekki kröfur velferðarráðuneytisins um gæði og öryggi?*

**2.** *Hvaða heimsmeistaramót stendur yfir í Reykjavík?*

**3.** *Með hvaða liði spilar fótboltakonan Fanndís Friðriksdóttir?*

**SVÖR:**

*1. Um helmingur 2. Heimsmeistaramót samkynhneigðra í sundgreinum 3. Breiðabliki*

Mál læknisins sem bar kennsl á Osama bin Laden verður æ flóknara:

# Fékk 33 ára dóm fyrir hryðjuverkatengsl

**PAKISTAN, AP** Shakil Afridi, pakistanski læknirinn sem aðstoðaði bandarísku leyniþjónustuna við að hafa uppi á Osama bin Laden, hlaut ekki 33 ára fangelsisdóm fyrir það heldur fyrir tengsl sín við hryðjuverkasamtök í Pakistan.

Þetta kemur fram í úrskurði dómstólsins, sem ekki birtist opinberlega fyrr en skýrt var frá efnisatriðum hans í pakistanska dagblaðinu Dawn í gær.

Þetta gerir væntanlega það að verkum, að Bandaríkjamenn eigi erfiðara með að mótmæla dómnum, sem upphaflega vakti hörð viðbrögð. Tengsl Pakistans og Bandaríkjanna hafa verið erfið undanfarið, ekki aðeins vegna aðgerða bandarískra sérsveitarmanna á síðasta ári í borginni Abottabad, þar sem ráðist var inn á heimili bin Ladens og hann drepinn, heldur einnig vegna fjölmargra árása bandaríska hersins í Pakistan sem sumar hverjar hafa kostað almenna borgara og pakistanska hermenn lífið.

Lögmenn og ættingjar Afridis sögðu fyrr í vikunni að hann væri saklaus og dómnum yrði áfrýjað en sögðust þá ekki hafa séð sjálfan dómsúrskurðinn.

Afridi var um tíma héraðslæknir í Khyber þar sem uppreisnarforinginn Mangal Bagh og liðsmenn hans njóta víðtæks stuðnings meðal almennings en hafa átt í átökum við pakistanska herinn. Það var dómstóll í Khyber sem dæmdi Afridi fyrir aðstoð við samtök Mangal Baghs. **- gb**



**ÆTTINGJAR OG LÖGMENN AFRIDIS** Höfðu ekki séð dómsúrskurðinn þegar þau mótmæltu dómnum fyrr í vikunni. NORDICPHOTOS/AFP

Könnun á reykingum í ESB:

# Rúmur fjórðungur reykir

**HEILSA** Rúmur fjórðungur ESB-búa yfir 15 ára aldri, 28%, reykir tóbak að staðaldri, og 70% þeirra sem reykja taka upp þann sið fyrir 18 ára aldur. Þetta kemur fram í nýrri könnun Eurobarometer, en þetta er svipað hlutfall og var í sömu könnun árið 2009.

Um helmingur aðspurðra hefur einhvern tíma reykt og um 60% reykingamanna hefur reynt að hætta.

Framkvæmdastjóri heilsuverndarmála hjá ESB segir í yfirlýsingu að þetta séu sannarlega slæm tíðindi, en þó sé ánægjulegt að sjá að almennur stuðningur sé við hertar reglur um sölu og markaðssetningu á tóbaki. **- þj**

Beitti mann heimilisofbeldi:

# 72 ára í fangelsi fyrir ofbeldi

**SVÍÞJÓÐ** **72 ára gömul norsk kona hefur verið dæmd í þriggja ára fangelsi fyrir að hafa beitt eiginmann sinn ofbeldi í tugi ára. Maðurinn lést í fyrra.**

**Undirréttur í norðurhluta Noregs komst að þeirri niðurstöðu að konan hefði beitt manninn andlegu og líkamlegu ofbeldi frá 1969 til 2010. Börn hjónanna báru vitni um að móðir þeirra hefði oft ráðist á föður þeirra.**

**Málið var fyrst rannsakað eftir að konan sakaði manninn um ofbeldi. Þegar rannsóknin hófst kom hins vegar í ljós að málinu var öfugt farið.** **- þeb**

## REYKJAVÍK

### Lokað í laug vegna móts

Fram til 2. júní verða takmarkanir á opnun Sundhallar Reykjavíkur vegna sundmóts. Opið verður í potta og sturtur allan daginn. Í dag er lokað milli 11 og 17, á morgun milli 16 og 18 og á laugardag er laugin lokuð frá 13 til 15.

# Ný framboð ná ekki vopnum

**Sjálfstæðisflokkurinn mælist með langmest fylgi í skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Stjórnarflokkarnir eru samanlagt með stuðning tæps fjórðungs kjósenda. Ný framboð ná alls sex mönnum á þing.**

**KÖNNUN** Þó fimm ný framboð séu nú að búa sig undir kosningar á næsta ári hafa þau ekki náð vopnum sínum, samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Tvö af nýju framboðunum, Björt framtíð og Dögun, myndu ná þremur mönnum á þing hvort yrðu niðurstöður kosninga í takti við könnunina. Önnur myndu ekki ná sínu fólki á þing. Rétt er að geta þess að langt er til kosninga og ný framboð ekki farin að kynna stefnu og frambjóðendur fyrir kjósendum.

Sjálfstæðisflokkurinn mælist sem fyrr með mesta fylgið. Alls segjast 43,7 prósent styðja flokkinn. Stuðningur við flokkinn hefur lítið breyst frá síðustu könnun Fréttablaðsins, sem gerð var í apríl. Þá sögðust 42,6 prósent styðja flokkinn, sem fékk 23,7 prósenta fylgi í þingkosningunum 2009.

Verði niðurstöður kosninga í takt við könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 fengi Sjálfstæðisflokkurinn 31 þingmann, nær tvöfalt fleiri en þá 16 sem flokkurinn hefur á að skipa í dag.

Framsóknarflokkurinn nýtur meiri stuðnings en Samfylkingin í könnuninni. Nú segjast 15,8 prósent styðja Framsóknarflokkinn. Það er örlítið meira en í síðustu könnun, þegar 14,6 prósent sögðust styðja flokkinn, sem fékk 14,8 prósenta fylgi í síðustu kosningum.

Miðað við þetta fengi flokkurinn 11 þingmenn, en er með 9 í dag.

Samfylkingin mælist nú með stuðning 13,6 prósenta, og hefur lækkað úr 14,8 prósentum í síðustu könnun. Fallið er þó mun meira frá kosningunum 2009 þegar 29,8 prósent studdu flokkinn.

Færu kosningar á sama veg fengi Samfylkingin níu þingmenn, en er með 20 í dag.

Hinn stjórnarflokkurinn, Vinstri græn, myndi heldur ekki ríða feitum hesti frá kosningum ef kosið yrði nú. Alls sögðust 9,2 prósent styðja flokkinn í könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Það eru heldur fleiri en í síðustu könnun, þegar 8,6 prósent sögðust styðja flokkinn, en langt undir 21,7 prósenta kjörfylgi.

Vinstri græn fengju sex þingmenn, helminginn af þeim tólf sem flokkurinn er með í dag, yrði þetta niðurstaða kosninga.

Björt framtíð nýtur mests fylgis af nýjum framboðum sem standa kjósendum til boða. Um 5,3 prósent segjast myndu kjósa flokkinn, heldur færri en í apríl, þegar 7,2 prósent studdu hann. Þetta myndi skila flokknum þremur þingsætum í kosningum.

Samstaða fengi svipað fylgi, 5,1 prósent, og sama fjölda þingmanna. Stuðningur við flokkinn er svipaður og í apríl, þegar 6 prósent sögðust styðja flokkinn.

Aðrir flokkar myndu ekki ná mönnum á þing. Hægri-grænir njóta könnuninni stuðnings 3,9 prósenta og 2,7 prósent myndu kjósa Dögun. Enginn af þeim 800 sem tóku þátt í könnuninni ætlaði að kjósa Lýðfrelsisflokkinn.

**brjann@frettabladid.is**

## Fylgi Sjálfstæðisflokksins ofmetið?

Líklegt verður að teljast að fylgi Sjálfstæðisflokksins mælist hærra en það er í raun og veru í könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2, og sé í raun um 40 prósent, ekki nærri 44 prósent eins og könnunin sýnir. Þetta má sjá sé rýnt í svör þeirra sem þátt taka í könnuninni. Í könnuninni er spurt í þrígang. Þeir sem segjast óvissir eru spurðir tvisvar til viðbótar, eins og fram kemur hér til hliðar. Séu svör þeirra sem sögðust óvissir í fyrstu spurningunni en tóku síðar afstöðu til flokks skoðuð sést að þeir eru mun ólíklegri til að kjósa Sjálfstæðisflokkinn en aðra flokka.

Sú aðferðafræði sem notuð er við útreikning á niðurstöðum könnunarinnar er hönnuð af sérfræðingum Háskóla Íslands. Hún gerir þó ekki ráð fyrir því að svo stór hluti þeirra sem þátt taka, um 40 prósent, gefi ekki upp afstöðu til eins flokks.

Með því að greina frekar afstöðu þeirra sem sögðust óákveðnir í fyrstu spurningunni má leiða að því líkur að fylgi Framsóknarflokksins sé um 16 prósent og stuðningur við Sjálfstæðisflokkinn um 40 prósent. Þá er líklegt að tæplega 16 prósent styðji Samfylkinguna og 10 prósent Vinstri græn. Fylgi við Bjarta framtíð er samkvæmt þessu um 6 prósent og Samstaða nýtur 5 prósenta stuðnings. Þá myndu samkvæmt þessu um 2,7 prósent styðja Dögun og 3,9 prósent Hægri græna.

## Fylgi stjórnmálaflokkanna




HEIMILD: SKOÐANAKÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS OG STÖÐVAR 2 DAGANA 23. OG 24. MAÍ 2012

## Aðferðafræðin

Hringt var í 1.326 manns þar til náðist í 800 manns samkvæmt lagskiptu úrtaki miðvikudaginn 23. maí og fimmtudaginn 24. maí. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til þingkosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var að lokum spurt: Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn eða einhvern annan flokk? Alls tóku 60,8 prósent í afstöðu til spurningarinnar.

BM·VALLÁ

bmvalla.is



# Frí landslagsráðgjöf til 1. júní

**Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir,** landslagsarkitekt okkar, veitir viðskiptavinum ráðgjöf og aðstoð við mótun hugmynda og útfærslu.

**Ráðgjöfin er án endurgjalds til 1. júní nk.**

Eftir 1. júní eru greiddar 5.000 kr. fyrir ráðgjöfina. Ráðgjöfin fæst endurgreidd ef vörur til framkvæmdanna eru keyptar hjá BM Vallá.

Hafðu samband við sölufulltrúa okkar og pantaðu tíma.



**Komdu til okkar og fáðu hugmyndir fyrir garðinn þinn.**

BM Vallá ehf.
Breiðhöfða 3
110 Reykjavík
Sími: 412 5050
sala@bmvalla.is


SUMAR
LEIKUR
Disney
SAFNAÐU
ÞREMUR
LUKKUSEÐLUM
JÓAKIMS!
Vertu með í allt sumar!
Þú gætir unnið!
NÁÐU ÞÉR Í
DISNEY-BÆKUR
Með Disney-bókum og blöðum fylgir lukkuseðill Jóakims. Þú safnar þremur lukkuseðlum og sendir okkur, hver veit nema þú dettir í lukkupottinn í sumar!
GLÆSILEGIR
VINNINGAR!
Disney-iPad, 3x50.000.- frá Arion banka*, Disney-áskriftir, Disney-bækur, Mikka Mús heyrnartól, 10x10.000.- frá Arion banka* og margt fl.
DREGIÐ ÚR YFIR 200
VINNINGUM
Í SUMAR!
Andrés Önd
WWW.ANDRÉSÖND.IS
©Disney / Pixar

**FRÉTTASKÝRING:** Kostnaður við mismunandi Icesave-samninga

# Icesave III hefði kostað ríkissjóð 59 milljarða

**Hefðu Íslendingar samþykkt Icesave-samningana í seinni þjóðaratkvæðagreiðslunni hefði hreinn kostnaður ríkissjóðs orðið 59 milljarðar að mati fjármálaráðuneytisins. Allra versta niðurstaða dómsmáls fyrir EFTA-dómstólnum gæti þýtt að minnsta kosti 1.300 milljarða kostnað.**

Fjármálaráðuneytið hefur tekið saman upplýsingar um hvaða kostnaður hefði fallið á ríkissjóð við fjórar mismunandi niðurstöður eða lausnir á Icesave-deilunni. Greiningin var unnin fyrir Svavar Gestsson sem fór fyrir samninganefnd Íslands í samningum um málið árið 2009.

### Minnisblað

Ráðuneytið skoðar kostnað við fjórar mögulegar lausnir. Í fyrsta lagi áritað minnisblað (Memorandum of Understanding) sem Árni Mathiesen, þáverandi fjármálaráðherra, ritaði undir í október 2008. Það fól í sér ábyrgð íslenskra stjórnvalda á tryggðum lágmarksinnstæðum, um 670 milljarða króna. Vaxtagreiðslur skyldu hefjast í ársbyrjun 2009. Engar afborganir yrðu fyrstu árin, en þá tækju við jafnar afborganir í 7 ár. 6,7% vextir reiknast frá ársbyrjun 2009 til 2019.

### Icesave Ia

Í öðru lagi Icesave-samningar Svavarsnefndarinnar frá 2009. Ólíkt minnisblaðinu var nú gert ráð fyrir að endurheimtur úr búi Landsbankans rynnu til afborgana af höfuðstól skuldbindingarinnar jafnóðum og greitt væri úr búinu.

Engar afborganir né vaxtagreiðslur yrðu fyrstu 7 árin, en næstu 8 árin, frá miðju ári 2016, yrðu jafnar afborganir og vaxtagreiðslur. Miðað var við 5,55% frá ársbyrjun 2009 til 2024.

### Icesave Ib

Í þriðja lagi tilboð Breta og Hollendinga um breytingu á samningnum, en í því var gert ráð fyrir vaxtahléi út árið 2009. Vextir yrðu því reiknaðir frá ársbyrjun 2010 í stað ársbyrjun 2009. Að öðru leyti eru forsendur þær sömu og við Icesave Ia. Þessi niðurstaða var felld í fyrri þjóðaratkvæðagreiðslunni um Icesave.

### Iceasave III

Að síðustu mat ráðuneytið kostnað af Icesave-samningnum Buchheit-nefndarinnar, sem gerðir voru árið 2010. Þar var einnig gert ráð fyrir að endurheimtur rynnu til afborgana af höfuðstól jafnóðum og greitt yrði úr þrotabúinu.

Gert var ráð fyrir að afborganir hæfust 2016, en vextir yrðu greiddir frá og með 2011. Þá var einnig gert ráð fyrir greiðslu það ár á uppsöfnuðum vöxtum áranna 2009 og 2010. Vaxtahlé yrði fyrstu þrjá ársfjórðunga 2009 og vextirnir, að meðaltali 3,2%, reiknuðust frá byrjun október 2009 þar til uppgjöri yrði að fullu lokið.

### Greining kostnaðar

Fjármálaráðuneytið greinir eftirfarandi þætti varðandi kostnað við hverja lausn fyrir sig:

- Höfuðstól skuldbindingarinnar gagnvart Bretum og Hollendingum og afborganir samkvæmt því sem umsamið er í hverju tilviki.
- Áfallna vexti samkvæmt vaxtaprósentu samningsins og ákvæðum um vaxtahlé.
- Endurheimtur upp í forgangskröfur í þrotabúið samkvæmt upplýsingum frá slitastjórn.
- Þá fjárhæð sem Tryggingarsjóður innstæðueigenda hefði greitt út í forgangskröfur.

### Mikið undir

Íslendingum hefur verið stefnt fyrir EFTA-dómstólinn vegna málsins. Erfitt er að meta mögulegan kostnað, en allra versta niðurstaða væri sú að Íslendingar yrðu dæmdir sekir fyrir mismunun samkvæmt þjóðerni. Þá þyrfti að greiða innstæður að fullu, um 1.300 milljarða króna, væntanlega með vöxtum.

## Hreinn kostnaður vegna Icesave

**ásamt öðrum útgjöldum ríkissjóðs**






**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
kolbeinn@frettabladid.is

| ICESAVE - kostnaðarmat (ma.kr.) | Icesave I<br>MoU 2008<br>6,7% vextir<br>10 ára lán | Icesave II<br>Samningur 2009<br>5,55% vextir<br>15 ára lán | Icesave II B<br>Tillaga að samningi 2009<br>5,55% vextir + vaxtahlé<br>15 ára lán | Icesave III<br>Samningur 2011<br>3% og 3,3% vextir<br>Sveigjanlegt |
|---|---|---|---|---|
| **Heildarskuldir og endurheimtur á gengi krónunnar 22. apríl 2009** | | | | |
| Heildarforgangskröfur | 1.323 | 1.323 | 1.323 | 1.323 |
| Innlán einstaklinga að meðtöldum vaxtakröfum | 1.174 | 1.174 | 1.174 | 1.174 |
| Heildsöluinnlán | 146 | 146 | 146 | 146 |
| Peningamarkaðsreikningar | 4 | 4 | 4 | 4 |
| Heildarendurheimtur | 1.389 | 1.389 | 1.389 | 1.389 |
| **Skuldir og endurheimtur TIF á gengi krónunnar 7. des. 2011** | | | | |
| Skuldbinding TIF* | 633 | 633 | 633 | 651 |
| Endurheimtur TIF úr búi LBI | 651 | 651 | 651 | 651 |
| Endurheimtuhlutfall | 110% | 103% | 103% | 100% |
| **Kostnaður ríkissjóðs á gengi krónunnar 7. des. 2011** | | | | |
| Eftirstöðvar af höfuðstól að loknum endurheimtum | -18 | -18 | -18 | 0 |
| Heildarvaxtakostnaður | 291 | 230 | 168 | 79 |
| Eign TIF | -21 | -21 | -21 | -21 |
| Hreinn kostnaður ríkissjóðs | 253 | 191 | 129 | 59 |
| Hreinn kostnaður ríkissjóðs, núvirtur* | 220 | 124 | 84 | 47 |
| Hreinn kostnaður ríkissjóðs, núvirtur** | 13,40% | 7,60% | 5,10% | 2,80% |

*(á 6% vöxtum) **(á 6% vöxtum) % af VLF 2011





ÚTILÍF
OPNUNARTILBOÐ
Í TJALDALANDI
TJALDALAND ÚTILÍFS ER VIÐ HLIÐINA Á TBR-HÖLLINNI VIÐ GLÆSIBÆ
UPPSETT TJÖLD TIL SÝNIS ALLA VIRKA DAGA FRÁ KL. 10-17. FLEIRI UPPLÝSINGAR Á WWW.UTILIF.IS
TILBOÐ: 26.990 / 34.990 KR.
HIGH PEAK COMO 4 OG 6 MANNA
Tvískipt innratjald með fortjaldi á milli. Vatnsvörn 2.000 mm. Yfirlímdir saumar. Hæð 190/200 cm.
Almennt verð: 32.990 kr. / 42.990 kr.
TILBOÐ: 46.990 KR.
HIGH PEAK ANCONA 5 MANNA
Rúmgott fjölskyldutjald. Vatnsvörn 3.000 mm. Yfirlímdir saumar. Dúkur í fortjaldi. 2 inngangar. Hæð 200 cm.
Almennt verð: 56.990 kr.
TILBOÐ: 68.990 KR.
HIGH PEAK NEBRASKA 5 MANNA
Rúmgott fjölskyldutjald með áföstum gólfdúk. Vatnsvörn 3.000 mm. Yfirlímdir saumar. 2 inngangar. Hæð 190 cm.
Almennt verð: 79.990 kr.
TILBOÐ: 26.990 KR.
HIGH PEAK IKARIA 4 MANNA
Braggatjald með áföstum dúk. Stöðugt í vindi. Vatnsvörn 3.000 mm. Yfirlímdir saumar. 2 inngangar. Hæð 130 cm.
Almennt verð: 32.990 kr.
TILBOÐ: 13.990 KR.
HIGH PEAK NEVADA 3 MANNA
Sígilt 3 manna kúlutjald með fortjaldi. Vatnsvörn 2.000 mm. Yfirlímdir saumar. Hæð 120 cm.
Almennt verð: 16.990 kr.
TILBOÐ: 18.990 / 19.990 KR.
HIGH PEAK CAVE 2 OG 3 MANNA
Göngutjald sem er auðvelt í uppsetningu og aðeins 2,9 kg. Vatnsvörn 2.000 mm. Yfirlímdir saumar. Fíbersúlur. Hæð 90 cm.
Almennt verð: 22.990 kr. / 24.990 kr.
TILBOÐ: 49.990 KR.
THE NORTH FACE TADPOLE 2 MANNA
Létt göngutjald 2,4 kg. Vatnsvörn 1.500 mm taffeta. Botn 5.000 mm taffeta. Álsúlur. Hæð 100 cm.
Almennt verð: 59.990 kr.
TILBOÐ: 69.990 KR.
HIGH PEAK NUNATAK 3 MANNA
Göngutjald með góðu fortjaldi og áföstum dúk. Vatnsvörn 4.000 mm. Botn 5.000 mm. Álsúlur. Hæð 110 cm. Þyngd 3,9 kg.
Almennt verð: 84.990 kr.
NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS

# neytendur
hagur heimilanna

**515 KRÓNUR** var meðalverðið á kílói af tekexi í maí samkvæmt mælingu Hagstofu Íslands. Verðið er næstum það sama og í maí 2006, sem var 510 krónur.

## GÓÐ HÚSRÁÐ

*Geymið salatið í eldhúspappír*



Salat sem er selt í pokum blotnar fljótt og verður ólystugt sé það geymt í umbúðunum. Til þess að koma í veg fyrir slíkt er gott að geyma salatið í eldhúspappír í íláti. Örk af pappírnum er sett neðst í ílátið og salat ofan á. Síðan er önnur örk af pappír sett ofan á og salat þar ofan á. Með þessari geymsluaðferð fer vökvinn í salatinu í pappírinn og salatið helst betur ferskt.

■ **Heilsa**

## Munnskol getur skaðað heilsuna



Munnskol inniheldur oft bakteríudrepandi efni og séu þau tekin inn í of miklum mæli getur myndast þol gegn sýklalyfjum. Þetta eru niðurstöður rannsóknar Anne Scheie, prófessors og tannlæknis, sem greint er frá á vef danska ríkisútvarpsins. Scheie varar við notkun munnskols. Hún segir að heilbrigðir einstaklingar þurfi ekki að nota slíka vöru. Þeir eigi í staðinn að læra að nota tannbursta og tannþráð rétt.


## Aðalfundur Klakka ehf.

8. júní 2012

Aðalfundur Klakka ehf. verður haldinn föstudaginn 8. júní 2012 að Ármúla 3, 5. hæð, Reykjavík, og hefst fundurinn kl. 13:00.

**Dagskrá:**

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins árið 2011.
2. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2011 ásamt skýrslu endurskoðenda lagður fram til staðfestingar. Ákvörðun um greiðslu arðs og jöfnun taps fyrir síðastliðið reikningsár.
3. Kosning stjórnar.
4. Kosning endurskoðunarfélags.
5. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
6. Tillaga stjórnar um að samþykkja starfskjarastefnu Klakka ehf.
7. Önnur mál.

Tillögur frá hluthöfum sem bera á upp á aðalfundi skulu vera komnar í hendur stjórnarinnar eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund.

Framboð til stjórnar félagsins skal berast skriflega til stjórnar eigi síðar en fimm dögum fyrir aðalfund.

Fundargögn verða afhent á aðalfundardegi frá kl. 12:30 á fundarstað.

Reykjavík, 31. maí 2012.
Stjórn Klakka ehf.

klakki

Klakki ehf.
Síðumúla 28
108 Reykjavík
Sími 550 8600
www.klakki.is


# Skór sem ekki passa valda meiðslum

**Taka á tillit til líkamsþyngdar og hlaupastíls þegar hlaupaskór eru keyptir. Skaði getur hlotist af ef hlaupaskórnir eru orðnir of gamlir eða eru ekki réttrar gerðar. Nokkurra mínútna hlaup í sérstöku greiningartæki í verslun gefur ekki endilega til kynna hvort þörf er á innan- eða utanfótarstuðningi.**



**SKOKKAÐ** Þeir sem hlaupa oftar en þrisvar í viku ættu að eiga fleiri en eitt par af hlaupaskóm til þess að þeir endist betur, að því er segir á vef verslanakeðjunnar Löplabbet. NORDICPHOTOS/GETTY

Norski sjúkraþjálfarinn Hege Godheim, sem hefur sérhæft sig í fótameiðslum, segir í viðtali á vef viðskiptablaðsins Dagens Næringsliv að ein af algengustu ástæðunum fyrir hlaupameiðslum sé vegna þess að keyptir eru skór sem ekki passa.

Godheim dregur í efa ágæti þess að kaupa skó eftir nokkurra mínútna hlaup í greiningartæki í verslun. Hún segir að þá hlaupi viðskiptavinurinn aðeins í nokkrar mínútur. Það sé auðvitað betra en ekkert. Hins vegar sýni bæði rannsóknir og reynslan að röng lending komi betur í ljós eftir hálfrar klukkustundar hlaup eða þegar menn eru farnir að þreytast.

Sjúkraþjálfarinn segir það mikilvægt að velja skó eftir eigin hlaupastíl en ekki eftir því hvernig menn vilji hlaupa. Það geti verið erfitt og tímafrekt að breyta um stíl. „Maður á að segja frá því í versluninni ef maður er ekki léttur á fæti og verður þreyttur eftir 15 til 20 mínútna hlaup,“ segir hún. Jafnframt sé nauðsynlegt að greina afgreiðslumanni frá þeim meiðslum sem hlotist hafa við hlaup. Við kaupin eigi að hafa í huga hvort hlaupið sé á malbiki eða möl, hver líkamsþyngdin er, hvernig lendingin er eftir helming vegalengdarinnar, hversu oft er hlaupið og hversu langt.

Á fréttavef norska ríkisútvarpsins bendir Joakim Særheim sjúkraþjálfari á að mikilvægt sé að reima hlaupaskóna rétt til þess að koma í veg fyrir meiðsl. Reima eigi skóna fast en ekki þannig að það sé óþægilegt. Einnig eigi að reima skóna eins hátt upp á ristina og mögulegt er þar sem það dregur úr álaginu á fótinn.

Tor Fauske, framkvæmdastjóri verslanakeðjunnar Löplabbet, ráðleggur þeim sem ætla að kaupa nýja hlaupaskó að taka þá gömlu með sér í verslunina. Þeir geti gefið vísbendingu um hlaupastílinn. Hann bætir því við að skórnir eigi að vera þægilegir strax í fyrsta skokktúrnum.

Godheim segir ekki skynsamlegt að kaupa hlaupaskó á laugardögum þar sem þá sé oft við störf afleysingafólk sem mögulega hafi ekki jafnmikla reynslu og þekkingu og aðrir starfsmenn.

ibs@frettabladid.is


# Samfélagsstyrkir Landsbankans

Landsbankinn veitir 10 milljónir króna í samfélagsstyrki, til 20 verkefna í fyrri úthlutun fyrir árið 2012.

Umsóknarfrestur til 4. júní.

Nánari upplýsingar á landsbankinn.is.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000


**NEYTANDINN:** JÓN JÓSEP SNÆBJÖRNSSON SÖNGVARI

## *Skoda Octavia bifreið Jónsa framleiðir eldsneyti*



Bestu kaup sem Jón Jósep Snæbjörnsson, betur þekktur sem Jónsi Í svörtum fötum Eurovision-fari, hefur gert um ævina eru tveir Skoda Octavia Dieselbílar. Spurður hvers vegna segir hann þá einfaldlega framleiða eldsneyti. „Þeir eyða ekki eldsneyti, það þarf að tappa af þeim!“ Þessir bílar eru fjölskyldubílarnir á heimili Jónsa og hafa reynst þeim mjög vel. „Þetta eru alveg dýrindis bifreiðar, bila aldrei og „lúkka“ æðislega.“

Jónsi fer að hlæja þegar hann er spurður hver hans verstu kaup séu. „Ég held að það hafi verið BMW-bifreið. Sú gerði sér lítið fyrir og stútaði gírkassa sem kostaði helminginn af virði bílsins.“ Þann bíl átti Jónsi í tvö ár áður en hann seldi hann og keypti Skoda Octavia. „Og í dag á ég tvo þannig.“

Þjóðskrá Íslands:

## Fleiri vegabréf útgefin í ár

**STJÓRNSÝSLA** 4.244 íslensk vegabréf voru gefin út af Þjóðskrá Íslands í aprílmánuði. Til samanburðar voru gefin út 3.882 vegabréf í apríl 2011. Útgefnum vegabréfum fjölgar því um rúm níu prósent milli ára.

Þessi aukning skýrist meðal annars af því að hinn 23. maí 2006 styttist gildistími almennra vegabréfa úr tíu árum í fimm þegar örgjörva var bætt í öll nýútgefin vegabréf.

Í maí á síðasta ári runnu fyrstu vegabréfin með örgjörva út. **- þj**

Hæstaréttardómarinn Jón Steinar Gunnlaugsson ósáttur við grein í Þýskalandi:

# Stefnir Þorvaldi fyrir meiðyrði

**DÓMSMÁL** Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómari hyggst stefna Þorvaldi Gylfasyni fyrir dóm vegna greinar sem hann skrifaði og birti í ritröð háskólans í München í Þýskalandi í mars. Jón Steinar telur að Þorvaldur hafi með henni vegið að æru hans.

Jón Steinar ritaði grein um málið í Morgunblaðið í gær. Það snýst um greinina From Collapse to Constitution – The Case of Iceland, þar sem Þorvaldur fjallar meðal annars um þá ákvörðun Hæstaréttar að ógilda kosninguna til stjórnlagaþings.



**JÓN STEINAR GUNNLAUGSSON**



**ÞORVALDUR GYLFASON**

Í greininni segir Þorvaldur að orðrómur gangi meðal íslenskra lögfræðinga um að einn af dómurum Hæstaréttar, sem hafi verið staðfastur flokksmaður áður en hann var skipaður dómari og þá tekinn fram yfir þrjá hæfari umsækjendur, hafi lagt drög að einni af kærunum sem Hæstiréttur, með sama dómara í broddi fylkingar, tók til meðferðar og endaði með ógildingu kosninganna.

„Það er ljóst af textanum að þessu skeyti prófessorsins er beint að mér,“ skrifar Jón Steinar. Framferðið sem hann sé sakaður um sé áreiðanlega refsivert og hlyti að varða embættismissi. Hann neyðist því til að höfða meiðyrðamál á hendur Þorvaldi og muni krefjast ítrustu refsingar og miskabóta. **- sh**



**HLÉBARÐI ÚR SJÁLFHELDU** Þessi hlébarði átti ekki í vandræðum með að fara upp stiga, sem hafði verið settur niður til hans svo hann kæmist upp úr vatnstanki á Indlandi. NORDICPHOTOS/AFP



**LAUGAVEGUR 77** Byggingarreitur er á baklóðinni.

Breytingar á Laugavegi 77:

## Vilja reisa hótel á bankabaklóð

**SKIPULAGSMÁL** Óskað hefur verið eftir heimild til að byggja hótel á Laugavegi 77, þar sem meðal annars Landsbankinn hefur verið til húsa um árabil.

Í umsögn skipulagsstjóra Reykjavíkur um erindið er bent á að í deiliskipulagi fyrir nýbyggingu á umræddri lóð séu skilmálar um verslanir, þjónustustarfsemi, skrifstofur og íbúðir.

Lagt er til að skilmálum verði breytt þannig að hótel eða íbúðir verði á efri hæðum en verslanir og slíkt á jarðhæðinni í væntanlegri nýbyggingu. **- gar**

Dani fyrir rétti í Óðinsvéum:

## Hjálpaði föður við sjálfsmorð

**DANMÖRK Danskur maður er nú fyrir dómi í Óðinsvéum ákærður fyrir að aðstoða helsjúkan föður sinn við að binda enda á líf sitt.**

**Í dönskum miðlum segir að slík dómsmál séu afar fáheyrð, en fyrir fram er búist við því að sonurinn muni játa sekt.**

**Hann er kærður fyrir að hafa blandað 94 morfíntöflum út í jógúrt sem faðir hans lagði sér svo til munns og lést í framhaldinu. Enn er ósannað með ótvíræðum hætti að lyfin hafi dregið föðurinn til dauða.**

**Síðasta álíka mál kom upp árið 1993 þegar maður fékk hálfs árs skilorðsbundið fangelsi fyrir að aðstoða foreldra sína við að stytta sér aldur. - þj**

Nýskráning stendur í stað:

## Fjórðungi færri gjaldþrot

**ATVINNULÍF** Fyrstu fjóra mánuði ársins voru 407 fyrirtæki tekin til gjaldþrotaskipta, sem er fækkun um 23 prósent frá árinu 2011. Í apríl urðu 54 fyrirtæki gjaldþrota, flest þeirra í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð. Þetta kemur fram í gögnum Hagstofu Íslands.

Í apríl voru skráð 126 ný einkahlutafélög og er það örlítið minna en í sama mánuði í fyrra þegar 145 ný einkahlutafélög voru skráð. Á fyrstu fjórum mánuðum ársins hafa hins vegar verið nýskráð jafn mörg félög og í fyrra, eða 586. **- kóp**


Neutral®

ÞVOTTAEFNI FYRIR HVERT TILEFNI

NORDISK MILJØMÆRKNING

Dönsku astma- og ofnæmissamtökin

Astma- og ofnæmisfélagið á Íslandi mælir með vörum frá Neutral



STÓRÞVOTTUR FRAMUNDAN?

Ekkert jafnast á við Neutral Storvask til að komast til botns í þvottakörfunni. Hentar fyrir þvott af öllu tagi.



HAFÐU ÞAÐ FÍNT

Silkihönskum, ullarteppum og dúnúlpum hæfir 30 til 40 gráðu þvottur í höndum eða vél með Neutral Uld- og finvask.



NÚ ER ÞAÐ SVART

Neutral Sort vask varðveitir svartan glæsileikann svo hann tapi ekki lit sínum. Upplitað er bara ekki í tísku þessa dagana.



Létt er að flokka litríka sokka.

Fyrir alla muni, ekki láta þennan lenda í hvíta þvottinum.

NÚ ER ÞAÐ HVÍTT

Ensímin í Neutral Hvid vask losa þig við erfiða bletti og óhreinindi. Það skilar sér í björtum og hvítum þvotti. Fljótandi Neutral leysist vel upp og hentar því líka vel í handþvottinn.



HALTU LÍFI Í LITUNUM

Settu svolítið af Neutral Color í hólfið og njóttu þess að fá þvottinn jafn litríkan úr vélinni aftur. Þetta er kröftugt, þú notar bara lítið af dufti í hverja vél. Fljótandi Neutral Color endist líka og endist.



NÁNARI UPPLÝSINGAR Á NEUTRAL.IS

ÍSLENSKA SIA.IS NAT 59944 05.2012

Eru ekki allir




**WOWAIR.IS –** Reykjavík · Alicante · Basel · Berlín · Kaunas · Köben · Kraká · Köln · London · Lyon · París · Stuttgart · Varsjá · Zürich

Brandenburg

# spenntir?



## WOW air hefur sig til flugs í dag

**Góðir gestir.** Við erum á leiðinni í loftið. Um helgina hefjum við áætlunarflug til **13 áfangastaða í Evrópu** í tignarlegum Airbus A320 þotum, smekkfullum af góðri þjónustu, rúmu sætabili og ljúffengum kræsingum. Það er ekki eftir neinu að bíða – *sjáumst um borð.*

**5,6 MILLJARÐA** hagnaður varð á rekstri Íslandsbanka á fyrsta ársfjórðungi þessa árs. Eigið fé bankans nam 129,4 milljörðum í lok tímabilsins og hækkaði um fimm prósent á ársfjórðungnum.

# Reginn ætlar sér að vaxa hratt

**Fasteignafélagið Reginn, sem er að fullu í eigu Landsbankans, verður skráð á hlutabréfamarkað um miðjan júní. Um er að ræða aðra nýskráningu félags frá bankahruni og fyrsta fasteignafélagið sem fer aftur á markað. Helgi S. Gunnarsson, forstjóri Regins, sagði *Þórði Snæ Júlíussyni* frá miklum vaxtarmöguleikum, samkeppni og slæmum fjárfestingum í geiranum fyrir bankahrun.**

Reginn hefur verið starfandi frá árinu 2009. Helgi segir félagið hafa verið stofnað til að taka við fasteignum og fasteignafélögum sem Landsbankinn eignaðist í kjölfar fullnustuaðgerða. „Fyrsti stjórnarformaður Regins, Ásmundur Stefánsson, markaði mjög skýra sýn fyrir félagið í upphafi. Það átti að rekast algjörlega á viðskiptalegum forsendum og vera aðgreint frá bankanum. Þessi sýn kom sér vel þegar við vorum að undirbúa skráningu félagsins. Hluti af því ferli var að aðlaga eignasafnið þannig að það hentaði skráningu. Það höfum við til dæmis gert með því að selja allar eignir sem teljast þróunar- og uppbyggingareignir aftur til dótturfélags í eigu Landsbankans. Nú eru einungis vel tekjugefandi eignir inni í félaginu. Það er strax hæft til að skila góðum arði og hagnaði af leigutekjum.“

**Skiptist í þrjár einingar**

Reginn skiptist í þrjár einingar: Smáralind, Egilshöll og önnur atvinnuhúsnæði. Að sögn Helga er Smáralind mjög gott félag með 98 leigutaka og 98 prósent útleiguhlutfall. „Þar er langstærsti leigutakinn Hagar, skráð félag sem er ráðandi á sínum markaði. Við eigum í mjög góðu samstarfi við Haga.

Við höfum auk þess lagt mikla áherslu á að styrkja Smáralind og réðumst í markaðsátak í fyrra til að styrkja félagið með nýjum leigutökum, sem tókst afar vel. Við ætlum að halda því áfram, að stækka inn á við. Við ætlum ekki að fara að byggja við, enda er búið að byggja nóg af verslunarfermetrum á Íslandi fyrir næstu árin.“

Næststærsta eignin í safni Regins er Egilshöllin. Þar er stærsti leigutakinn Reykjavíkurborg sem leigir hluta hússins undir alls kyns íþróttastarfsemi, dagheimili fyrir fatlaða og ýmislegt annað. Auk þess leigja Sambíóin, Keiluhöllin og World Class aðstöðu í Egilshöllinni. Helgi segir að útleiguhlutfallið í Egilshöll hafi verið núll prósent þegar eignin var færð inn í Regin. Nú er það 100 prósent. „Þarna er 30 þúsund manna byggð í næsta nágrenni, nánast öll í hjólafæri. Við erum núna að fá 3.500 manns inn í húsið daglega.“

**Þýðir ekki að þenja sig**

Þriðja stoðin í Regin er annað blandað atvinnuhúsnæði. Í þeirri stoð er útleiguhlutfallið lægra en í hinum og segir Helgi það skýrast að mestu af því að þar eru nýjar eignir sem félagið hefur enn ekki komið í útleigu. Hann telur félagið hafa náð gríðarlegum árangri við að koma eignum í útleigu, sérstaklega í samstarfi við leigutaka. „Í dag ræðst enginn í fjárfestingar nema að hafa tryggt sér tekjur. Það er þannig með allt okkar húsnæði. Við ráðumst aldrei í fjárfestingar í því nema að hafa tryggt okkur tekjur. Í mörgum tilvikum höfum við gert það í samstarfi við leigutakana og það hefur gengið vel. Það er nauðsynlegt að sýna hógværð á markaðnum. Það þýðir ekki að þenja sig út í nýtingu og fjárfestingum. Það eru bara aðrir tímar.“

**Miklir vaxtarmöguleikar**

Að sögn Helga eru um 80 prósent af leigusamningunum sem Reginn hefur gert nýir. Þeir voru gerðir eftir hrun. „Margir þeirra eru því á mjög lágu verði. En í því felast líka tækifæri fyrir vöxt og auknar tekjur. Eiginfjárhlutfall okkar í dag er 35 prósent. Í fjárfestingastefnu félagsins segir að það ætli að vaxa og á vaxtartímabilinu ætlar Reginn að viðhalda því hlutfalli yfir 25 prósentum. Við erum því þegar með sveigjanleika til að fjárfesta í nýjum eignum. Félagið á lausafé upp á tvo milljarða króna, það skilar góðum arði á hverju ári og við ætlum að nýta það fé til að vaxa. Áætlanir miða við að eignasöfnin okkar geti vaxið um 30 prósent á næstu tveimur árum án þess að félagið þurfi að leita nýs hlutafjár.“

Hann telur mikil tækifæri liggja í því að stækka eignasafnið ef tækifæri gefast og jafnvel taka yfir önnur fasteignafélög sem eru sum hver löskuð eftir bankahrunið og hafa ekki gengið í gegnum þá endurskipulagningu sem þau hafa þurft á að halda. „Við erum næststærsta félagið í dag. Reitir, samkeppnisaðili okkar, er stærsta félagið. Það er búið að endurskipuleggja allt eignasafnið hjá okkur og bókfært virði eigna er allt samkvæmt stöðlum. Það er mjög varfærið mat. Reitir eiga eftir að fara í gegnum endurskipulagningu. En við teljum að það sé rúm fyrir þrjú öflug félög á markaðnum. Fasteignafélög þurfa að vera sterk og því þarf að sækja fram. Það verður þó að horfa svakalega vel á arðsemi verkefna. Það má ekki ráðast í fjárfestingar sem ekki skila tekjum. Það var eitt af því sem olli þessu hruni hjá okkur, það var fjárfest án þess að til væru tekjur á móti.“

**Mikil samkeppni**

Ljóst er að mikil samkeppni verður á næstunni á milli félaga og sjóða sem sérhæfa sig í kaupum á atvinnuhúsnæði. Hún kemur til af tvennu; miklu framboði af slíkum fasteignum og litlu framboði af fjárfestingartækifærum fyrir fagfjárfesta. MP banki tilkynnti til að mynda um stofnun Fasteignasjóðs Íslands fyrr í þessum mánuði, Stefnir, sjóðstýringarfyrirtæki í eigu Arion banka, hefur sett á fót framtakssjóð sem fjárfestir í atvinnuhúsnæði og Íslandsbanki tilkynnti í gær um stofnun fasteignafélagsins FAST-1 í samvinnu við lífeyrissjóði og Tryggingamiðstöðina.

Helgi hræðist ekki samkeppnina. „Það er lykilatriði fyrir fasteignamarkaðinn að félag eins og okkar sé skráð á markað. Það vinnur að eðlilegri samkeppni. Ég sé samt ekki hvernig sum þessara félaga eiga að ganga með góðu móti. Það er ekki nóg að taka eignasöfn inn í sjóði. Það þarf að reka þessar fasteignir, sinna viðhaldi og svo framvegis. Þetta er flókinn rekstur. Ég sé ekki alveg fyrir mér hvernig fyrirkomulagið á að vera í þessum fasteignasjóðum. Það þarf að reka fasteignirnar með alvöru félögum til að fasteignasöfnin skili sem mestum árangri.“



**VILJA VAXA** „Áætlanir miða við að eignasöfnin okkar geti vaxið um 30 prósent á næstu tveimur árum án þess að félagið þurfi að leita nýs hlutafjár,“ segir Helgi S. Gunnarsson, forstjóri Regins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Lykilstærðir hjá Regin

| | |
|---|---|
| Fjöldi fasteigna | 30 |
| Fjöldi leigutaka | 174 |
| Útleiguhlutfall | 94% |
| Meðallengd leigusamninga | 8,4 ár |
| Áætlaðar rekstrartekjur 2012 | 3,3 ma kr. |
| Vaxtaberandi skuldir | 17,9 ma. kr. |
| Virði fjárfestingaeigna | 25,7 ma. kr. |
| Handbært fé | 2,1 ma. kr. |
| Áætlað virði hlutafjár* | 15-18,3 ma. kr. |

*Samkvæmt verðmati sem fyrirtækjaráðgjöf Virðingar vann.

## Ætla ekki að selja hlut til kjölfestufjárfestis

Allt hlutafé Landsbankans í Regin verður selt í útboði dagana 18. og 19. júní næstkomandi. 65 prósent þess verður selt til fagfjárfesta og verður tilboðsgengið 10,9 til 14,1 króna á hlut. 35 prósenta hlutur verður síðan seldur á útboðsgengi eða tilgreindu hámarksgengi í gegnum áskriftir að kaupverði á bilinu 100 þúsund til 50 milljónir króna.

Því mun Landsbankinn ekki selja hlut til kjölfestufjárfestis eins og gert var með Haga, fyrsta nýskráða félagið eftir hrun. Helgi segir það hafa verið ákvörðun eigandans, Landsbankans, að fara þessa leið. „Það hefur oft verið leitað eftir kjölfestufjárfestum, með mjög misjöfnum árangri. Við þekkjum það fyrir hrun hvernig það fór. Í okkar tilviki á markaðurinn að vinna vinnuna sína og það munu í kjölfarið örugglega myndast einhverjir kjölfestuaðilar, til dæmis lífeyrissjóðir, sem gætu unnið saman í að styrkja svona félag og koma að stjórn þess samkvæmt þeim leikreglum sem gilda á hlutabréfamarkaði. Það þarf að heyrast í eigendum og þeir þurfa að vera sterkir bakhjarlar. Það er hins vegar ekki síður mikilvægt að tryggja hagsmuni smærri hluthafa. Landsbankinn er þarna að sýna gott fordæmi og að hann þorir að hugsa öðruvísi með því að leita ekki að kjölfestufjárfesti heldur að fara með allt í útboð.“



**BARFOTA blómapottar 195,-/stk.**
H13cm. Röndótt/grænt




**FJÓLUR** sumarblóm
Ýmsir litir **895,-/10 í pk.**




**745,-**
**NELLIKA** sumarblóm



**TROSSÖ** blómapottar
H30 og 29cm. Hvítt **4.490,-/stk.**

# Allir út í ræktina!




**TÓBAKSHORN**
sumarblóm
Ýmsir litir **745,-**




© Inter IKEA Systems B.V. 2012

**1.590,-**
**GARÐLILJA**
fjölært
sumarblóm





**TILBOÐ**
**BUXUS**
1.290,-
~~1.690,-~~

**HÖSTÖ blóma-pottur 595,-**
H19cm. Svart
*Keðja og krókur fylgir; hægt að hafa hangandi*




**MARGARÍTA** sumarblóm
Ýmsir litir **895,-**



*Skoðaðu úrvalið af ávaxtatrjám í versluninni*




**STJÚPUR** sumarblóm
Ýmsir litir **795,-/10 í pk.**



**HÖSTÖ** fötur/blómapottar
10L. Ýmsir litir **1.690,-/stk.**

**TILBOÐ**
**Plómutré** 6.990,-
~~8.490,-~~

**795,-**
**SÓLBOÐI** sumarblóm. Ýmsir litir



**JARÐARBERJAPLANTA**
matjurt **895,-**



**KRYDDJURTIR**
blandaðar tegundir **895,-**

**Sterkir vængir**
með frönskum og gráðaostasósu eða sterkri sósu



**695,-**



**ÖSTLIG** blómapottar
H50cm. Ýmsir litir **6.990,-/stk.**



**745,-**
**LÓBELÍA** sumarblóm

IKEA®

**Verslun opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - **www.IKEA.is**

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Lífeyrissjóðirnir eru með Stokkhólmsheilkenni:

## Að elska kvalarann

Nýverið samþykkti aðalfundur Bakkavarar Group að heimila bræðrunum Ágústi og Lýð Guðmundssonum að eignast allt að fjórðung í félaginu að nýju. Þeir sem samþykktu þetta voru aðrir kröfuhafar og hluthafar félagsins. Þorri þeirra eru íslenskir lífeyrissjóðir og íslenskir bankar. Heildarvirði Bakkavarar er talið vera mun hærra en það verð sem bræðurnir þurfa að greiða fyrir hlutinn. Gangi endurskipulagning Bakkavarar Group eftir eru því allar líkur á því að þeir muni hagnast á samkomulaginu.

Samkomulagið er gert til að vinda ofan af nauðasamningi frá árinu 2010 sem gekk út á að viðhalda einhverju bókfærðu virði á skuldum félagsins. Sá samningur, sem var byggður á óraunhæfum draumórum, tryggði bræðrunum meirihluta í stjórn Bakkavarar Group og stjórnartaumana í undirliggjandi rekstrarfélögum fram á mitt ár 2014. Inn á þetta gengust forsvarsmenn lífeyrissjóðanna.

SKOÐUN



Þórður Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is

Þetta samþykktu lífeyrissjóðirnir þrátt fyrir að félög tengd bræðrunum hefðu kostað þá meira en nokkur annar. Þeir voru nefnilega einnig aðaleigendur Existu, sem var stærsti eigandi Kaupþings fyrir hrun. Í nýlegri úttekt á lífeyrissjóðunum í aðdraganda bankahrunsins kom fram að sjóðirnir hefðu tapað samtals 170,9 milljörðum króna á hlutabréfum og skuldabréfum sem útgefin voru af Existu og tengdum aðilum. Hlutdeild þessara aðila í heildartapi lífeyrissjóðanna vegna slíkra bréfa var 44 prósent. Viðskiptablokkin var því sú sem olli lífeyriskerfinu mestu tjóni.

Þetta samþykktu lífeyrissjóðirnir þrátt fyrir að skuldabréf Bakkavarar Group hafi líkast til verið ein svívirðilegasta misnotkun á trúgirni og barnalegheitum sjóðanna sem átti sér stað fyrir hrun. Bréfin voru seld á tóma skel, enda voru allar undirliggjandi eignir Bakkavarar Group veðsettar upp í topp hjá öðrum kröfuhöfum.

Þetta samþykktu lífeyrissjóðirnir þrátt fyrir að stjórn Existu, sem bræðurnir stýrðu, hafi selt 39,6 prósenta hlut í Bakkavör út úr Existu þann 10. október 2008, daginn eftir að skilanefnd var skipuð yfir Kaupþing, stærstu eign Existu. Kaupandinn, sem lagði ekki fram neitt eigið fé, var félag í eigu bræðranna. Í hluta af samkomulaginu sem samþykkt var á aðalfundinum í síðustu viku fólst að þeir voru látnir skila þessum hlut til Klakka (áður Existu) sem nú hefur verið tekið yfir af kröfuhöfum. Á meðal þeirra eru lífeyrissjóðir.

Þetta samþykktu lífeyrissjóðirnir þrátt fyrir að bræðurnir hafi framkvæmt ólögmæta hlutafjáraukningu í Existu í desember 2008 þar sem allir aðrir hluthafar, meðal annars lífeyrissjóðir, voru þynntir út. Í henni fólst að hlutafé í félaginu var aukið um 50 milljarða króna og einn milljarður greiddur fyrir það allt. Kaupandinn var félag í eigu bræðranna.

Þetta samþykktu lífeyrissjóðirnir þrátt fyrir að salan á Bakkavararhlutnum og hin ólögmæta hlutafjáraukning séu enn til rannsóknar hjá embætti sérstaks saksóknara. Þrátt fyrir að sú rannsókn hafi leitt af sér yfirheyrslur og húsleitir í tveimur löndum. Þrátt fyrir að grunur sé um ætluð brot á almennum hegningarlögum og hlutafélagalögum sem við liggur áralöng fangelsisvist.

Lífeyrissjóðirnir réttlæta aðgerðir sínar ugglaust með því að segjast vera að hámarka endurheimtur eigna sinna. Ljóst er að á þeirri vegferð hafa þeir kosið, ásamt íslenskum bönkum, að strjúka þeim sem fóru verst með þá. Þeir eru eins og gísl sem fellur fyrir kvalara sínum. Þeir eru haldnir Stokkhólmsheilkenni.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Breytum eftir þörfum

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra var harður á því í samtali við Fréttablaðið í gær að staðið yrði við þær kröfur sem gerðar eru til öryggis sjúkrabíla. „Það er alveg klárt að við fylgjum þeim öryggiskröfum sem við setjum okkur sjálf," sagði ráðherrann ákveðið. Reyndar kæmi til greina að slaka á aldurskröfum varðandi bílana og því hve mikið þeir mættu verða eknir. Það er ekkert sérstaklega erfitt að fylgja öryggiskröfum þegar þeim er einfaldlega breytt til að óbreytt ástand rúmist innan þeirra.



### Lilja fyrir rangri sök

Á þessum stað var í gær sagt að Lilja Mósesdóttir hefði setið hjá við vantrauststillögu á ríkisstjórnina í apríl 2011. Það er rangt, hún studdi tillöguna. Beðist er velvirðingar á þeim mistökum. Lilja sat hins vegar hjá við tillögu um þingrof og kosningar, sem kosið var um sama dag.

### Nýyrðasmíðin

Íslendingar eru einkar lagnir við nýyrðasmíð og fáir lagnari en Vigdís Hauksdóttir. Í umræðum um IPA-styrki ESB, á þingi í gær, var deilt um hvort styrkirnir væru hluti af aðlögunarferli Íslands eður ei. Vigdís vildi svar við því strax, ef frumvarpið yrði samþykkt væri „Ísland samkvæmt íslenskum lögum að gerast hér aðlögunarþegi að þessu," sagði hún, og vísaði til ESB. Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra stóð á gati: „Þekking mín á íslensku máli er ekki nógu djúp til að ég skilji orðið aðlögunarþegi."



kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Allt rangt hjá Þorsteini

Sjávarútvegsmál



Kristinn H. Gunnarsson
fv. alþingismaður

Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi sjávarútvegsráðherra, setur fram staðhæfingar um jákvæð áhrif af framsali kvóta. Opinber gögn sýna hins vegar að fullyrðingar Þorsteins eru rangar.

Núverandi löggjöf um stjórn fiskveiða hefur yfirskuldsett sjávarútveginn, fært fáum gífurleg auðævi og komið í veg fyrir hagræðingu og framfarir sem ætíð verða í eðlilegu samkeppnisumhverfi.

Óvíða í heiminum hefur einkavæðing almannaverðmæta gengið svo langt sem hér á landi undanfarna tvo áratugi.

Allir vita, segir Þorsteinn, að skuldir útgerða eiga fyrst og fremst rætur í fjárfestingum í nýjum skipum og tækjum og viðbótaraflaheimildum. Staðreyndin er önnur. Rannsóknar- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA) segir í skýrslu frá maí 2010 að fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum hafi frá 2003 ekki hækkað skuldir í sjávarútvegi.

RHA telur að 40-50% af nærri 400 milljarða króna skuldaaukningu frá 1997 til 2008 sé vegna fjárfestinga í rekstri ótengdum sjávarútvegi og vegna gjaldeyris- og afleiðuviðskipta. Rúmur helmingur skuldaaukningarinnar er vegna kaupa á aflaheimildum á uppsprengdu verði. Verð á þorskkvóta fimmtánfaldaðist frá 1995 til júní 2008, en féll þá í einu vetfangi um ríflega helming. Allir vita, nema Þorsteinn, að fáir tugir kvótahafa fengu að selja veiðiréttinn til langrar framtíðar á tilbúnu verði og færðu andvirðið í eigin vasa.

Allir vita, segir Þorsteinn, að skuldaaukningin hefur leitt til betri nýtingar og arðsemi. Skýrsla RHA segir að engin framleiðniaukning hafi orðið í veiðum frá 1991 til 2008. Fiskiskipaflotinn hefur elst síðan framsalið var lögleitt og meðalaldur togaraflotans er nú 27 ár samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands. Þrátt fyrir að verð á íslenskum sjávarafurðum hafi frá 1991 til 2009 hækkað um 20% að raunvirði og þrátt fyrir að óverulega hafi verið fjárfest í skipum og búnaði á sama tíma segir RHA að efnahagsleg staða sjávarútvegsins hafi stórversnað.

IFS Greining segir í nýlegri skýrslu að stór hluti útgerðarfélaga virðist vera yfirskuldsettur og þurfi á fjárhagslegri endurskipulagningu að halda. Þetta er reynslan af 20 ára framsali Þorsteins Pálssonar. Fáir hafa efnast mikið og þjóðin á að borga með því að neita sér um bætt lífskjör.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Eitrað fyrir þjóðum

Í DAG

Jón Ormur Halldórsson
dósent



Skelfilegur endir er betri en endalaus skelfing, segir þýskt máltæki, eignað prússneskum herforingja. Þessi sannindi tauta nú margir germanar í barm sinn. Sumir bæta kannski við einhverjum einföldustu sannindum sem nokkru sinni hafa verið höfð eftir nóbelsverðlaunahafa í hagfræði en þau eru þessi: Það sem getur ekki haldið áfram gerir það ekki. Valið í Evrópu er á milli afarkosta. Efnahagslegra skelfinga eða pólitískrar erfiðisvinnu. Og hjá valinu verður ekki komist.

**Bið á byltingu**

Það er samt svo að Þýskaland hefur nægilegt afl til að bjarga Evrópu. Með ákvörðun í Berlín væri hægt að leysa skuldavanda evruríkja. En aðeins í bili. Og þar liggur hundurinn grafinn. Þjóðverjar vilja ekki fórna efnalegu öryggi sínu nema þeir trúi því að skuldug og illa rekin ríki Suður-Evrópu sýni ábyrgð og skynsemi í framtíðinni. Í tilviki Grikklands og Ítalíu væri það hrein bylting og hún er varla hafin. Í Grikklandi segja vinsælir menn að landið þurfi ekkert að borga því Evrópa þori ekki að láta Grikkland fara á hausinn og muni redda þessu hvort sem landsmenn borga skuldir sínar eða ekki. Álíka stórmennska er raunar líka nokkuð vinsæl á Írlandi í aðdraganda þjóðaratkvæðis þar. Á Ítalíu hóta hver hagsmunasamtökin af öðrum að lama landið ef gengið verður á skipulögð forréttindi þeirra. Þar ríkja alls kyns kvótakerfi allt frá leigubílaakstri til lyfsölu. Alls staðar er stemning fyrir að kenna útlendingum um vandann og í þeim leik fá Þjóðverjar oftast tólf stig.

**Tvær leiðir**

Um tvær leiðir er að velja. Önnur er sú að gefast upp á evrunni. Þótt þokkalega gengi að leysa urmul af tæknilegum og lagalegum hnútum yrði þetta án nokkurs vafa svo dýrt að heimskreppa hlytist af. Hún yrði ekki endilega langvarandi á heimsvísu en Evrópa yrði aldrei aftur stærsta efnahagssvæði jarðar. Efnalegt öryggisleysi í álfunni myndi líka án efa breyta henni í verri stað. Með því yrði heimurinn grárri og fátækari. Hin leiðin er að dýpka samrunann í Evrópu og tengja lönd evrusvæðisins svo sterkt saman að ekki verði aftur snúið. Þetta er tiltölulega einfalt tæknilega, svona miðað við annað, en afar erfitt pólitískt. Þetta krefst víðtæks og almenns trausts á milli landa. Það er einmitt það sem hefur þorrið í Evrópu að undanförnu.

**Þrjár kreppur**

Kjarni málsins er sá að kreppan í Evrópu er ekki einföld heldur þreföld: Bankakreppa, skuldakreppa og kreppa vegna síversnandi samkeppnisstöðu þjóða Suður-Evrópu í samanburði við Norður-Evrópu og Austur-Asíu. Bankakreppan og skuldakreppan hafa vakið mesta athygli en það er þriðja kreppan, alltof hár launakostnaður miðað við framleiðni í Suður-Evrópu sem er stærsti vandinn og undirrót kreppunnar.

**Lausn á bankakreppu**

Bankakreppuna er hægt að leysa með sameiginlegum tryggingasjóði fyrir innistæðueigendur sem greiddi út í evrum jafnvel þótt viðkomandi land hætti að nota evrur. Þetta kæmi í veg fyrir áhlaup á banka í löndum sem glíma við skuldavanda. Um leið þyrfti að setja upp sameiginlegan björgunarsjóð fyrir banka í vandræðum með veðlán. Líka sameiginlegt fjármálaeftirlit fyrir evruríki með víðtækari valdheimildir en nú eru til staðar. Allt þetta er gerlegt, og er líklega þegar í undirbúningi, þótt pólitískar ákvarðanir um þetta séu óvissar. Ef bankakreppan væri eini vandinn væri málið þar með að stórum hluta leyst.

**Lausn á skuldakreppu**

Skuldakreppan er tengd þessu en er erfiðari. Hún væri þó vel leysanleg ef tvennt kæmi til. Annað er aukið traust á því að stjórnmálamenn og kjósendur í Suður-Evrópu sýni í framtíðinni meiri skynsemi og ábyrgð en hingað til. Þetta myndi gera ríkum þjóðum norðursins kleift að standa að útgáfu sameiginlegra skuldabréfa fyrir evrusvæðið. Það myndi lækka stórlega vexti fyrir skuldsett ríki og leysa skuldakreppuna í bili. Hitt er trú á hagvexti í náinni framtíð. Hann er hins vegar undir því kominn að sjálft aðalvandamálið verði leyst sem er léleg samkeppnisstaða Suður-Evrópu.

**Lausn á samkeppnisvanda**

Hér vandast málið. Þetta snýr að hverju ríki fyrir sig en ekki að ESB sem gerir þetta hins vegar mögulegt með sameiginlegum markaði sínum. Þarna koma rammir sérhagsmunir í veg fyrir lausnir. Á endanum snýst þetta þó um fremur einfalda hluti. Ástæða þess að Þýskaland er sterkt og ríkt þessi árin er sú að laun í landinu hafa ekki hækkað umfram afköst. Í Suður-Evrópu væri hægt að gera efnahagsbyltingu með aðeins tveimur reglum sem báðar eru almennt virtar, svona í það heila tekið, í betur megandi ríkjum Evrópu. Önnur er að sérhagsmunir víki fyrir almennum hagsmunum. Hin að laun fari ekki fram úr alþjóðlegri samkeppnishæfni atvinnulífsins.

**Réttur**

Evrópumenn eiga ekki guðlegan rétt á betri lífskjörum en Asíumenn eða Afríkumenn. Lífskjör verða til með kunnáttusemi og þekkingu í efnahagslífi og skynsemi og ábyrgð í stjórnmálum. Vond stjórnmál þar sem sérhagsmunir í atvinnulífi og stundarhagsmunir í pólitík eru ráðandi eitra fyrir þjóðum. Sú eitrun veikir nú þjóðir frá sólarlöndum til norðurhafa.

AF NETINU

## Firrt fjölþjóðastofnun

Allt er til í heimi stofnana. Vissi ekki, að til er UNWTO, skammstöfun fyrir Ferðamálastofnun Sameinuðu þjóðanna. Ekki er vitað til, að stofnunin hafi nokkurn tíma gert neitt gagn. Að minnsta kosti hef ég aldrei frétt af neinu slíku. Um daginn vann hún það afrek að velja Robert Mugabe, einræðisherra Zimbabwe, sem heiðurs-ferðamálafulltrúa heimsins. Þessi 88 ára gamli dólgur er samt eftirlýstur fyrir glæpi gegn mannkyni og er í ferðabanni til Evrópu og Bandaríkjanna. Svo tjúlluð ákvörðun, að hún er ekki einu sinni fyndin. Fjölþjóðastofnun er svo firrt, að hún gerir Sameinuðu þjóðirnar að athlægi.

http://jonas.is/

**Jónas Kristjánsson**

## Innflytjendur og íslensk tunga

Það er ekki gott ef innflytjandi sem vill ekki læra íslensku, þó að hann hafi til þess alla möguleika, kvartar síðan yfir samskiptaerfiðleikum í landinu. En sú staðreynd að innflytjandi getur ekki talað íslenskuna þýðir alls ekki sjálfkrafa að hann nenni ekki að læra hana. Auk þess er raunin sú að margir innflytjendur sem ekki kunna íslensku vel leggja þó mikið af mörkum inn í íslenskt samfélag. Ef ég skoða aðeins í kringum mig þá starfa margir sem leiðsögumenn og taka á móti hundruðum ferðamanna frá heimalandi sínu, aðrir starfa sem tungumálakennarar í skólum og margir Íslendingar njóta þjónustu þeirra. Einnig er oft bent á það, í umræðunni um vinnumarkaðinn almennt, að innflytjendur sinna þar störfum sem Íslendingar kæra sig ekki um.

http://toshiki.blog.is

**Toshiki Toma**

Láttu hjartað ráða




„Himneskir lífrænir gosdrykkir úr fyrsta flokks hráefni og allir í fjölskyldunni finna eitthvað við sitt hæfi.“

Solla

BÓNUS HAGKAUP

Fæst í verslunum Hagkaups og Bónus · www.lífrænt.is

HIMNESKT


markhonnun.is
nettó
Kræsingar & kostakjör
NAUTAKÓTELETTUR
MEÐ HVÍTLAUK OG RÓSMARIN
25% AFSLÁTTUR
1.949
ÁÐUR 2.598 KR/KG
VERIÐ VELKOMIN Í NETTÓ!
SVÍNALUNDIR
FERSKAR
27% AFSLÁTTUR
1.386
ÁÐUR 1.898 KR/KG
KJÚKLINGAVÆNGIR
HVÍTLAUKS - GRILL
40% AFSLÁTTUR
299
ÁÐUR 498 KR/KG
NÝBAKAÐ TILBOÐ
CROISSANT M/SKINKU OG OSTI
BAKAÐ Á STAÐNUM*
95
ÁÐUR 189 KR/STK
50% AFSLÁTTUR
*Gildir ekki um Nettó Salaveigi
ANANAS
FERSKUR
50% AFSLÁTTUR
149
ÁÐUR 298 KR/KG
ÁVÖXTUR VIKUNNAR
WC PAPPÍR
COOP 16 STK/PK
ELDHÚSRÚLLUR
COOP 8 STK/PK
899
ÁÐUR 1.198KR/PK
799
ÁÐUR 899KR/PK
189 KR
EITT FRÁBÆRT VERÐ
NÚÐLUR
KJÚKLINGA, KARRÍ EÐA NAUTAKJ.
6 STK Í PAKKA
NÚÐLUR Í SKÁL
KJÚKLINGA, KARRÍ EÐA NAUTAKJ.
2 STK Í PAKKA
TYGGJÓ
ÁVAXTA-144 G
TYGGJÓSLEIKJÓ
240 G
www.netto.is
| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |




**LAMBALÆRI**
FROSIÐ

**1.198**
ÁÐUR 1.498 KR/KG

# KÍKIÐ VIÐ OG GERIÐ GÓÐ KAUP!




**ALVÖRU HAMBORGARAR**
2X120 G

**493**
ÁÐUR 649 KR/PK

**XXL HAMBORGARABRAUÐ**
4 STK

**143**
ÁÐUR 179 KR/PK




**LAMBAGRILLSNEIÐAR**
ÞURRKRYDDAÐAR

**1.990**
ÁÐUR 2.398 KR/KG




25% AFSLÁTTUR

**X-TRA HVÍTLAUKSBRAUÐ**
175 G

**89**
ÁÐUR 119KR/PK



**X-TRA KOSSAR**
BLANDAÐIR
200 G

**199** KR/PK




**X-TRA HINDBERJATERTA**
300 G

**198**
ÁÐUR 239KR/STK




**SLEIKJÓ**
SNÚNINGS 90 G




**NAMMISKART**
160 G




**UPPÞVOTTALÖGUR**
1,5L




**KLEMMUR**
PLAST
40 STK Í PAKKA

**189 KR**
EITT FRÁBÆRT VERÐ

**Tilboðin gilda 31. MAÍ - 3. JÚN**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Samhengi skuldanna

Sjávarútvegsmál
Þórólfur Matthíasson
hagfræðiprófessor



Ekkert einfalt samband ríkir milli skuldaaukningar eða skuldaminnkunar einstakra fyrirtækja annars vegar og heildarskulda þeirrar atvinnugreinar sem fyrirtækið tilheyrir hins vegar. Skoðum fjögur dæmi:

**Dæmi 1:** Útgerðarfyrirtækið Bræður ehf. selur útgerðarfyrirtækinu Systrum ehf. kvóta. Söluverðmæti 100 milljónir króna. Systur taka lán fyrir helmingi andvirðisins hjá Útgerðarbankanum en greiða hinn helminginn með innistæðu á bankareikningi hjá sama banka. Bræður nota andvirði hins selda kvóta til að greiða niður 50 milljóna króna skuld við Útgerðarbankann og leggja afganginn inn á hlaupareikning sinn hjá sama banka. Skuldir Bræðra hafa lækkað um 50 milljónir, skuldir Systra hafa hækkað um sömu upphæð. Heildarskuldir útgerðarinnar hafa ekki breyst við þessa aðgerð, þó svo Systur séu skuldsettari en þær áður voru.

**Dæmi 2:** Útgerðarfyrirtækið Útherji ehf. selur Innherja ehf. allan sinn kvóta að verðmæti 100 milljóna króna. Innherji tekur lán að upphæð 100 milljónir (með því m.a. að veðsetja óveðsettar eignir samtals að upphæð um 200 milljónir króna) og greiðir Útherja. Útherji notar féð allt til að kaupa öll hlutabréf í fyrirtækinu Companero sem á og rekur hótel á Gran Canaria. Þátttöku Útherja í útgerð á Íslandi er þar með sjálfhætt. Heildarskuldir íslenskra útgerðarfyrirtækja aukast við þetta um 100 milljónir króna. Öll skuldsetningaraukningin er tilkomin vegna kaupa á kvóta. En fjármununum sem fengnir eru að láni er í raun varið til kaupa á ferðaþjónustufyrirtæki á Kanaríeyjum!

**Dæmi 3:** Útgerðarfyrirtækið Systur ehf. kaupir nýtt skip fyrir 500 milljónir króna og fjármagnar með sölu eldra skips til skipasmíðastöðvarinnar og með 400 milljóna króna láni hjá Útgerðarbankanum hf. Skuldir fyrirtækisins aukast um 400 milljónir króna, en eignir í formi varanlegra fastafjármuna aukast um sömu upphæð. Skuldir og eignir útgerðarinnar í heild aukast um sömu upphæð.

**Dæmi 4:** Útgerðarfyrirtækið Tengdasynir ehf. á óveðsettan kvóta upp á 200 milljónir króna. Fyrirtækið tekur lán að upphæð 100 milljóna króna með (ó)beinu veði í kvótanum og festir féð í hlutabréfum í RecodeBlackHood (RBH) ehf. Í velheppnuðu útgáfunni af þessu dæmi reynist RecodeBlackHood hin mesta happahugmynd og eignarhluti Tengdasona ehf. í RBH hækkar á nokkrum dögum í 500 milljónir króna. Í þessari útgáfu dæmisins aukast eignir útgerðarinnar um 400 milljónir króna í kjölfar skuldsetningar Tengdasona ehf. á kvóta fyrirtækisins. Í hinni síður heppnuðu útgáfu sögunnar reynist RBH ófullburða viðskiptahugmynd og fer á höfuðið nokkrum dögum eftir að Tengdasynir keyptu hlutabréfin.

Skuldir Tengdasona ehf. (og útgerðarinnar í heild) eru áfram 100 milljónir eftir gjaldþrot RBH en eignir Tengdasona ehf. og útgerðarinnar í heild hafa rýrnað um 100 milljónir króna.

Sé litið til eigna og skulda útgerðarfyrirtækja á Íslandi frá árinu 1997 og fram að hruni kemur í ljós að eignir í formi varanlegra rekstrarfjármuna hafa fremur minnkað en aukist. Verðmæti varanlegra fastafjármuna var um 70 milljarðar króna að nafnvirði bæði árin. Raunverulegt verðmæti fastafjármuna dregst því saman á þessum tíma, enda eitt af markmiðum með stjórnvaldsaðgerðum á tímabilinu að draga úr fjárbindingu í veiðitækjum.

> Í sumum tilvikum var fjármununum varið í skynsamlegar fjárfestingar innanlands eða utan. Í öðrum tilvikum ekki.

Skuldir útgerðarinnar jukust úr um 75 milljörðum króna árið 1997 í um 260 milljarða árið 2007. Með hliðsjón af dæmunum hér að ofan má ljóst vera að ekkert af þessari 190 milljarða króna skuldaaukningu er tilkomið vegna fjárfestinga í skipum og veiðarfærum! Eignir útgerðarfyrirtækjanna í áhætturekstri og innistæðum á peningamarkaðssjóðum aukast úr 20 milljörðum króna á tímabilinu í 100 milljarða króna. Hluti þeirrar eignaraukningar er væntanlega tilkominn vegna hækkunar á gengi undirliggjandi eigna, sbr. velheppnuðu útgáfuna af dæmi 4. Kaup á nýjum pappírseignum er því líklega á bilinu 25-50 milljarðar króna.

Samanlagt þýðir þetta að 190 milljarða skuldaaukning var notuð til að auka (pappírs)eignir fyrirtækja í útgerð um 25-50 milljarða. Afganginum, 100 til 150 milljörðum á verðlagi ársins 2007, eða 150-300 milljörðum á núverandi verðlagi, hefur líklega verið varið til útrásar úr útgerð, svipað og lýst er í dæmi 2 hér að ofan. Eigendur útgerðarfyrirtækja hafa þannig á áratugnum frá 1997 tekið verðmæti sem jafngilda tvö- til þreföldu verðmæti skipaflota síns út úr útgerðinni til notkunar í öðrum atvinnugreinum, innanlands og utan.

Þannig hefur útgerðarmönnum, fyrir tilstuðlan veðsetningar á kvóta, tekist að ráðstafa umtalsverðum hluta þjóðarauðæfa Íslendinga. Sumar af þeim ráðstöfunum hafa sjálfsagt heppnast ágætlega, en margt illa. Það er eftirtektarvert að málsmetandi menn á borð við sveitarstjóra vítt og breitt um landið sem og fyrrverandi sjávarútvegsráðherrar telja það sáluhjálparatriði að eigendur útgerðarfyrirtækja hafi áfram þann forgang að ráðstöfun þjóðarauðsins sem þeir hafa haft frá árinu 1990.

Skuldasöfnun útgerðarinnar verður ekki skilin frá ráðstöfun þeirra fjármuna sem með skuldsetningunni var aflað. Þessari einföldu staðreynd hefur lítt verið haldið á lofti í auglýsingaherferð útgerðarmanna undangengnar vikur. Þessi einfalda staðreynd virðist einnig hafa farið fram hjá jafnt virtum endurskoðunarfyrirtækjum sem og hugsandi mönnum í viðskiptalífinu. Reikningar útgerðarinnar sjálfrar sýna að fjármununum var ekki varið til fjárfestingar í skipum og veiðarfærum. Í sumum tilvikum var fjármununum varið í skynsamlegar fjárfestingar innanlands eða utan. Í öðrum tilvikum ekki. Kannski hinir upplýsingaglöðu útgerðarmenn upplýsi nánar um bæði vel og illa heppnaðar fjárfestingar sínar utan greinarinnar sem innan í nýrri auglýsingaherferð?





Myndir sem segja WOW!

Taktu þátt í ljósmyndakeppni WOW Air og Vísis.

Sendu inn mynd sem segir WOW fyrir 30. júní og þú getur unnið flugmiða fyrir tvo til Evrópu!

Flokkar:

1. WOW Náttúra
2. WOW Fólk
3. WOW Húmor



vísir
WOW air

Allar upplýsingar og skráning á: www.visir.is/wow


# Mengun hafsins: Áfangar í rétta átt

Umhverfisvernd
Svandís Svavarsdóttir
umhverfisráðherra



Árið 1956 fór að bera á undarlegum veikindum í japanska fiskveiðibænum Minamata. Sumir dóu, miklu fleiri sýktust og börn fæddust hræðilega vansköpuð. Sökudólgurinn fannst eftir nokkra leit, hættuleg kvikasilfurssambönd sem verksmiðja á staðnum dældi út í sjó, en fundu sér leið til baka í sjávarfangi.

Á næsta ári stendur til að skrifa undir nýtt alþjóðlegt samkomulag gegn kvikasilfursmengun í Minamata. Það verður táknrænn og sögulegur áfangi í baráttunni gegn mengun hafsins, þar sem má segja að ótrúlega mikið hafi áunnist á þessu sviði á undanförnum áratugum.

Alþjóðasamningar hafa náðst um að minnka mengun frá skipum, banna varp úrgangs í hafið og draga úr losun ýmissa hættulegra efna, sem finna sér leið inn í fæðukeðjuna. Kjarnorkuendurvinnslustöðinni í Dounreay í Skotlandi var lokað og dregið hefur úr losun geislavirkra efna frá Sellafield, að hluta til vegna þrýstings frá nágrannaríkjum. Þrávirk lífræn efni mælast langt undir hættumörkum á Íslandsmiðum og styrkur þeirra virðist standa í stað eða fara hægt niður á við, þvert á það sem menn óttuðust fyrir áratug eða svo. Almennur skilningur er á því að hafið getur ekki verið í senn ruslakista og uppspretta fæðu og verðmæta.

### Nauðsynlegar aðgerðir og viðbúnaður

Íslensk stjórnvöld voru fyrst ríkja innan OSPAR-samningsins til að vekja athygli á ógnun kjarnorkuendurvinnslunnar á Bretlandseyjum fyrir fiskveiðar í Norður-Atlantshafi fyrir rúmum aldarfjórðungi. Íslendingar geta einnig þakkað sér árangur varðandi þrávirk lífræn efni að nokkru, með því að vekja athygli á vandanum á Ríóráðstefnunni 1992 og ýta í framhaldinu á gerð alþjóðlegs samkomulags.

Slíkt hefði auðvitað ekki verið hægt nema með góðri hjálp fleiri ríkja, frjálsra félagasamtaka og fjölþjóðlegra stofnana. Þar má nefna Norðurskautsráðið, en samantektir þess á áhrifum þrávirkra lífrænna efna á lífríki og heilsu fólks fjarri uppsprettum mengunar áttu drjúgan þátt í gerð Stokkhólmssamningsins um að draga úr losun þeirra. Því fer þó fjarri að sigur sé unninn. Aukin byggð og starfsemi við strendur, oft án nauðsynlegrar skólphreinsunar, veldur víða alvarlegri mengun á grunnsævi. Mengun af völdum plastagna og alls kyns rusls er vaxandi vandamál, sem leitað er lausna við.

Aukin ásókn í olíuvinnslu á hafi úti, oft við erfiðar aðstæður, kallar á auknar öryggiskröfur og eftirlit. Olíuslysið í Mexíkóflóa árið 2010 sýndi glöggt hve mikið tjón getur orðið við olíuvinnslu á hafsbotni og hve erfitt er að stöðva leka þar. Augu manna beinast nú mjög að olíuvinnslu á norðurslóðum með hopun hafíss, en þar eru allar aðstæður erfiðari og lífríkið viðkvæmara en á suðlægari slóðum. Þar er full ástæða til að fara varlega. Íslendingar þurfa einnig að huga að viðbrögðum við hugsanlegum stóraukinn flutningum á olíu með skipum meðfram ströndum landsins. Strand risaolíuskips hér við land gæti valdið stórfelldu tjóni á fiskimiðum og lífríki. Viðbúnaður við hugsanlegum slysum af því tagi hefur verið efldur, m.a. með tilkomu nýs varðskips, bættu eftirliti með skipaumferð og auknum samvinnu við önnur ríki um viðbrögð ef hætta skapast.

### Matvæli úr hreinu hafi

Mengun sjávar er þó minnst til komin vegna stórslysa. Þótt mengun frá starfsemi á Íslandi sé lítil skiptir það okkur miklu máli að vera til fyrirmyndar, meðal annars til að viðhalda trúverðugleika í alþjóðlegu starfi. Íslendingar geta ekki leyft sér að dæla út díoxíni langt yfir eðlilegum mörkum á sama tíma og ýtt er á önnur ríki að draga úr losun þrávirkra efna af því tagi. Átak í skólphreinsun þarf að halda áfram, því framleiðandi hágæðamatvæla getur ekki búið við gerlamengaðar strendur rétt hjá vinnslustöðvum. Góður árangur í baráttunni gegn mengun hafsins sýnir okkur mátt alþjóðlegrar samvinnu í umhverfismálum og mikilvægi vöktunar og upplýsingagjafar. Þessi árangur á að vera okkur hvatning til að halda áfram á sömu braut, en ekki tilefni til að sofna á verðinum.

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is




# Portúgal

## Draumastaður fjölskyldunnar

**Lækkað verð!**
5. júní



## Beint flug með Icelandair









### Flugsæti 5.-12. júní

Algarve er toppurinn, klettótt strönd með hvítum sandinum inn á milli. Svæðið er þekkt fyrir menningu sína og sögulegar minjar, allt frá tímum Rómverja; glæsihótel nútímans, matargerð og aðrar lífsnautnir. Aðeins eru um 200 km til Lissabon og jafnlangt til Sevilla á Spáni.

**Verð frá 44.900 kr.***

**og 15.000 Vildarpunktar**

* Verð án Vildarpunkta 54.900 kr. Innifalið: Flug fram og til baka og skattar.

### Lukkulíf VITA

Lukkulíf VITA gerir þér kleift að velja áfangastað, brottfarardag og lengd ferðar en upplýsingar um gististað berast þér stuttu fyrir brottför.

**Verð frá 54.500 kr.***

**og 15.000 Vildarpunktar**

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn (2-11) í íbúð m/1 svefnh. 5. júní viku. Verð á mann m.v. 2 fullorðna í íbúð m/1 svefnh.: 69.990 kr. og 15.000 Vildarpunktar. *Verð án Vildarpunkta 64.500 kr. m.v. 2+2. Verð án Vildarpunkta 79.990 kr. m.v. 2.

### São Rafael Suite ★★★★★ Hotel CS

Glæsilegt hótel í miðju Algarve, skammt frá Albufeira og einni bestu strönd Evrópu, São Rafael. Góður kostur fyrir pör og fjölskyldur.

**Verð frá 99.400 kr.***

**og 15.000 Vildarpunktar**

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í fjölskylduherbergi m/2 herb. og morgunverði. 5. júní, í viku. Verð á mann m.v. 2 fullorðna í í tvíbýli m/morgunverði: 124.350 kr. og 15.000 Vildarpunktar. *Verð án Vildarpunkta 109.400 kr. m.v. 2+2. Verð án Vildarpunkta 134.350 kr. m.v. 2.

* Ef bókað er á skrifstofu bætist við 1.500 kr. bókunargjald.

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 59945 05/12

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið

# Nýr Landspítali – Hneyksli aldarinnar?

Nýr Landspítali
Guðl. Gauti Jónsson
arkitekt FAÍ



Það hefur verið bent á að byggingamagn á lóð nýja Landspítalans verði meira en sem nemur fjórum Smáralindum. Það má einnig miða við að byggingamagnið verður meira en það er samanlagt í öllu Fellahverfi og Mjódd. Þá er meðtalið atvinnuhúsnæði, íbúðarhúsnæði, skólar, bílskúrar og allt sem nöfnum tjáir að nefna. (Heimild: Skipulagssjá í maí 2012)

### Auðlindir borgarinnar

Í grein sinni „Hvernig nota stjórnvöld skipulag höfuðborgarsvæðisins til að koma markmiðum í framkvæmd?“ sem birtist í Fréttablaðinu 26. apríl 2012 segir Arna Mathiesen arkitekt m.a.: „Aðkallandi viðfangsefni hönnunar eru vangaveltur um hverju úr er að moða áður en nýrri sýn er kastað fram, ákvarðanir eru teknar og nýtt er búið til.“

Frá því fyrsta skýrslan um nýja Landspítalann var gerð og til þessa dags hefur nánast ekkert verið fjallað um aðlögun bygginga og starfsemi nýja spítalans að íbúðahverfunum sem umlykja spítalann á þrjá vegu. Það eru alvarleg mistök enda nokkuð augljóst að ekki er auðvelt að koma þessari tröllauknu framkvæmd fyrir í grónu, friðsælu og eftirsóttu íbúðarhverfi. Byggðin umhverfis Landspítalann er ekki aðeins mikilvæg þeim sem þar búa heldur er hún hluti af auðlegð borgarinnar og ber að líta á og vernda sem slíka.

Ef til vill má líkja þessu við það þegar Morgunblaðshöllinni, sem er af svipaðri hæð og sumar spítalabyggingarnar, var skellt niður í Grjótaþorpið. Víða um lönd hafa menn rifið slíkar menjar módernismans og nýlega var spítalabygging, sem byggð var á svipuðum tíma í Þrándheimi, jöfnuð við jörðu. Í Reykjavík var Moggahöllin látin standa en Fjalakötturinn rifinn. Þó ekki standi til að rífa íbúðabyggðina kringum Landspítalann þá mun hún rýrna verulega að gæðum.

### Hvar á spítalinn að vera?

Ég tel mig vita hvar best sé að staðsetja nýjan Landspítala ef hann verður byggður í samræmi við núverandi áform. Nokkur atriði varðandi lóðina, reksturinn og umhverfið virðast þó blasa við án mikilla reikninga. Það er t.d. æskilegt;

1) að ekki sé mikill hæðarmunur innan lóðarinnar því það auðveldar skipulag og samgöngur innan og utan spítalans.

2) að lóðin sé þannig að stærð og staðsetningu að hægt sé að byggja spítalann sem mest út frá forsendum og hagkvæmni spítalans sjálfs en ekki hamlandi umhverfisþátta því það sparar til langs tíma litið.

3) að stærð og fyrirkomulag lóðarinnar leyfi skynsamlegar viðbætur og breytingar í framtíðinni.

4) að staðsetningin skapi ekki ný og aukin vandamál í umferðinni en stuðli fremur að minni umferð um mestu umferðaræðar borgarinnar og auknu jafnvægi.

5) að byggingar og starfsemi falli vel að umhverfinu og rýri ekki gæði byggðar í nágrenninu.

6) að staðsetningin valdi ekki aukinni loftmengun á stöðum sem nú þegar búa við loftmengun sem fer yfir viðmiðunarmörk í margar vikur á ári hverju en stuðli fremur að minni mengun.

7) að staðsetningin auki ekki við hljóðvistarvanda þar sem hann er viðvarandi nú þegar og að ekki fjölgi þeim íbúðum sem búa við hljóðstig yfir viðmiðunarmörkum.

8) að góð aðstaða verði fyrir þyrluflug að spítalanum þar sem ónæði verður sem minnst fyrir starfsemina og nærliggjandi hverfi og hámarks öryggis er gætt.

Engu af þessum atriðum er fullnægt með staðsetningunni við Hringbraut, Barónsstíg og Eiríksgötu.

### Hneyksli?

Það er ekkert minna en hneyksli ef stjórnvöld gera alvöru úr því að byggja nýjan Landspítala, sem verður ein stærsta framkvæmd Íslandssögunnar miðað við kostnað, án þess að nota bestu tæki sem völ er á til að undirbúa verkið. Þar eru efst á blaði fræðileg staðarvalsgreining ásamt fýsileika- og hagkvæmnikönnunum. Reyndar vinna þessi tæki svo náið saman að ef eitt þeirra vantar geta hin gefið kolranga niðurstöðu.

Skipstjóri sem siglir skipi sínu á grunnsævi hefur lítið við dýptarmælingar að gera ef hann veit ekki djúpristu skipsins.

(Arna Mathiesen arkitekt vinnur að rannsóknarverkefni: Hörgull og sköpun í hinu byggða umhverfi, SCIBE. Byggt umhverfi á Reykjavíkursvæðinu fyrir og eftir hrun er eitt viðfang rannsóknarinnar.)

# Bætt aðgengi að starfsnámi

Menntamál
Björgvin G. Sigurðsson
alþingismaður



Árlega stunda 7-8.000 nemendur hér á landi starfsnám af ýmsum toga á framhaldsskólastigi. Flestir þeirra þurfa að ljúka vinnustaðanámi eða starfsþjálfun á námsbraut sinni sem getur tekið allt frá 3 vikum til 126 af heildarnámsferli þeirra. Skilvirkasta leiðin til að draga verulega úr brottfalli á framhaldsskólastigi, sem er eitt það mesta í OECD, er án efa að efla iðn- og starfsnám. Með því skapast mikil samfélagsleg verðmæti í yfirgripsmikilli verk- og tækniþekkingu.

Með þetta að leiðarljósi er allsherjar- og menntamálanefnd nú að ljúka vinnu við frumvarp menntamálaráðherra um vinnustaðanámssjóði. Vonir standa til að málið verði að lögum í vor en með því er stigið stórt skref til eflingar starfsnáms í skólakerfi okkar sem er eitt mikilvægasta markmið íslenskra menntamála í dag. Stórt skref í þá átt er áður nefnd rammalöggjöf um vinnustaðanámssjóð.

Tilkoma sjóðsins mun auðvelda iðn- og starfsnámsnemum verulega að komast í vinnustaðanám, í mörgum tilfellum á samning hjá meistara. Það hefur á stundum reynst nemum örðugt að komast að í vinnustaðanámi eða á samning hjá meistara. Nauðsyn þess að skapa fjárhagslegan hvata til að mæta kostnaði af náminu hefur lengi legið fyrir ásamt þörfinni á því að auka möguleika nemenda á að ljúka starfsnámi sínu á eðlilegum tíma. Því mun tilkoma sjóðsins efla og styrkja verk- og tæknimenntun í íslenskum skólum svo um munar.

Á stundum hefur það komið í veg fyrir að námsmaður ljúki sínu námi að ekki tekst að komast að hjá meistara í faginu eða í verklega þjálfun af öðru tagi. Vandkvæðum er háð að tryggja það alveg með því að skylda fyrirtæki til þess að taka nema í vinnustaðanám. Vinnustaðanámssjóður kemur hins vegar til móts við kostnaðinn sem af því hlýst fyrir viðkomandi fyrirtæki eða stofnun. Þá er með tilkomu sjóðsins gert ráð fyrir að gerðar verði meiri og skýrari kröfur um gæði náms, skipulag þess og framkvæmd en verið hefur.

Samkvæmt eðli máls fer starfsnám á framhaldsskólastigi fram hvorutveggja í skóla og á vinnustað. Fram að þessu hafa ekki verið tök á að mæta kostnaði fyrirtækja og stofnana vegna vinnustaðanáms en með tilkomu sjóðsins skapast tækifæri til þess ásamt því að bæta verulega aðgengi nemenda að þessum hluta iðn- og starfsnáms.

Vinnustaðanámssjóðurinn tekur til allra löggiltra iðngreina auk starfsnáms í greinum á borð við skólaliða, félagsliða og allar slíkar greinar í heilbrigðisfræðum. Með sjóðnum komum við á því heppilega fyrirkomulagi í verklegu námi að allir nemendur gangi frá skuldbindandi samningi á milli sín og þess sem tekur vinnustaðanámið að sér með aðkomu skólans. Sérstaklega þarf að skoða við lagasetninguna hvort ekki sé rétt að skólinn verði formlegur aðili að slíkum samningi. Þetta fyrirkomulag gerir margt í senn; auðveldar nemanda að komast í starfsþjálfun og tryggir gæði og samfellu í náminu, auk þess að auðvelda fyrirtækjum og stofnunum að taka til sín námsmenn í þjálfun.

Því treysti ég því að Alþingi sjái út úr kófi átaka og málþófs og geri umrætt frumvarp um vinnustaðanámssjóð að lögum áður en þingi lýkur í sumarbyrjun.

# Er vaxtahækkun svarið?

Fjármál
Ólafur Margeirsson
hagfræðingur



Verðbólguvandinn er fyrst og fremst tilkominn vegna væntinga um að ekkert verði gert til þess að stöðva hana. Verðbólgan er í rauninni sjálfsprottin. Fólk og fyrirtæki sem óttast verðbólgu í framtíðinni hækka verð og krefjast hærri launa í dag. Þannig rætast væntingar fólks af sjálfu sér svo fremi sem Seðlabankinn gerir ekkert í málunum.”

Svo ritaði Jón Steinsson, dósent í hagfræði við Colombia-háskóla, í greininni „Viðbrögð við verðbólgu“ sem birtist í Fréttablaðinu og á Vísi.is 5. maí síðastliðinn. Í greininni segir Jón það „rétt viðbrögð“ af hálfu Seðlabankans að hækka vexti sem fyrst í baráttunni við verðbólgu og „hæfileg vaxtahækkun til þess að byrja með væri 2-2,5 prósentur“.

Þessu er erfitt að vera sammála. Ástæðan er einföld: Jón og aðrir sem telja vaxtahækkanir „rétt viðbrögð“ við verðbólgu taka í mati sínu ekki til skoðunar hvernig verðbólga er fjármögnuð.

### Fjármögnun verðbólgu

Sjálfsprottin verðbólga eins og Jón lýsir með orðum sínum sem ég vitna til hér að ofan gerist ekki af sjálfu sér. Til þess að sjálfsprottin verðbólga eigi sér stað verður að fjármagna slíkar verðlagshækkanir. Tveir vegir eru til slíks: annaðhvort verður það peningamagn sem til staðar er í hagkerfinu að skipta hraðar um hendur eða það verður auka.

Augljóslega getur hver króna aðeins skipt ákveðið hratt um hendur en á meðan veltuhraði peninga eykst getur verðlag hækkað án teljandi áhrifa á peningamagn. Fyrr en síðar kemur þó að því að peningamagn í umferð verður, skilyrðislaust, að aukast eigi verðlagshækkanir að vera til frambúðar.

97% af íslensku peningamagni í umferð á rætur að rekja til útlánaveitinga bankakerfisins til fyrirtækja og einstaklinga og þeirrar peningamyndunar sem samtímis á sér stað. Restin af íslensku peningamagni eru seðlar og mynt sem Seðlabankinn útvegar.

Fjármögnun verðbólgu í dag á rætur að rekja til þeirrar staðreyndar að útlánamyndun bankakerfisins hefur aukist mjög síðastliðin misseri. Áberandi hluti af þessari útlánamyndun er til kominn vegna nýrra óverðtryggðra íbúðalána bankanna sem ekki aðeins hafa blásið lífi í frekari spákaupmennsku á fasteignamarkaði, með tilheyrandi hækkunaráhrifum á verðbólgu, heldur útvegað hluta þess aukna peningamagns sem til þurfti svo fjármögnun almennra verðlagshækkana gæti staðist til lengdar.

### Vaxtahækkun er ekki svarið

Svarið við þessu, segja stuðningsmenn vaxtahækkana, er að hækka verðið á peningum svo þorstinn í útlán, þ.e. fjármögnun fjárfestingarverkefna alls konar, verði slökktur. En þorsti er eftir sem áður til staðar þótt verðið á dropanum sé hátt. Og staðreyndin er sú að uppspretta útlána bankakerfisins er ótæmanleg auðlind sem ekki er háð sparnaði í þjóðfélaginu heldur viljanum einum til skuldsetningar með gróðavon í huga. Sú von er aðeins að hluta háð verðinu á peningum, sérstaklega sé um skammtíma „fjárfestingu“ að ræða þar sem eign sem þegar er til er keypt með það markmið eitt í huga að selja hana skömmu síðar með hagnaði.

Útlán eru nauðsynleg til fjármögnunar fjárfestinga sem kalla á atvinnusköpun. Þau útlán sem í dag eru búin til eru ekki nýtt til slíkra fjárfestinga heldur til spákaupmennsku með eignir sem þegar eru til staðar, s.s. á fasteignamarkaðinum. Hækkun vaxta hefur lítil áhrif á slíkar „fjárfestingar“ en hefur hins vegar sterkari áhrif á þær fjárfestingar sem kalla á atvinnusköpun þar eð þær eru iðulega til lengri tíma og óvissan um arðsemi þeirra því meiri. Og það er fjárfestingin sem íslenskt hagkerfi þarf á að halda: fjöldi atvinnulausra er meiri en íbúafjöldi Mosfellsbæjar og Seltjarnarness til samans. Er skynsamlegt að láta vinnuafl slíks mannfjölda fara til spillis vegna þess eins að verðið á peningum skal vera hátt með þá mjög svo óljósu von í huga að það slái á verðbólgu?

Að hækka verðið á nýmynduðum peningum, þ.e. útlánum bankakerfisins, er afar ófullkomin og ómarkviss leið að því markmiði að draga úr þeirri nauðsynlegu fjármögnun sem verðlagshækkanir byggjast á. Háir vextir beina fjármagni úr þjóðhagslega hagkvæmum fjárfestingarverkefnum, sem skapa vinnu og verðmæti, í spákaupmennsku með núverandi eignir, sem enga atvinnu né verðmæti skapar, án þess að draga að ráði úr nýmyndun þess fjármagns sem verðlagshækkanir grundvallast á. Afleiðingin er öllum ljós: há verðbólga og mikið atvinnuleysi.

Betra en að hækka vexti er að takmarka magn nettó nýmyndaðra útlána bankakerfisins við þann þjóðhagslega sparnað sem kemur fram í formi jafnvægis viðskipta við útlönd; séu þau jákvæð má auka lánveitingar, ellegar draga úr þeim. Sé þessari aðferð beitt má og verður að lækka stýrivexti verulega. Vaxtahækkun er alls ekki svarið við núverandi verðbólguvanda.

# Hinar snjóhengjurnar

Fjármál
Gauti Kristmannsson
dósent við HÍ



Umræðan um íslensku krónuna og óttinn við hana fer um víðan völl og ekki vantar uppástungurnar um lausnir sem vitanlega er þegar mótmælt af andstæðingum því rökræða virðist orðin ógjörningur hér á landi. Á það kannski rætur að rekja til hins pólitíska stíls sem Davíð Oddsson kom í mikla tísku á sínum tíma, en hann felst í því að vera á móti öllum tillögum „hinna“ óháð því hversu góðar hann sjálfur teldi þær vera.

Ein helsta ástæða krónuvandans hefur verið talin hin svokallaða „snjóhengja“ íslenskra króna upp á þúsund milljarða í eigu erlendra fjárfesta sem vitaskuld hlytu að flýja sem fætur toga úr landi við afnám gjaldeyrishafta áður en krónan hryndi enn frekar.

En það eru fleiri snjóhengjur hér á landi en þessar. Ein felst í innlendum sparnaði í óverðtryggðu krónunni (sem er önnur mynt en sú verðtryggða). Næsta víst má telja að íslenskir eigendur íslenskra óverðtryggðra króna færu þráðbeint úr landi með sínar eignir í kjölfar hinna erlendu (ef ekki á undan þeim), enda væru þeir vanvitar ef þeir gerðu það ekki. Það myndu sennilega bankar og lífeyrissjóðir gera líka og græða þannig tvöfalt á hruni krónunnar og myndu eignir þeirra í verðtryggðum krónum snarhækka um leið og skuldir heimila og fyrirtækja með lán í verðtryggðu krónunni færu endanlega upp úr þaki.

Verðtryggða krónan er þannig þriðja risahengjan yfir íslensku samfélagi og samanlagðar eru þessar þrjár „snjóhengjur“ mesta ógn við lífskjör þeirra sem á Íslandi búa og starfa. Að kalla eftir hraðri „aðlögun“ með afnámi hafta og „taka skellinn“ er ekki aðeins vanhugsað heldur nálgast það brjálæði að standa undir slíkum hengjum og öskra í von um að þær fari.

Draumurinn um að einhver önnur ríki taki að sér að losa um þær með varfærnum hætti án nokkurra skuldbindinga af Íslands hálfu (les: einhliða upptaka erlends gjaldmiðils) er í besta falli hæpinn og í versta falli martröð því hvar eru peningarnir til að kaupa þá þjónustu? Svokallaður gjaldeyrisvaraforði Íslendinga er að miklu leyti lánsfé og ekki bíða lánveitendur í röðum til að tvöfalda erlendar skuldir ríkisins.

Skattlagning á fjármagnsflutninga úr landi virðist einnig vera hættuspil; sé skattprósentan lág fara menn hvort sem er, sé hún of há bíða menn það af sér uns fjárfestingahungrið knýr menn til lækkunar eða afnáms. Hvort til sé einhver millivegur er erfitt að segja, en skattlagning af þessu tagi er vitanlega aðeins annað form gjaldeyrishafta og til þess að koma í veg fyrir leka yrðu Íslendingar að greiða slíkan skatt líka.

Eina hugsanlega leiðin út úr öngstrætinu virðist vera að gera samkomulag við ESB og Evrópska seðlabankann sem hefur tæki og tól til að verjast snjóhengjunum svokölluðu þótt vissulega sé ekki komið í ljós hvort þessir aðilar vilji hjálpa. En í stað þess að fá úr því skorið kjósa margir að standa undir snjóhengjunum og orga. Afleiðingarnar munu því miður ekki hitta þá eina fyrir.

# SUMARIÐ ER HJÁ OKKUR

ATH! TÖKUM UPP NÝJAR VÖRUR ALLA DAGA

## FRÁBÆRT ÚRVAL AF SUMARKLÆÐNAÐI Á DÖMUR



## FJÖLDI VÖRUMERKJA

**Kjóll: Frakkland**
Stærðir: 8-14
2 litir
Verð áður: Kr. 11.990
**Outlet verð: Kr. 7.995**
Aðeins 12 stk. eftir

**Hlýrabolur: Portúgal**
Stærðir: S-L
Verð áður: Kr. 6.990
**Outlet verð: Kr. 3.995**

**Kjóll: Kúba**
Stærðir: 8-14
2 litir
Verð áður: Kr. 11.990
**Outlet verð: Kr. 7.995**
Aðeins 12 stk. eftir

**Gallakjóll: Holland**
Stærðir: S-M
Verð áður: Kr. 14.990
**Outlet verð: Kr. 8.995**

**Leggings: Argentína**
Góð teygja í mitti
Ein stærð
**Verð: Kr. 1.500**

**Bolur: Spánn**
Stærðir: S-L
Verð áður: Kr. 6.990
**Outlet verð: Kr. 4995**

**Hlýrabolur: Belgía**
Stærðir: S-L
Litir: Svartur og hvítur
Verð áður: Kr. 6.990
**Outlet verð: Kr. 4.990**

**Kjóll: Brasilía**
Stærðir: S-L.
Verð áður: Kr. 8.990
**Outlet verð: Kr. 6.490**
Aðeins 10 stk. eftir

**Bolur: Ítalía**
Stærðir: S-XL
Litir: Svartur og hvítur
Verð áður: Kr. 8.995
**Outlet verð: Kr. 6.995**

## STÆRSTA OUTLET LANDSINS!

KORPU OUTLET

Fylgstu með okkur á Facebook!

KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400

Ráðandi - auglýsingastofa ehf

# Innlimun hvað?

ESB-aðild

Gunnar Hólmsteinn Ársælsson
stjórnmálafræðingur



Ekkert er t.d. verið að upplýsa fólk um að eitt af meginmarkmiðum ESB, með því að ná samningum um innlimun Íslands, er að ná yfirráðum yfir stórum hluta Norður-Atlantshafsins með aðgengi að Norður-Íshafinu. Án þessa aðgengis getur Evrópusambandið aldrei orðið það stórveldi sem það vill vera í alþjóðlegu tilliti.“

Undanfarandi línur eru skrifaðar af ritstjóra Bændablaðsins, Herði Kristjánssyni, en blaðið kom út þann 16. maí síðastliðinn. Það er í raun með ólíkindum að lesa orð sem þessi, frá manni eins og Herði, árið 2012. Það er að Evrópusambandið ætli sér að innlima Ísland, til þess að seilast til áhrifa á Norðurslóðum. Reyndar er þetta svo algerlega út í bláinn, að þetta er í raun ekki svara vert. En það er hins vegar grafalvarlegt þegar maður eins og Hörður, sem gegnir stöðu ritstjóra blaðs, sem gefið er út af samtökum, sem rekin eru að mestu leyti fyrir almannafé, lætur frá sér ósannindi sem þessi. Því ég er nánast 100% viss um að Hörður veit betur. ESB hefur engar áætlanir um að innlima Ísland og ESB hefur EKKI innlimað neitt land, sem gerst hefur aðildarríki sambandsins. Hörður ætti að spyrja íbúa einhvers nágrannaríkja okkar; Svíþjóðar, Bretlands, Danmerkur eða Finnlands, um hvort þau hafi verið innlimuð í ESB! Bretar eiga sína olíu, Finnar sína skóga og Svíar sitt járngrýti.

En hann getur hins vegar talað við íbúa Eystrasaltsríkjanna um það hvernig var að búa undir járnhæl Sovétríkjanna, eftir að Jósef Stalín innlimaði þau á tímum seinni heimsstyrjaldar. Öll Eystrasaltsríkin gengu í ESB, í kjölfar hruns kommúnismans upp úr 1990, og gerðust þar með aðilar að samstarfi 27 lýðræðisríkja Evrópu.

Þess vegna verða ummæli Harðar að skrifast á tilfinningar, rétt eins og annað „innlimunartal“ annarra andstæðinga ESB.

Bændablaðið, sem segir sig vera „málgagn bænda og landsbyggðar“ getur líka bætt við frasanum „og andstöðu gegn ESB“ því umfjöllun Bændablaðsins er nánast alfarið á neikvæðum nótum varðandi ESB-málið. Bændablaðið finnur ESB hreinlega allt til foráttu. Blaðinu er dreift ókeypis og kemur stundum út í allt að 60.000 eintökum. Þá er því einnig stundum dreift með Morgunblaðinu, sem berst jú af alefli gegn ESB. Hins vegar er margt á huldu varðandi rekstur Bændablaðsins og hvergi er t.d. hægt að finna opinberar upplýsingar um rekstur blaðsins, hvað þá ársreikninga. Hvers vegna er það svo? Blað á borð við Bændablaðið, sem ekki birtir opinberlega ársreikninga sína, getur varla talist lýðræðislegur miðill.

Í lok greinarinnar segir Hörður að Íslendingar eigi mikið af auðlindum, vatni og öðru slíku, sem er alveg rétt. Svo segir hann: „Við erum með öll bestu trompin á hendi og hvers vegna ættum við að afhenda þau stjórnmálamönnum úti í Brussel.“ Það stendur hins vegar ekki til og hefur aldrei staðið til! Hvers vegna í ósköpunum ættum við að gera það? Ísland er sjálfstætt og fullvalda ríki og hefur fullan yfirráðarétt yfir sínum auðlindum.

ESB getur ekki og ætlar sér ekki að hrifsa þau frá okkur, hvorki með innlimun né öðrum aðferðum.

# Fordómar úr Kvennahreyfingu Samfylkingar

Forsetaembættið

Jakobína Ingunn Ólafsdóttir
stjórnsýslufræðingur



Á bloggsíðu Egils Helgasonar heldur Hrafnhildur Ragnarsdóttir, formaður Kvennahreyfingar Samfylkingarinnar, því fram að Rósa Erlingsdóttir, sem einnig situr í Kvennahreyfingu Samfylkingarinnar, sé að skrifa fræðigrein um pólitík og að greina orðræðu í kosningabaráttu Ólafs Ragnars Grímssonar í grein sem birtist á Visir.is undir fyrirsögninni Orð forsetans um „skrautdúkku“.

Grein Rósu Erlingsdóttur er uppfull af fordómum og niðurlæging fyrir kynjaða orðræðugreiningu ef það er sú staða sem á að gefa þessari grein. Ég vil fyrst nefna að þótt orðið skrautdúkka sé stelpulegt orð þá geta karlar verið skrautdúkkur ekki síður en konur. Vissulega geta hugtök verið karllæg eða kvenlæg en það þýðir ekki að merkingin verði eingöngu yfirfærð á annað kynið. Orðið klappstýra er líka kvenlægt hugtak sem hefur verið notað í gildishlöðnum tilgangi um forsetaframbjóðanda en Rósa sér ekki ástæðu til þess að rýna í áhrif þess.

Lítið fer fyrir eiginlegri orðræðugreiningu í greininni og ekki sýnt fram á réttmæti ályktana sem í henni eru dregnar með rökum eða gögnum. Fullyrðingin „Hér dylst engum að átt er við Þóru Arnórsdóttur sem samkvæmt skoðanakönnunum er helsti áskorandi Ólafs Ragnars“ virðist vera helsta niðurstaða greinarinnar. Orðalag af þessu tagi þykir almennt ekki vera til sóma í fræðaheiminum en hvað það er sem engum dylst er að öllum jöfnu ekki aðgengilegt fræðimönnum.

Rósa leitar í búðir Styrmis Gunnarssonar þegar hún velur að draga upp mynd af þjóðinni sem er stjórnmálamönnum og fjölmiðlum hugleikin. En það er þjóð sem klofin er í herðar niður. Þessi lýsing á íslensku þjóðinni tilheyrir orðræðu auðræðis og valdhafa sem fara fram með tvíhyggjuna að vopni þegar mikið liggur á að hræða þjóðina til fylgis við málefni. Blæbrigðum mannlegs skilnings er fórnað á altari einhæfninnar. Vissulega eru til málefni sem hafa valdið deilum og ófriði en yfirleitt er þetta ekki svart/hvítt heldur hafa málefnin á sér margar hliðar s.s. félagslegar, lögfræðilegar, efnahagslegar og síðast en ekki síst margþætta hagsmuni. Ófriðurinn stafar þó fyrst og fremst af því að sífellt er gengið á rétt þjóðar og einstaklinga fyrir sérhagsmuni valdhafa og auðræðis.

> Lítið fer fyrir eiginlegri orðræðugreiningu í greininni og ekki sýnt fram á réttmæti ályktana sem í henni eru dregnar með rökum eða gögnum.

Rósa segir um Vigdísi Finnbogadóttur og EES-samninginn: „Í dag nýtur samningurinn og nauðsyn aðildar Íslands að EES almenns samþykkis. Ekki heyrast lengur þær raddir að Vigdís hafi gert mistök með undirritun sinni“. Umræða um embættisafglöp Vigdísar Finnbogadóttur er tabú á Íslandi. Vigdís fylgdi valdhöfum af þægð og sneri baki við þjóðinni en Rósa víkur að þessu þegar hún segir: „hart var tekist á um samþykki EES samningsins árið 1993. Þá var þrýstingur gríðarlegur á Vigdísi Finnbogadóttur að skrifa ekki undir lög um samninginn sem heimilaði afsal á fullveldi þjóðarinnar“.

EES-samningurinn er frumforsenda hrunsins og það voru að mínu mati alvarleg stjórnarfarsmistök að bera samninginn ekki undir þjóðina. Í ofangreindum málflutningi Rósu má einnig lesa að friður geti skapast um það að stjórnvöld fari fram með ofbeldi gagnvart þjóðinni. Það að „ekki heyrist lengur þær raddir“ lítur hún á staðfestingu um almenna ánægju en spyr ekki hvort það stafi af þöggun. Frjálst flæði fjármagns er baráttumál auðræðisins sem ræður fjölmiðlum í landinu. Þöggunin um hlut EES-samningsins í hruni efnahagskerfisins er gott dæmi um þá skoðanakúgun sem ástunduð er af fjölmiðlum og stjórnmálamönnum.

Rósa lætur sig ekki muna um að taka forræði yfir því sem „ljóst er“ þegar hún segir: „Ljóst er að töluvert hefur áunnist í jafnréttismálum þau rúmu 30 ár sem liðin eru frá kjöri Vigdísar Finnbogadóttur“. Ég veit ekki á hvern hátt þessi setning varpar einhverju ljósi á kynjaða orðræðu forsetans. Í þessari setningu speglast þó sú snobbaða sýn að ef einhverjar konur komist á toppinn þá hlýtur öllum konum að líða betur jafnvel þótt dritað sé yfir þær á vinnustöðum, lífsviðurværi þeirra og frelsi ógnað með láglaunastefnu kvennastétta og að þeim sé almennt haldið í skefjum í þjóðmálaumræðunni.

Vissulega óska ég eftir því að fá sterka konu í forsetaembættið. Ég vil sjá konu í embættinu sem af heilindum berst fyrir mannréttindum, kvenfrelsi og lýðræði. Ég vil ekki sjá konu í embætti forseta Íslands sem er teflt fram af körlum sem hyggja á að nýta sér kynjaða vitund kvenna til þess að koma annarri konu í forsetaembættið sem hlýðir kalli valdhafanna.

# „Ég er bara 5 ára…“

Menntamál

Ingibjörg Kristleifsdóttir
formaður Félags stjórnenda leikskóla
Björk Óttarsdóttir
varaformaður Félags stjórnenda leikskóla
Haraldur Gíslason
formaður Félags leikskólakennara
Fjóla Þorvaldsdóttir
varaformaður Félags leikskólakennara

Ég er bara 5 ára og kenna á því fæ,“ söng skáldið um árið. Reglulega kemur upp umræða um 5 ára börn í leikskólum. Því miður sprettur sú umræða sorglega oft upp vegna hagræðingaraðgerða sveitarfélaga og þ.a.l. gleymist oft að ræða hvað er 5 ára börnum fyrir bestu.

Sveitarfélög standa í einhverjum tilfellum frammi fyrir því að framboð á leikskólarými annar ekki eftirspurn á meðan grunnskólabörnum fækkar og húsnæði stendur ónýtt. Þá kemur upp spurningin hvort byggja á nýjan leikskóla, stækka þá sem fyrir hendi eru eða nýta það húsnæði sem fyrir hendi er. Í ljósi efnahagsástandsins virðist það borðleggjandi að nýta tómt grunnskólahúsnæði fyrir leikskóladeildir.

Það má hins vegar spyrja sig hvort hagkvæmasta lausnin sé alltaf sú besta til lengri tíma litið. Hlutirnir ganga ekki endilega best upp þar sem ákvarðanir eru teknar eingöngu út frá einum sjónarhóli, þ.e. hagsmunum pyngjunnar, þar sem markmiðið er að þétta í rifur og stoppa í göt. Þá ræður skammtímahugsun og þekkingarleysi ríkjum en ekki hugmyndafræði menntunar og skólaþróunar.

Dæmi um slíkt er að taka 5 ára börn úr leikskólanum og færa inn í tóma kennslustofu í grunnskólanum án þess að hafa fengið svör við eftirfarandi spurningum:

1. Eru það hagsmunir barnanna sem eru hafðir að leiðarljósi? Leikskólagangan er 4-5 ár, grunnskólagangan er 10 ár. Í leikskólanum er lagður grunnur að öryggi og tengslum í umhverfi sem er hannað með það í huga að þétt utanumhald sé um hvert barn. Færri börn eru á forsjá hvers kennara og áhersla lögð á að koma til móts við þarfir hvers og eins á forsendum barnanna.

2. Hver á að kenna börnunum? Grunnskólakennari hefur ekki réttindi til þess að kenna leikskólabörnum og leikskólakennari hefur ekki réttindi til þess að kenna í grunnskóla. Félag leikskólakennara semur ekki fyrir leiðbeinendur í grunnskóla og öfugt. Kjarasamningar eru auk þess afar ólíkir hvað varðar vinnutíma og ýmsar starfsaðstæður. Hvað með undirbúning og skipulagsdaga í viðkomandi deild? Er 5 ára deildin opin í jólafríinu og yfir sumartímann? Er ekki ýmislegt sem þarf að samræma til að 5 ára deild geti verið „eðlilegur“ hluti af starfsemi grunnskólans og þarf sú samræming ekki að eiga sér stað fyrst?

3. Hvað og hvernig á að kenna börnunum? Á starfsemin að vera skv. aðalnámskrá, skipulagi og hugmyndafræði leikskóla eða grunnskóla?

Þegar börn fara úr leikskólanum yfir í grunnskólann verða mikil umskipti í lífi þeirra. Þau tilheyra stærri hópum í grunnskólanum og kennsluaðferðirnar eru um margt ólíkar. Leik- og grunnskólar byggja að mörgu leyti á ólíkri uppeldis- og kennslufræðilegri hefð. Leikskólastarf byggir á barnhverfri hugmyndafræði þar sem þroski og þarfir barnsins eru í fyrirrúmi. Leikurinn er meginnámsleið barnsins og kennslutæki leikskólakennarans.

Grunnskólinn byggir á kennslumiðaðri hugmyndafræði þar sem formlegt nám barnsins er í brennidepli.

Fimm ára börnin í leikskólanum eru, ásamt sex ára börnunum í grunnskólanum, á mörkum skólastiga. Þroski þeirra og þekkingaröflun beinist að því að undirbúa þau undir lífið. Á síðasta ári leikskólans finna börnin fyrir sérstöðu sinni. Sú sérstaða birtist í þeirri ábyrgð og þeim réttindum sem felast í því að vera elstur. Börnin upplifa sig sem fyrirmyndir og mikilvæg fyrir skólastarfið og yngri börnin. Þessi tilfinning byggir upp sjálfstyrk og ábyrgðarkennd sem er eitt besta veganesti út í lífið sem til er. Það gefur auga leið að þessarar sérstöðu njóta þau ekki innan veggja grunnskólans.

Ákvarðanir um menntun þurfa umfram annað að byggjast á faglegum sjónarmiðum um hvernig börn/fólk lærir best og mest á viðkomandi aldursskeiði. Undirrituð hvetja yfirvöld skólamála til að leita svara við þeim spurningum sem reifaðar eru hér að ofan, áður en ákvarðanir eru teknar sem geta verið fordæmisgefandi. Skammtímahugsun má ekki ráða þegar nám barnanna á í hlut heldur verður skýr stefna, fagmennska og framtíðarsýn að ráða ferðinni.




Langar þig í háskóla en hefur ekki stúdentspróf?

Menntastoðir er tilvalin námsleið fyrir þá sem vilja hefja nám að nýju. Námið hentar þeim sem eru í fullri vinnu.

Skráning stendur yfir í síma 580 1800

MÍMIR símenntun

Ofanleiti 2 - 103 Reykjavík - Sími: 580 1800 - www.mimir.is

# Málning!

**Gerið verðsamanburð á öllum vörum, EKKI BARA TILBOÐUM!**

**MÚRBÚÐARVERÐ**

Deka Pro 4. Loft og veggjamálning. 10 lítrar
**5.390,-**

DekaCryl 7 Innimálning. 10 lítrar
**5.490,-**

Deka Pro 10 Innimálning. 10 lítrar
**5.995,-**

Aqua 25 innimálning á böð 4 lítrar
**3.990,-**

Veggspartl medium,10 lítrar
**3.490,-**

DEKAPRO útimálning, 10 lítrar
**6.990,-**

DEKA PRO þakmálning, 10 lítrar
**9.995,-**

Hágæða sænsk málning 10% gljástig, verð 10L
**5.290,-**
allir ljósir litir

Áltrappa 5 þrep
**5.990,-**
Ath. margar stærðir

ODEN EÐAL OLÍA á palla. Hágæða Silikonalkyd efni. 2,7 lítrar
**4.290,-**

Tréolía 30, 3 lítrar Á pallinn og annað tréverk
**2.790,-**

*Besta þekjandi viðarvörn í Skandinavíu samkvæmt prófun Folksham í Svíþjóð.*
*Sjá www.murbudin.is*

ODEN þekjandi viðarvörn. 1 líter
**1.795,-**

Álstigi 12 þrep 3,67 m
**7.390,-**

Áltrappa 4 þrep
**4.990,-**
Ath. margar stærðir

DEKA SÍLAN vatnsfæla, 5 lítrar
**5.890,-**

Scala Panellakk 15 Glært. 3 lítrar
**3.195,-**

Dicht-Fix þéttiefni. 750ml
**1.795,-**

Scala Steypugrunnur Betoprime glær. 1 líter
**695,-**

Scala málarakýtti
**390,-**

Álstigi 3x8 þrep 2,27-5,05 m
**16.990,-**

Scala Lackfarg 30 (olíu) 1 líter
**1.525,-**

Deka Meistaralakk 40 Akrýllakk. 1 líter
**1.595,-**

Deka menja 1 líter
**895,-**

LF Veggspartl 0,5 litrar
**675,-**

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

Framlengingarskaft fyrir rúllur
**295,-**

Truper litaspray 400ml
**795,-**

Meiri gæði / Lægra verð / MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
*– Afslátt eða gott verð?*

***Reykjavík*** *Kletthals 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16*
***Suðurnes*** *Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14*
***Akureyri*** *Furuvellir 15. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14*
***Húsavík*** *Garðarsbraut 50. Opið virka daga kl. 8-18*
***Vestmannaeyjar*** *Flatir 29. Opið virka daga kl. 8-18*

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

***Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!***

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**WALT WHITMAN** bandarískt skáld (1819-1892) fæddist þennan dag.

*„Vertu forvitinn, ekki dómharður.“*

**ÞETTA GERÐIST:** 31. MAÍ 1929

## *Mikki mús talar í fyrsta sinn*

Mikki mús mælti sín fyrstu orð í kvikmyndinni Karnivalbarnið eða The Karnival Kid sem frumsýnd var þennan dag árið 1929. Myndin, sem leikstýrt var af Walt Disney og Ub Iwerks, var svarthvít og framleidd af Walt Disney-stúdíóinu. Karnivalbarnið var níunda myndin um Mikka mús en í hinum fyrri hafði heyrst í honum blístra, hlæja og gráta. Nú var komið að því að hann tjáði sig og voru fyrstu orðin hans „pylsur, pylsur,“ eða „Hot dogs, hot dogs“. Það var Disney sjálfur sem talaði fyrir Mikka. Auk Mikka komu fram í myndinni þrjár aðrar söguhetjur, þar á meðal Mína mús. Þess má geta að talið er að mögulega hafi þessi fyrstu orð Mikka verið innblástur pylsulagsins í Músahúsi Mikka að því er fram kemur á Wikipedia.




**VERKIN TALA Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK:** RANNSÓKNIR KYNNTAR ALMENNINGI

# Best geymda leyndarmálið í íslensku háskólasamfélagi

Verkin tala er heiti fyrirlestraraðar sem stendur yfir þessa dagana í Háskólanum í Reykjavík (HR). Í henni er boðið upp á hádegisfyrirlestra þar sem kynntar eru rannsóknir fræðimanna í Tækni- og verkfræðideild skólans. Á föstudag verða svo opnar meistaravarnir nemenda í deildinni frá níu til fimm. „Þessir fyrirlestrar sýna vel þá áherslu sem er í deildinni á hagnýt verkefni sem tengjast atvinnulífinu og stuðla að nýsköpun,“ segir Guðrún Sævarsdóttir deildarforseti tækni- og verkfræðideildar háskólans. „Við leggjum þá áherslu í grunnnáminu hjá okkur að setja það í samhengi við raunveruleg verkefni en byggjum vitaskuld á traustri fræðilegri undirstöðu.“

Tækni- og verkfræðideild HR er stærsta deild skólans í nemendum talið. „Það má kannski segja að það sé best geymda leyndarmál menntakerfisins hversu stór deildin er og að hún útskrifar tvo þriðju hluta tæknimenntaðra á háskólastigi, það er að segja þá sem læra verkfræði, tölvunarfræði og tæknifræði,“ segir Guðrún.

Fyrirlestraröðinni Verkin tala lýkur á mánudag, 4. júní. Efniviður fyrirlestranna sem fram undan eru er fjölbreyttur. Á morgun flytur Ólafur Wallevik erindið Er íslenskt best í heimi? Umhverfisvæn steinsteypa. Á föstudag fjalla Einar Jón Erlingsson og Hlynur Stefánsson um hermilíkan af íslenska hagkerfinu og á mánudag segir Jónas Þór Snæbjörnsson frá greiningu á hegðun mannvirkja við vindálag. Fyrirlestrarnir hefjast klukkan 12.15 og standa í hálftíma. Þeir eru í stofu V1.02 Betelgás og eru öllum opnir. Á föstudag eru svo sem fyrr segir opnar meistaravarnir nemenda skólans. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu HR, www.ru.is.

sigridur@frettabladid.is



**GUÐRÚN SÆVARSDÓTTIR** Tók við stöðu deildarforseta Tækni- og verkfræðideildar HR síðustu áramót en deildin útskrifar meirihluta tæknimenntaðra á landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**SKÚLI SKÚLASON**
**bifvélavirki,**
**Miðbraut 22, Seltjarnarnesi,**

er lést þriðjudaginn 22. maí sl. verður jarðsunginn frá Seltjarnarneskirkju 4. júní nk. kl. 13.00.

**Hansína Sigurjónsdóttir**
**Hafsteinn Skúlason** **Brynja Rannveig Guðmundsdóttir**
**Áslaug Ingibjörg Skúladóttir** **Gunnsteinn Guðmundsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**

---



Ástkær eiginmaður minn,

**ROBERT M. HAUSLER**
**f. 18. apríl 1951,**

lést á Hospice líknarheimilinu í Pennsylvaníu þriðjudaginn 15. maí sl. Útför fer fram frá Akraneskirkju og verður auglýst síðar.

**Sólveig Ásgeirsdóttir Hausler.**

Stofnaður hefur verið styrktarreikningur, 0330-13-301248 kt. 280557-3159. **Fjölskyldan.**

---



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**KRISTÍN GESTSDÓTTIR**
**Flókagötu 4, Reykjavík,**

lést fimmtudaginn 24. maí síðastliðinn.
Útförin auglýst síðar.

**Valborg Sigurðardóttir** **Svavar Sölvason**
**Gestur Þór Sigurðsson** **Vilborg Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**GUÐRÚN BRIEM**
**Klapparási 3, Reykjavík,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni þann 24. maí. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík, föstudaginn 1. júní kl. 15.00.

**Þráinn Þórhallsson**
**Gunnlaugur Þráinsson** **Sigríður Einarsdóttir**
**Þórhallur Þráinsson** **Sif Ormarsdóttir**
**Magnús Þór Þráinsson**
**Þóra Þráinsdóttir** **Jón Einarsson**
**og barnabörn.**

---



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**PÁLMI ÓLASON**
**skólastjóri, Ytri-Brekkum, Þórshöfn,**

andaðist á Landspítalanum 25. maí sl. Útför fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 5. júní kl. 15.

**Elsa Þórhildur Axelsdóttir**
**Helga Jóna Pálmadóttir** **Sveinn Aðalsteinsson**
**Axel Pálmason** **Tammy Jean Ganey**
**Gissur Pálmason**
**Davíð Pálmason** **Svava Guðjónsdóttir**
**Óli Pétur Möller Pálmason** **Jóna María Ásmundsdóttir**
**Þorbjörg Pálmadóttir** **Andrés Ívarsson**
**Pálína Pálmadóttir** **Ingólfur Pétursson**
**og barnabörn.**

---





Ástkær móðir okkar og tengdamóðir,

**HINRIKA ÁSGERÐUR KRISTJÁNSDÓTTIR**
**frá Bolungarvík,**
**síðast til heimilis á Hrafnistu í Hafnarfirði,**

og ástkær móðursystir okkar,

**GUÐJÓNA HANSÍNA KRISTJÁNSDÓTTIR**
**frá Bolungarvík,**
**síðast til heimilis á Grund í Reykjavík,**

létust föstudaginn 25. maí sl. Útför þeirra fer fram frá Áskirkju í Reykjavík föstudaginn 1. júní kl. 13.00.

**Stefanía Arndís Guðmundsdóttir** **Pétur Valdimarsson**
**Gyða Kristjana Guðmundsdóttir** **Leó Svanur Ágústsson**
**Birna Edda Guðmundsdóttir**
**Guðný Erla Guðmundsdóttir** **Ríkharð Örn Jónsson**
**Guðrún Hansína Guðmundsdóttir** **Guðni Kjartan Þorkelsson**
**Kristján Ríkharð Guðmundsson** **Guðbjörg Bragadóttir**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**LAURI OLAVI HENTTINEN**

lést 25. maí.

**Auður Gísladóttir Henttinen**
**Guðrún Hannele Henttinen** **Karl Alvarsson**
**Hans Vihtori Henttinen** **Ingunn Alda Sigurðardóttir**
**Ívar Esa Henttinen**

**Egill Kalevi Karlsson** **Irma Gná Henttinen**
**Gréta Liisa Karlsdóttir** **Auður Ilona Henttinen**
**Elín Eva Karlsdóttir** **Styrmir Eero Henttinen**
**Íris Saara Henttinen Karlsdóttir** **Hekla Toini Henttinen**
**Viktor Hugi Henttinen** **og barnabarnabörn**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÓLÖF KARVELSDÓTTIR**
**frá Hnífsdal,**

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði sunnudaginn 27. maí. Útför hennar fer fram frá Langholtskirkju þriðjudaginn 5. júní kl. 11.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð Guðlaugar B. Pálsdóttur reikningsnr. 0142-15-730008, kt. 011244-4759.

**Kristján Pálsson** **Sóley Halla Þórhallsdóttir**
**Ólafur Karvel Pálsson** **Svandís Bjarnadóttir**
**Guðrún Helga Pálsdóttir**
**Ólafía Guðfinna Pálsdóttir** **Arnar Guðjónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐMUNDA ÓLAFSDÓTTIR**
**húsmóðir,**
**Víðivöllum 26, Selfossi,**

lést á krabbameinsdeild Landspítalans föstudaginn 25. maí. Útför hennar fer fram frá Selfosskirkju föstudaginn 1. júní kl. 13.30.

**Jón Viðar Guðjónsson** **Carola Ida Köhler**
**Steinþór Guðjónsson** **Sigríður Garðarsdóttir**
**Reynir Guðjónsson** **Soffía Stefánsdóttir**
**Guðbjörg Guðjónsdóttir** **Sigurður Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



Hjartkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÞORGEIR ÓLAFSSON**
**bifvélavirki,**
**Blásölum 17, Kópavogi,**

sem lést sunnudaginn 27. maí, verður jarðsunginn frá Grensáskirkju mánudaginn 4. júní kl. 15.00.

**Hulda Haraldsdóttir**
**Karl Elí Þorgeirsson** **Helga Bára Bragadóttir**
**Ólafur Ágúst Þorgeirsson** **Jóhanna Þorgilsdóttir**
**Rut Þorgeirsdóttir** **Benedikt Benediktsson**
**Reynir Haraldur Þorgeirsson** **Kristín Ósk Freysdóttir**
**afabörn og langafabörn.**



4BLS BÆKLINGUR
SUMAR TILBOÐ
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
0% VEXTIR
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI
Nú fást allar vörur með vaxtalausum raðgreiðslum til allt að 12 mánaða með 3% lántökugjald og 340kr greiðslugjald af hverjum gjalddaga.
ENN BETRA VERÐ
4GB MINNISLYKILL
Örsmár og glæsilegur Silicon Power Touch T01 minnislykill úr höggvörðu stáli
990
8GB 1.990 • 16GB 3.990
ER AÐ LENDA
PANTAÐU STRAX
4GB MP3 SPILARI
4GB MP3 spilari með endurhlaðanlegri rafhlöðu, flott heyrnartól og hálsól fylgja
4.990
FÆST Í 4 LITUM
7" Spjaldtölva með 2-punkta 800x480 snertiskjá 19.900
8" Spjaldtölva með 5-punkta 800x600 fjölsnertiskjá 29.900
10" Spjaldtölva með 5-punkta 1024x600 fjölsnertiskjá 39.900
PlayTab 2PRO
Glæsilegar multimedia spjaldtölvur fyrir leiki, tónlist, kvikmyndir, internetið og tölvupóstinn með Google Android 4.0 stýrikerfi
SPILAR HD 1080p H.264, MPEG4, MKV og fleira
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
android
7" SPJALDTÖLVA
Spjaldtölva fyrir leiki, tónlist, kvikmyndir, internetið og tölvupóstinn með Android 2.3
16.900
ÓMISSANDI Í SUMARFRÍIÐ:)
SMELLTU Á KÖRFUNA
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP
TÖLVUTEK
Borgartún 31 Reykjavík
Undirhlíð 2 Akureyri
31.MAÍ 2012 - BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL

IVY BRIDGE

INNBYGGÐ HARÐDISK DOKKA

USB3 AÐ FRAMAN

# GIGABYTE

## 3D MONSTER TILBOÐ # 2

- Thermaltake Overseer leikjaturn
- Intel Core i5-3450 Quad 3.5GHz Turbo 6MB
- 8GB DUAL DDR3 1600MHz minni
- 2TB SATA3 64MB Seagate diskur
- 20x DVD SuperMulti skrifari
- 1GB ATI HD7750 OC DX11 skjákort
- 5.1 HD Home Theater hljóðstýring
- Windows 7 Home Premium 64-bit

**179.900**

NÝJASTA KYNSLÓÐ 3D TURNA

ÞRÁÐLAUST LYKLABORÐ OG MÚS

EB1021

NÝ OG ÖFLUGRI

ASUS

# EEEBOX

## BORÐTÖLVA Á TILBOÐI

- Fusion Dual Core X2 E-450 1.65GHz
- 4GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 320GB SATA2 5400RPM diskur
- Hægt er að festa aftan á skjá
- 512MB ATI HD6320 DX11 skjákjarni
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 2xUSB3.0, 4xUSB2, HDMI, VGA o.fl.
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**76.900**

ÖRSMÁ OG ÖFLUG HEIMILISTÖLVA

ANDROID 4.0 ICE CREAM SANDWICH

AÐEINS 9mm ÖRÞUNN OG FISLÉTT

NÝ VAR AÐ LENDA

mali 3D GRAPHICS

USB 3.0

10X HRAÐARA TENGI OG SAMHÆFT VIÐ ELDRI USB2 Á ENN MEIRI HRAÐA

LACIE

# MINIMUS

## 2TB USB 3.0 FLAKKARI

LaCie Minimus er glæsilegur 2TB USB 3.0 flakkari í höggvörðu burstuðu álhúsi með enn meiri hraða og sá minnsti sinnar tegundar.

- 2TB LaCie hágæða flakkari
- Hannaður af hönnunarliði LaCie
- Nær hljóðlaus viftulaus hönnun
- Sparar orku og slekkur á sér sjálfur
- Blár ljósbjarmi aftan á flakkaranum
- 1-Click afritunarhugbúnaður
- Virkar með PC og MAC tölvum
- SuperSpeed USB 3.0 / USB 2.0

**24.900**

FLAKKARAR Í MIKLU ÚRVALI

SÁ MINNSTI AF SINNI TEGUND

LACIE

# 500GB

## RIKIKI USB 3.0 FLAKKARI

- 500GB LaCie hágæða flakkari
- 10X meiri hraði með USB 3.0
- Örsmár í lófa og aðeins 176gr.
- Þarf ekki straumbreyti
- Sérhannaður USB3 kapall, USB2 samh.
- Öryggis- og afritunar hugbúnaður
- Höggvarið Metal Black álhús

**16.900**

ÚRVAL FLAKKARA FRÁ 12.900

# ISURUS

## HEYRNARTÓL

Þægileg heyrnartól úr léttu gúmmí, hljóðnemi á snúru, svarhnappur fyrir síma, góður og tær hljómur, þéttur bassi og handhæg taska fylgir

Tt eSPORTS By Thermaltake

**4.990**

FÁST Í 3 LITUM

Ertu í vandræðum með þráðlausa netið?

624UB

# USB WiFi

## NETKORT

- Hraðvirkt WiFi300 N USB netkort
- Allt að 300Mbps nethraði
- Sérstaklega nett hönnun
- Ótrúlega þægileg uppsetning með WPS
- Forgangsröðun á þráðlausri umferð
- Frábær drægni með MIMO tækni

TRENDnet

**3.990**

USB WIFI 150 2.990 | USB WIFI 450 9.990

ENN BETRA VERÐ

# 120GB

## SATA3 SSD

- 120GB Mushkin Chronos SSD diskur
- Háhraða SATA3 SSD stýrikerfisdiskur
- Read 550MB/sec, Write 515MB/sec
- SandForce SF2281 háhraða stýring
- TRIM fyrir meiri stýrikerfishraða
- 90000 IOPS einn hraðasti SSD í dag

**24.900**

60GB 14.900 • 240GB 49.900

ÁBRENNT ÍSLENSKT LETUR

# GIGABYTE FORCE K3

Glæsilegt leikjalyklaborð með sérstakri Matt Black áferð ásamt ábrenndu íslensku letri

**5.990**

GIGABYTE FORCE K3 LEIKJALYKLABORÐ

FÁANLEG SVÖRT, RAUÐ EÐA HVÍT

# M7700

## ÞRÁÐLAUS

- 2.4GHz þráðlaus 10 metra tækni
- Nano sendir geymist í músinni
- High-precision Laser 1600dpi tækni
- Stillanleg 800 - 1600dpi upplausn
- 5 hnappar og 4ra átta skrunhjól
- Rafhlaða endist í 6+ mánuði

**4.990**

BLUETOOTH ÚTGÁFA KR. 5.490

TÖLV

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900



## ALLIR Í SANDALANA

**Flatir sandalar verða áberandi í sumar líkt og í fyrrasumar. Gladíatorstíllinn heldur sér enda sló hann algerlega í gegn í fyrra.**


Eirberg



Verð: 7.950 kr.
Fjölþrepa bakbrettið
Teygir á hrygg og bakvöðvum
Opið virka daga í sumar frá kl. 9 - 18 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is

GLÆSILEGUR



Létt fylltur og glæsilegur í B, C skálum á kr. 5.500,- buxur í stíl á kr. 1.995,-

Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
10-14 laugardaga
Vertu vinur

20% afsláttur af ÖLLUM vattjökkum!
Tilboðsverð frá 14.390 kr
Gott úrval og fallegir litir í stærðum 36-52.
Vertu vinur okkar á Facebook
hjá Hrafnhildi
• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 laugardaga frá kl. 10-16




# KAUPIR SÉR ALLTAF CONVERSE-SKÓ

**HÆFILEIKARÍKUR PÍANISTI** *Jón Birgir Eiríksson er ungur píanóleikari með Converse-áráttu. Hann hefur náð langt í tónlistinni á árinu.*

Jón Birgir Eiríksson er 19 ára gamall píanisti sem stundar nám við Verslunarskóla Íslands. Jón er mikill smekkmaður en veikleiki hans er, eins og margra annarra, Converse-skór. Jón kaupir mikið af fötum á netinu þar sem honum þykir verðlagið í verslunum hér á landi allt of hátt. Hann verslar mest í Urban Outfitters og American Apparel en stíllinn hans einkennist af hettupeysum, litríkum bolum og auðvitað Converse-skóm.

Jón Birgir er ekki bara smekkmaður heldur líka mikill tónlistarmaður því í ár er hann búinn að spila á píanó í tveimur sýningum; Bugsy Malone sem Versló setti upp og Ævintýri Múnkhásens sem sýnt er í Gaflaraleikhúsinu. Jón byrjaði að æfa á píanó aðeins 5 ára gamall en þurfti að hætta fyrir ári vegna anna. „Ég gæti vel hugsað mér að starfa við tónlist í framtíðinni, það er þó ekkert ákveðið,“ segir Jón inntur eftir framtíðarplönum. „Mig langar þó að vinna í eitt ár eftir menntaskóla og ferðast.“ Í sumar ætlar Jón hins vegar að vinna á hóteli og í kosningamiðstöð Ólafs Ragnars Grímssonar.

Jón Birgir segist mjög snobbaður á tónlist og hlustar helst bara á tónlist sem kom fram fyrir 1990. „Ég elska djass og fönk og Miles Davis og Earth, Wind and Fire eru mestu uppáhaldi.“

■ gunnhildur@365.is

**VERSLAR Á NETINU** Jón Birgir verslar mest á netinu enda finnst honum verðlagið á Íslandi hátt. MYND/GVA


Sofðu vel - heilsunnar vegna
VORTILBOÐ Á ÖLLUM STILLANLEGUM HEILSURÚMUM

MIKIÐ ÚRVAL AF SVEFNSÓFUM



12 mánaða vaxtalausar greiðslur*

PROFLEX



Með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.
Verð frá kr. 339.900 á hjónarúmi.




Listhúsinu Laugardal, 581 2233 · Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 · Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 · laugardaga 12.00 - 16.00

## HVERNIG VIRKAR BRÚNKUKREM?

**Breytingarnar koma fram eftir eina klukkustund.**

**VIRKNIN NÆR HÁMARKI EFTIR 8-24 TÍMA**
Brúnkukrem innihalda efnið dihydroxyacetone (DHA), en einnig eru til efni sem innihalda svokölluð „bronzers“ sem eru vatnsleysanleg litarefni.



Þau brúnkukrem sem innihalda DHA verka þannig að DHA gengur í efnasamband við ákveðnar amínósýrur sem er að finna í ríkum mæli í efstu lögum húðarinnar. Við efnahvarfið myndast brún litarefni sem kölluð hafa verið „melanoidin“. Breytingar á lit húðarinnar koma fyrst fram um 1 klukkustund og ná hámarki eftir 8-24 klukkustundir. Liturinn dofnar síðan og hverfur á 5-7 dögum. *heimild:visindavefur.hi.is*

**25% afsláttur af öllum vörum frá X-Two til 2. júní**



x·two

Verslunin Belladonna á Facebook

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460
www.belladonna.is



**Mind Xtra**
*fyrir konur eins og þig*

**20% afsláttur af öllum vörum þessa helgi**

MIND
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073

FJÖRÐUR
www.fjordur.is

**Grafarvogsdagurinn**

**Laugardaginn 2. júní verður Grafarvogsdagurinn haldinn hátíðlegur í 15. sinn.**

**Hátíðarhöldin fara fram á Gufunessvæðinu milli kl. 13:00-16:00.**





**Allir hjartanlega velkomnir.**

**Ókeypis aðgangur.**

**Nánari upplýsingar um dagskrá Grafarvogsdagsins er að finna á: www.midgardur.is**

**Fjölskyldan skemmtir sér saman.**


# HANNAÐI NÆLU HANDA DROTTNINGUNNI

**HEIÐUR** *Kristján Eyjólfsson gullsmiður býr og starfar í Englandi þar sem hann rekur eigið fyrirtæki ásamt konu sinni, Ivonne. Kristján varð nýlega þess heiðurs aðnjótandi að hanna og smíða barmnælu fyrir Elísabetu Englandsdrottningu. Hann var spurður hvernig það hefði komið til.*

Þetta atvikaðist þannig að forráðamenn hins Konunglega Garðyrkjufélags, The Royal Horticultural Society (RHS), sáu sérsmíði sem ég hannaði á síðasta ári. Mér var sagt að það hefði orðið kveikjan að þeirri hugmynd að í fyrsta sinn í sögu félagsins yrði gerður skartgripur fyrir „Chelsea Flower Show“ sem jafnframt yrði tengdur Diamond Jubilee, eða 60 ára valdatíð drottningar. Elísabet hefur opnað þessa árlegu blómasýningu 48 sinnum í valdatíð sinni. Í tengslum við sýninguna ár hvert er efnt til dýrindis galakvöldverðar og ég var beðinn um að smíða skartgripi sem minntu á blómið magnolíu. Ég smíðaði um 300 stykki og tók allt hönnunar- og vinnuferlið um það bil fjóra mánuði,“ útskýrir Kristján.

„Þegar fjórar vikur voru í sýninguna hafði RHS samband og bað mig að hanna og smíða nælu handa drottningu sem gefin yrði í tilefni 60 ára afmælisins. Við Ivonne vorum jafnframt beðin um að vera viðstödd þegar forseti RHS gaf drottningu næluna. Um 5.000 manns voru við opnun sýningarinnar.“



**ALLTAF FÍN** Hér er drottningin með næluna sem Kristján smíðaði og hannaði sérstaklega handa henni.

**ÁNÆGÐ MEÐ GJÖFINA**

„Drottningin spurði hvort ég hefði smíðað þessa nælu. Hún brosti breitt þegar ég svaraði því játandi og bætti við: „Ég smíðaði hana handa þér.“ Hún virkaði ákaflega ljúf kona. Ég fékk mikið út úr því að sjá viðbrögð hennar. Hún skoðaði næluna vandlega og virtist mjög hamingjusöm með hana,“ segir Kristján ennfremur.

Hann segist hafa skoðað mikið af konunglegu skarti, bæði á söfnum og í bókum áður en hafist var handa. „Ég fékk löngun til að gera eitthvað nútímalegt handa henni en við hönnunina var ég beðinn að hafa í huga blómið Iris Unguicularis.

Nælan er úr hvítagulli og stílfært íslenskt víravirki myndar mynstur í blöðum blómsins. Hún ber yfir 100 eðalsteina, þar á meðal tourmaline, tanzanite, tsavorite demanta og safíra. Nælan er síðan með stórum náttúrulegum gulum demanti í miðju blómsins.“

**HEFUR VAKIÐ ATHYGLI**

Kristján segir að þessi heiður hafi mikið gildi fyrir hann sem gullsmið og fyrirtæki þeirra hjóna. „Verkefnið hefur fengið mikla fjölmiðlaumfjöllun. Ég hef unnið mikið að sérsmíði skartgripa en ég nota aðeins endurunnið gull, silfur og platínu. Hjá London Assay Office eru sannreynd gæði þeirra skartgripa sem framleiddir eru í Bretlandi og ef þeir standast prófun fá þeir merkingu með þar til gerðum málmstimpli. Í samvinnu við þá höfum við hannað og skráð stimpla sérstaklega fyrir endurunna málma. Því miður eru námuvinnslur í heiminum þar sem námuverkamenn vinna við mannsæmandi aðstæður, öryggi og full mannréttindi ekki nægilegar margar. Í ljósi þess höfum við ákveðið að vinna náið með bresku fyrirtæki sem sérhæfir sig í endurvinnslu og hreinsun eðalmálma,“ segir Kristján sem er að undirbúa stóra sýningu, Pavilion, í Somerset House í hjarta Lundúna, 13. - 17. júní. Okkur hefur verið boðið að taka þátt í annarri sýningu í haust sem kallast Goldsmiths' Fair svo það er nóg að gera þessa dagana.“



**VEKUR ATHYGLI** Kristján Eyjólfsson, gullsmiður í Englandi, hefur vakið mikla athygli fyrir skartgripi sína.



**DROTTNINGARLEG** Nælan sem Elísabet Englandsdrottning fékk í tilefni af 60 ára valdatíð sinni.

# HÖNNUÐUR MEÐ TÍSKUBLOGG

*Skóhönnuðurinn heimsþekkti Jimmy Choo hefur opnað tískublogg, choo247.*

Tískuhönnuðurinn Jimmy Choo, sem er hvað þekktastur fyrir glæsilega og nýtískulega hælaskó sína, hefur nú opnað tískublogg. Hann fékk tískuljósmyndarann Eddie Newton í lið með sér til að hleypa síðunni Choo 24:7 af stokkunum þar sem götutíska fær að njóta sín.

Gestir síðunnar eru hvattir til að senda inn myndir af sjálfum sér sem eru lýsandi fyrir þeirra persónulega stíl þar sem þeir eru í Jimmy Choo skóm eða með fylgihluti frá honum.

Þeir félagar opnuðu síðuna til að koma til móts við þann mikla fjölda sem hefur áhuga á götutískuljósmyndun og þá félagslegu þörf fólks að miðla tísku gegnum blogg.

Úrval bestu myndanna birtist á síðunni choo247.com þar sem hægt verður að deila þeim áfram á Facebook, Twitter og Pinterest. Gestir síðunnar geta svo smellt á hlekk sem leiðir þá á heimasíðu hönnuðarins þar sem þeir geta keypt sambærilega vöru og er á myndinni.



**STÓRLAX** Það eru ekki einungis óbreytt áhugafólk um tísku sem opnar tískublogg. Jimmy Choo hefur nú bæst í hópinn. NORDIC PHOTOS/AFP

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is** s 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is** s 512 5432
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# ÁHRIF FRÁ DOWNTON ABBEY HJÁ BURBERRY

**SANNIR HERRAMENN** *Karlmenn hafa meiri áhuga á hátísku eftir hrunið og efnahagsleg niðursveifla virðist ekki koma niður á tískumerkinu Burberry. Þvert á móti hefur orðið mikill söluhagnaður hjá fyrirtækinu.*

Haust- og vetrarlína herra 2012-13 frá Burberry hefur yfir sér klassískt og elegant yfirbragð. Tvíhnepptir jakkar og frakkar úr góðum efnum við þröngar buxur. Salan á Burberry karlmannsfatnaði hefur aukist um 26% undanfarin ár og á fylgihlutum um 50%. Að sögn Angelu Ahrendts, forstjóra Burberry, fer mesta salan fram í 25 stærstu borgum í heiminum. Vel launaðir karlmenn og ferðamenn eru helstu viðskiptavinir. Fylgihlutir fyrir Ipad hafa verið sérstaklega vinsælir hjá karlmönnum.

Margir hafa lýst yfir áhyggjum varðandi sölu á lúxusfatnaði, sérstaklega þar sem niðursveifla hefur verið á evrusvæðinu. Helstu áhyggjurnar eru þó þær að Kína fari sömu leið en þar hefur verið gríðarlegur uppgangur síðustu ár.

Þegar Burberry sýndi haust- og vetrarlínu sína fyrir 2012-13 á Ítalíu vakti mikla athygli hversu herraleg og smart hún er. Hönnuður Burberry, Christopher Bailey, kallaði sýninguna The Gentleman sem var vel við hæfi. Sumir telja að hann hafi fengið innblástur frá sjónvarpsþáttunum Downton Abbey sem hafa náð miklum vinsældum. Tweed-húfur og snyrtilegir jakkar voru áberandi. Christopher Bailey, sem er frá Yorkshire, er sagður hafa komið Burberry fyrirtækinu inn í nýja tíma með hönnun sinni, enda hefur velgengni fyrirtækisins aukist til muna eftir að hann réði sig til fyrirtækisins 2001.

Áður hannaði hann kvenföt fyrir Gucci og Donnu Karan.



**HERRAMAÐURINN** Tvíhneppt jakkaföt. Jakkinn er þröngur og frekar stuttur. Tweed-húfan passar vel við.



**SÍGILDUR** Vandaður brúnn frakki frá Burberry. Þessi hönnun er tímalaus og endist lengi.



**MEÐ MYNSTRI** Skyrta frá Burberry með mynd að framan. Fyrir þá sem vilja skera sig úr.

## SUMARLEGT SKRAUT

**Mörgum börnum finnst gaman að föndra. Einfalt er fyrir þau að þræða ávaxtasneiðar á band og búa til litríkt hálsmen.**



**■ EINFALT OG FLOTT** Sniðugt er að nota þurrkaða ávexti sem skraut á hálsfestar. Það má þurrka sneiðar af til dæmis appelsínum og sítrónum í ofni. Þá eru sneiðarnar settar á grind og látnar vera í tvær til þrjár klukkustundir inni í ofni á 120 gráðum. Það þarf að snúa þeim og fylgjast með þeim svo þær brenni ekki.

Þegar ávaxtasneiðarnar eru tilbúnar má þræða þær upp á band úr til dæmis leðri og setja fallegar perlur eða einhvers konar litríkar kúlur með. Þetta er einfalt og auðvelt fyrir krakkana að dunda sér við og útkoman verður fallegt sumarskraut til að hengja um hálsinn.




# TÉKKNESKT SKART ÚR GRÓFU REIPI

***Hönnun þeirra Daniels Pošta og Zdenék Vacek hefur vakið athygli í helstu tímaritum heimsins.***

Tékknesku skartgripahönnuðirnir Daniel Pošta og Zdenék Vacek hanna undir merkinu Zorya. Í hönnun sinni leita þeir gjarnan eftir innblæstri í náttúruna og jafnvel í líffræði en í nýjustu línu Zoria byggja þeir á tilhneigingu vírusa til að breiða úr sér og yfirtaka umhverfi sitt.

Daniel og Zdenék hafa þróað aðferð til að yfirfæra þessa tilhneigingu á hönnun sína en í hluta línunnar er efnið alum látið kristallast á grófu reipi. Línan hlaut Grand Design Awards í Tékklandi í ár. Nánar má forvitnast um hana á vefsíðunni www.zorya.cz.



**GRÓFT** Hönnunarteymið Zorya fékk tékknesku hönnunarverðlaunin 2012 fyrir línuna. MYND/ZORYA.CZ



**INNBLÁSTUR ÚR LÍFFRÆÐI** Efnið alum er látið kristallast á grófu náttúrulegu reipi svo úr verður fallegt skart.



# SJÓARINN SÍKÁTI HEFST Í GRINDAVÍK

**GRINDAVÍKURBÆR KYNNIR** *Þorsteinn Gunnarsson, upplýsingafulltrúi Grindavíkurbæjar, segir að á hátíðinni Sjóaranum síkáta, sem fer fram um helgina, verði fjölbreytt dagskrá með eitthvað fyrir alla. Hann hvetur fólk í nærsveitum og víðar til að líta við.*







Hátíðinni Sjóaranum síkáta, sem hefst í dag, hefur vaxið fiskur um hrygg undanfarin ár og dagskráin verður glæsilegri með hverju ári sem líður. „Allir ættu að fá eitthvað fyrir sinn snúð, hvort sem það eru börn, unglingar eða eldra fólk. Þetta er sannkölluð fjölskylduhátíð og við hvetjum fólk til að renna til Grindavíkur. Það er ekki nema hálftíma akstur frá Reykjavík, svo er um að gera fyrir Sunnlendinga að keyra Suðurstrandarveginn,“ segir Þorsteinn.

**BÆJARBÚAR TAKA ÞÁTT**

Í aðdraganda hátíðarinnar er bænum skipt í fjögur litahverfi; Rautt, blátt, grænt og appelsínugult. Í hverju hverfi er starfandi hverfisstjóri og ýmsar nefndir, þar á meðal skreytinganefnd sem sér um almennar skreytingar í hverfunum. Mikill keppnisandi hefur hlaupið í fólk og hugmyndaríkar skreytingar prýða hús og umhverfi. „Bærinn er ótrúlega líflegur að sjá; gínum er stillt upp á þök, sturtuklefar settir út í garða, bátar málaðir og dregnir inn á lóðir, ýmsar uppstillingar, skreytingar og annað skemmtilegt að sjá.“ Á föstudagskvöldið er heljarinnar götugrill þar sem íbúar hverrar götu grilla saman. Að því loknu sameinast íbúar hvers hverfis í skrúðgöngu, öll hverfin mætast svo hjá kirkjunni þar sem gengið er niður að menningarhúsinu Kvikunni niðri við höfnina. „Það er stórbrotið sjónarspil að sjá alla bæjarbúa, unga sem gamla samankomna í litskrúðugum búningum með óteljandi blöðrur, á bílum og vögnum, traktorum og fleiru að fagna saman.“

**KVÖLDSKEMMTANIR**

Í kvöld mun Raggi Bjarna ásamt einvala liði hljóðfæraleikara halda tónleika þar sem flutt verða gömlu sjómannalögin. Á veitingahúsinu Kantinum verður svo reggíhljómsveitin Hjálmar ásamt hljómsveitinni Funk That Shit sem hitar upp. Á föstudagskvöld er svo götugrill og skrúðganga sem endar með stórskemmtilegu bryggjuballi niðri við höfn þar sem Páll Óskar mætir, Ingó og Veðurguðirnir, Hreimur og karlakór Sjómannaskólans ásamt listamönnum úr heimabyggð. Í Salthúsinu spilar Grindvíska hljómsveitin R.I.P. og á Kantinum verða Úlfur Úlfur og MC Gauti ásamt plötusnúði.

Á laugardagskvöldið verður ball með Páli Óskari í íþróttahúsinu, Skítamórall og Blúsmenn Andreu Gylfa verða í Salthúsinu, Geirmundur Valtýsson á Kantinum ásamt fleiri uppákomum. Á sunnudagskvöldið mætir hljómsveitin Valdimar og heldur tónleika í Íþróttahúsinu og rennur allur ágóði til björgunarsveitarinnar Þorbjarnar. „Þessi glæsilega dagskrá, utan aðalsviðsins, er sjálfstætt framtak þeirra sem eiga skemmtistaðina hér í bænum. Þetta er því að breytast í eina stærstu tónlistarveislu sem haldin er hér á suðvesturhorninu.“

**FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ**

Nóg er um að vera fyrir yngstu kynslóðina og líklegra að hún nái ekki að taka þátt í nema broti af þeim viðburðum og uppákomum sem í boði eru. „Það verða glæsileg atriði á aðalhátíðarsvæðinu við höfnina. Solla stirða og Skoppa og Skrítla mæta á svæðið og sterkustu menn Íslands munu etja kappi. Svo eru hefðbundin leik- og tívolítæki, reykköfun með leikhúsreyk fyrir 14 ára og eldri, veltibíll frá Sjóvá, lazer tag, gokart bílar, ratleikur, bátsferðir, hestateyming, fornbílasýning, sjópulsa, dorgveiði og brúðubíllinn, ásamt ótal fleiri viðburðum.“

**FLOTTASTA TJALDSVÆÐI LANDSINS**

Vilji fólk gera sér ferð til Grindavíkur og gista á tjaldsvæðinu er það vel búið. „Þeir segja það helstu spekingarnir í þessum málum að þetta sé flottasta tjaldsvæði landsins,“ segir Þorsteinn stoltur. Tjaldvæðið var opnað 2009 og er alls 13.500 fermetrar með tveimur leiksvæðum fyrir börn með rólum, tveimur köstulum og köngulóarneti. Þjónustuhús á tjaldsvæðinu er með fullkomnu eldhúsi fyrir gesti til að elda, þvottahúsi, sturtum, interneti og fleiru.

**SJÓMENN HEIÐRAÐIR**

Aðalhátíðarhöldin eru á sunnudeginum enda er það sjómannadagurinn. „Þá eru sjómenn heiðraðir fyrir störf sín og veittar heiðursviðurkenningar. Svo er auðvitað kappróður og koddaslagur og fleira sem á sér áratuga hefð á sjómannadegi. Þó að hátíðin vaxi er haldið í hefðir og venjur, enda er uppruna og styrk okkar að finna þar.“

**ANNAÐ Á DAGSKRÁ**

Auk skemmtiatriða á aðalsviðinu er fjöldinn allur af myndlistar-, ljósmynda- og handverkssýningum víðs vegar um bæinn. Einnig er handverksmarkaður á bryggjusvæðinu þar sem hægt er að gera kjarakaup á glæsilegum munum, fatnaði og öðru. „Ekki má gleyma því að það eru haldin Íslandsmót í ýmsu hérna um helgina. Sterkasti maður Íslands, Íslandsmótið í netagerð, sjómanni og kerlingahlaupi ásamt fleiri keppnum,“ upplýsir Þorsteinn. Allar nánari upplýsingar um Sjóarann síkáta er að finna á heimasíðu Grindavíkur: www.grindavik.is.

**LITRÍK SKRÚÐGANGA** Bænum er skipt upp í fjögur litahverfi sem sameinast svo í skrúðgöngu um bæinn.



**STOLTUR AF HÁTÍÐINNI** „Þetta er að breytast í eina stærstu tónlistarveislu sem haldin er hér á suðvesturhorninu.“

## DAGUR Í LÍFI SJÓMANNSKONU

# HEIMILIÐ KALLAR

**24 TÍMAR** *Dagurinn byrjar snemma hjá Evu Björgu Sigurðardóttur sem er með heimilið fullt af börnum. Við taka dagleg heimilisstörf ásamt skutli í skóla og víðar.*



**06.00-12.00**

Vakna milli 6 og 7 með yngsta stráknum, fáum okkur að borða. Vek eldri bræðurna upp úr sjö; sett í töskur, borðað, allir út í bíl og keyrt í skólann. Fer stundum með þeim inn og hlusta á söngstund. Komin heim um 9. Við taka heimilisstörf, með litla krílið á handlegg. Svo fæ ég einhvern í heimsókn eða fer sjálf. Stundum farið í göngur með öðrum mömmum og teknar léttar æfingar.

**12.00-18.00**

Heimir, sá yngsti, sefur milli 11 og 14. Þá er tekið til, skúrað, rótað í garðinum eða gengið í önnur heimilisstörf. Farið að ná í strákana í skólann, skutlað á æfingar, heimalærdómur, borðað, þvegið og annað. Oft eru fleiri börn á heimilinu og mikið tuskast og ærslast, svo það er vanalega handagangur í öskjunni.

**18.00-00.00**

Elda matinn, litli drengurinn svæfður, kem hinum í háttinn. Frágangur og kannski smá afslöppun. Vil helst vera komin í rúmið fyrir 23.

**00.00-06.00**

Svíf um í draumalandinu.

## DAGUR Í LÍFI SJÓMANNS

# SJÓRINN KALLAR

**24 TÍMAR** *Rafn Franklín Arnarsson rær frá Austurlandi fjarri heimahöfn. Vinnudagurinn getur náð allt að 22 tímum. Þá er unnið út í eitt og sofið í stubbum.*



**06.00-12.00**

Línan dregin frá fjögur um nótt til svona tíu um morguninn, fisknum komið fyrir og gert að. Þá er gengið frá. Ég fæ mér svo að borða og svo höldum við af stað í land. Erum á siglingu frá tíu til tólf. En þetta er auðvitað misjafnt eftir því hversu mikið fiskerí er og hve langt er á miðin.

**12.00-18.00**

Vanalega leggja menn sig á heimleið frá 12-16. Svo er aflanum landað og gengið frá til 18.

**18.00-00.00**

Borða og fer í sturtu, kíki á veðurspá og fleira. Lagt af stað á miðin um níuleytið. Fjögurra tíma sigling á miðin. Tíminn nýttur og menn leggja sig enda orðnir vanir að sofa í litlum stubbum. Þó er alltaf einn sem vakir við stýrið.

**00.00-06.00**

Línan er lögð frá eitt til þrjú. Þá er borðað eitthvað og kaffisopinn teygaður. Frá fjögur er línan dregin, en það fer allt eftir fiskiríi hversu langan tíma það tekur.

## FJÖLSKYLDAN OG SJÓMENNSKAN

***Fjölskyldulífið hjá Rafni Franklín Arnarssyni og Evu Björgu Sigurðardóttur er kannski ekki eins og það gerist hjá flestum. Rafn er sjómaður og Eva heimavinnandi húsmóðir og annast þrjá orkumikla stráka sem þau eiga saman; 1 árs, 7 og 9 ára.***

**HÁLFT ÁRIÐ Í BURTU**

***Rafn rær hálft árið frá Grindavík en frá maí og fram í nóvember fer hann út á land og rær þaðan. Fjarvistir eru því miklar stóran hluta árs. Heimilislífið er mjög breytilegt eftir því hvaðan Rafn rær. Það ríkir þó virðing og skilningur á báða bóga fyrir störfum hvors annars.***

HEIMASÍÐUGERÐ

FIMMTUDAGUR 31. MAÍ 2012

Kynningarblað Vefumsjónarkerfi, leitarvélar, internetráðgjöf o.fl.

# Gaman að þróa nýjar lausnir

Smartmedia er framsækið margmiðlunarfyrirtæki sem einbeitir sér að vefsíðugerð og sérlausnum fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Smartmedia er einnig áttundi stærsti hýsingaraðilinn á .is lénum á Íslandi.

Þegar við byrjuðum í þessum geira sáum við að það kostaði annan handlegginn að koma sér upp og viðhalda heimasíðu. Við teljum okkur hafa breytt því og nú er á allra færi að opna heimasíðu eða netverslun," segir Sæþór Orri Guðjónsson, eigandi Smartmedia.

„Við höfum til dæmis boðið upp á staðlaðar vefsíður, netverslanir og bókunarsíður án stofngjalds. Viðskiptavinurinn getur þannig komið sér upp heimasíðu með 0 króna útborgun gegn 18 mánaða bindisamningi við okkur. Enn fremur getur viðskiptavinurinn valið um fjölda útlita sem öll eru hönnuð af starfsmönnum Smartmedia," segir Sæþór.

Allar staðlaðar vefsíður fyrirtækisins fara einnig í gegnum hönnunarferli og eru mótaðar í takt við hugmyndir hvers viðskiptavinar. Sæþór segir netverslanir vinsælastar af stöðluðum síðum Smartmedia.



Starfsmenn Smartmedia hafa yfir að búa áralangri reynslu í vefsíðugerð og margmiðlun ásamt sölu- og markaðssetningu. MYND/GVA

„Við sérhönnum einnig vefsíður fyrir okkar viðskiptavini og höfum jafnframt verið mikið í því að setja upp útlit sem hafa komið frá grafískum hönnuðum og auglýsinga- og markaðsstofum. Fólk er í dag almennt móttækilegra fyrir því að panta vörur á netinu og fá þær sendar heim. Í stöðluðu netverslununum okkar erum við til dæmis með kúnna sem eru með um 10-15 þúsund vörur í 200-300 vöruflokkum. Það eru engar takmarkanir á fjölda vara svo lengi sem það er innan þess gagnamagns sem fylgir með. Okkar þjónusta hefur gert hverjum sem er kleift að hefja eigin rekstur, til dæmis með því að opna netverslun eða kynningarsíðu um þá þjónustu sem hann býður upp á. Við bjóðum lausnir fyrir einstaklinga og minni fyrirtæki sem vilja koma sér á framfæri á netinu en einnig fyrir stór og kröfuhörð fyrirtæki sem reka verslanir á Íslandi," segir Sæþór.

Allar vefsíður Smartmedia keyra á eigin vefumsjónarkerfi sem hannað er frá grunni af starfsmönnum Smartmedia með skilvirkni og einfaldleika í huga. Kerfið er á íslensku og viðskiptavinir hafa fulla stjórn á öllu efnisinnihaldi á vefsíðunni sinni. Þeir geta sjálfir skrifað fréttir, sett inn myndir og stofnað undirsíður þar sem kerfið er mjög einfalt í notkun.

„Meðal viðskiptavina okkar eru bæði stór og millistór fyrirtæki sem vilja nýta sér sérþekkingu og þjónustu okkar sér til hagsbóta. Við fáum oft að heyra að okkur hafi tekist að lækka rekstrarkostnað fyrirtækja og aukið afköst, hvort sem það er í formi virkni síðunnar eða aukinnar sölu á vefsíðunni," segir Sæþór.

Meðal lausna sem Smartmedia býður upp á eru venjulegar heimasíður, öflugt netverslunarkerfi, bókunarkerfi fyrir gistiheimili og ferðaþjónustuaðila, tímabókunarkerfi og eitt öflugasta bílabókunarkerfi landsins. Þá má einnig nefna tengingu við reiknings- og bókhaldskerfi eins og DK, sem gerir rekstur netverslunar nánast sjálfbæra.

„Mottóið okkar er að það er allt hægt, enda þykir okkur gaman að þróa og hanna eitthvað nýtt með viðskiptavinum okkar. Fyrir þá sem vilja kíkja á okkur og spjalla er alltaf heitt á könnunni í Síðumúla 25."






# Veflausnir sem auka árangur fyrirtækja

Að mörgu er að huga þegar setja þarf á fót vef fyrir fyrirtæki og stofnanir. Allra Átta býður upp á lausnir fyrir alla aðila.

Vefsíðufyrirtækið Allra Átta býður upp á úrval lausna á sviði internetráðgjafar, veflausna og grafískrar hönnunar. Björn Jóhannsson, markaðsstjóri Allra átta, segir að ýmsu þurfi að huga að við hönnun og rekstur góðs vefs. „Þarfagreining og stefnumótun fyrir vefinn er jafn mikilvæg og vefurinn sjálfur. Huga þarf að því hver markhópurinn er og hvernig hann og fyrirtækið geta átt í samskiptum gegnum vefinn. Einnig þarf að huga vel að leitarvélabestun, líftíma vefsins og samfélagsmiðlum svo eitthvað sé nefnt.“



Stöðufundur með Siggu Lund og Birni markaðsstjóra þar sem verið er að fara yfir næstu skref í þróun vefsvæðisins www.siggalund.is en stöðug þróun vefs er lykillinn að árangri. MYND/VILHELM GUNNARSSON

### Leitarvélar skipta máli

Miklu máli skiptir að fá jákvæðar niðurstöður úr leitarvélum, t.d. Google. Þá þarf að hafa nokkra þætti í huga segir Björn. Huga þarf vel að textanum á síðunni, undirsíðum og fyrirsögnum. „Hér skiptir val á leitarorðum öllu máli. Fyrst þarf að velja þau leitarorð sem skipta mestu máli fyrir fyrirtækið, vöruna og atvinnugreinina. Síðan eru þau keyrð gegnum greiningartæki Google sem segir þér hversu oft hverju orði var slegið upp í leitarvélinni. Í framhaldinu eru þau orð notuð mest í texta síðunnar sem oftast er leitað að.“ Björn segir slík vinnubrögð eiga almennt við um þá aðila sem vilja eiga viðskipti gegnum vefinn. „Sem dæmi skiptir þetta netverslanir miklu máli og þá aðila sem veita þjónustu gegnum vefinn, til dæmis ferðaþjónustufyrirtæki.“

### Snjallsímar og spjaldtölvur breyttu miklu

Vefhönnun hefur breyst mikið með tilkomu snjallsímans og spjaldtölvunnar. Björn segir að á tveimur árum séu flestir vefir orðnir úreltir að einhverju leyti. „Margir eldri vefir fyrirtækja og stofnana sjást illa í snjallsímum og spjaldtölvum. Þótt hægt sé að útbúa sérvefi fyrir snjallsíma og spjaldtölvur er þróunin sú að hönnunin gangi í allar tegundir tölva og síma.“ Björn nefnir að forsíður vefja hafi þróast þannig að þær séu lengri og stærri. „Notendur eru frekar tilbúnir til að skrolla niður síðuna, en að fara endalaust af einni undirsíðu yfir á aðra. Þessa þróun má meðal annars sjá á fréttavefjum hérlendis. Það sem gerðist á undan þessari þróun var tilkoma skrolltakkans á tölvumúsinni. Þannig að í dag notar fólk snjallsíma, spjaldtölvur og venjulegar tölvur á svipaðan hátt.“ Þessi þáttur skiptir æ meira máli enda eykst notkun slíkra tækja ár frá ári. Björn nefnir sem dæmi að stór hluti hótelpantana í Bandaríkjunum fari fram gegnum snjallsíma.

### Breytingar á útliti

Endingartími útlits og viðmót vefs er frá tveimur upp í fimm ár að sögn Björns. Þá skiptir máli í hvaða atvinnugrein fyrirtækið er. Best er að vinna efnið stöðugt og gera breytingar á útliti á nokkurra ára fresti.

„Ég mundi segja að þeir sem vilja ná árangri á netinu þurfi að gera reglulegar breytingar á innihaldi texta og mynda. Það skiptir máli fyrir leitarvélar en einnig fyrir viðskiptavini sem koma frekar aftur á vefinn. Hvað varðar útlit vefs er hægt að gera lágmarksbreytingar á nokkurra ára fresti.“

8
ALLRA ÁTTA
VEFSÍÐUFYRIRTÆKI

# Emstrur sérhæfa sig í öflugum Drupal-lausnum

Kraftmiklar vefsíður sem henta einstaklingum, félögum, stofnunum og stórum fyrirtækjum.

### Að nota opinn hugbúnað

Vefsíðufyrirtækið Emstrur sérhæfir sig í vefsíðugerð í Drupal-vefumsjónarkerfinu sem er það stærsta sinnar tegundar í heiminum í dag. Undanfarin ár hefur fyrirtækið sett upp fjölda vefja fyrir fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga hér á landi og erlendis. Einar Páll Svavarsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, segir vefina spanna allt frá einföldum heimasíðum fyrir einstaklinga til flókinna upplýsinga- og samskiptasíðna fyrir félög, stofnanir og fyrirtæki. „Drupal-vefumsjónarkerfið er opinn hugbúnaður og því fylgir mjög öflugt vefumsjónarkerfi sem allir eiga auðvelt með að læra á og nota. Það býður upp á mikla möguleika, meðal annars fréttakerfi, myndaalbúm, tengingar við samskiptavefi eins og Facebook, vefverslun, bókunarkerfi fyrir ferðaþjónustu, innri vefsíður og þannig mætti lengi telja. Öllum vefsíðum frá Emstrum fylgir öflug uppsetning fyrir leitarvélar og afar þægilegt notendaviðmót.“



Drupal-vefumsjónarkerfið býður upp á mikla möguleika, segir Einar Páll Svavarsson, framkvæmdastjóri. MYND/ÚR EINKASAFNI

### Ekkert mánaðargjald

Þar sem Drupal-vefumsjónarkerfið er opinn hugbúnaður þarf ekki að greiða sérstaklega fyrir notkun þess segir Einar. „Þetta þýðir m.ö.o. að ekkert mánaðargjald er innheimt. Þjónusta okkar hjá Emstrum felst fyrst og fremst í því að setja vefsíðuna upp í Drupal, velja hagkvæmustu einingarnar miðað við áform viðskiptavinarins og koma upp vefsíðu með grunnefni sem gerir hana líklega til árangurs. Og síðast en ekki síst að kenna á kerfið. Í þessu felst mikill tímasparnaður og hagkvæmni fyrir viðskiptavininn.“

### Fjárhagslega öflug fyrirtæki velja Drupal

Einar segir vefumsjónarkerfið vera mjög öruggt og stöðugt auk þess að vera í stöðugri endurnýjun. Einnig er það mjög sveigjanlegt og er til dæmis auðvelt að byrja á einföldum vef og stækka sig upp í yfirgripsmeiri og flóknari vefi seinna meir eftir aðstæðum. „Öflugir aðilar hérlendis hafa sem dæmi byggt upp vefi sína í Drupal-kerfinu. Þar má meðal annars nefna Háskóla Íslands, Þjóðskjalasafn og Ríkisútvarpið. Notendur Drupal erlendis skipta hundruðum þúsunda. Þar má meðal nefna stórfyrirtæki á borð við Warner Brothers Music, MTV og nýlega skipti skrifstofa forseta Bandaríkjanna yfir í Drupal.“

### Hvernig á að sigra leitarvélar?

Einar segir lykilatriði að leggja áherslu á fallega hönnun, rétta HTML-kóðun og CSS-stýringu í samræmi við alþjóðlega staðla og reglur. „Þetta eru lykilatriði þegar kemur að gengi og möguleikum vefsíðu gagnvart leitarvélum. Ef hönnun og uppsetning er ekki í lagi á vefsíðan litla möguleika á netinu og leitarvélar vilja lítið við hana kannast.“

Emstrur
vefsíðugerð



# Þjónustan og vörurnar besta auglýsing fyrirtækisins

Stefna er hugbúnaðarhús sem hefur farið rólega af stað en fer ört stækkandi. Fyrirtækið hefur nú yfir 500 viðskiptavini sem koma úr öllum áttum. Vefumsjónarkerfið Moya er stolt fyrirtækisins en kerfið hýsir meðal annars vef Akureyrarbæjar sem valinn var besti sveitarfélagsvefurinn 2011.

Stefna er hugbúnaðarhús á Akureyri sem var stofnað árið 2003 og hefur nýverið opnað útibú í Kópavogi. Starfsmenn Stefnu eru tólf í heildina, tíu á Akureyri og tveir í Kópavogi. Áætlað er að bæta við einum til tveimur starfsmönnum á þessu ári og þá helst í Kópavogi. „Stefna hefur farið mjög rólega af stað en haldið dampi með stöðugri þróun í gegnum súrt og sætt og komið sér vel fyrir á Norðurlandi. Þjónustan okkar og þær vörur sem við höfum upp á að bjóða hafa verið aðalauglýsingin okkar. Við höfum litlu eytt í markaðsmál og eytt frekar í betri þjónustu sem auglýsir sig sjálf," segir Róbert Freyr Jónsson, sölustjóri Stefnu.

Aðalvaran sem Stefna er með er vefumsjónarkerfið Moya. Fyrr á árinu hlotnaðist starfsfólki Stefnu sá heiður að fá vefinn akureyri.is viðurkenndan sem „Besta sveitarfélagsvefinn". „Það eru margir hlutir sem verða að vera til staðar til að fá þessi verðlaun. Fyrir það fyrsta þá þarf vefurinn að uppfylla öll tæknileg skilyrði til að verða meðal þeirra fimm efstu. Eftir það ræður mannlegi þátturinn því nefnd fagfólks fer yfir vefinn og metur hann út frá innihaldi, nytsemi, þjónustu og aðgengi. Úttektin náði til 267 vefsíðna ríkisstofnana, ráðuneyta og sveitarfélaga en úttektirnar fara fram á tveggja ára fresti," segir hann.



Róbert og starfsfólk Stefnu hafa yfir 500 viðskiptavini af öllum stærðum og gerðum. Þau hafa meðal annars smíðað fjöldann allan af alls kyns bókunarvélum og sérsmíðað heil vefumsjónarkerfi. MYNDA/HEIÐA

Í dag er Stefna með yfir 500 viðskiptavini af öllum stærðum og gerðum. Þar á meðal er fjöldinn allur af skólum, framhaldsskólum og háskólum, fyrirtæki eins og Samherji, Johan Rönning , Höldur og Hekla. „Mikil áhersla hefur verið hjá starfsmönnum Stefnu að einbeita sér að því að leysa vandamál. Það hefur skilað sér í miklum fjölda veflausna sem hægt er að grípa í eftir því sem tækifæri gefast."

Stefna hefur einnig smíðað fjöldann allan af bókunarvélum fyrir bílaleigur, gistiheimili, pitsastaði og ferðabókanir svo eitthvað sé nefnt. Þá er mikið um tengingar við önnur kerfi og aðlaganir að umhverfi hvers og eins fyrirtækis. Lausnir sem Stefna hefur smíðað fyrir viðskiptavini sína eru allt frá því að útbúa litla RSS virkni og upp í að sérsmíða heilt vefumsjónarkerfi eins og var gert í tilfelli Vodafone.

„Vefumsjónarkerfið Moya er í stöðugri þróun og nýjustu viðbæturnar, sem eru eyðublaðasmiður og ný leitarvél, eru bara til þess fallin að gera kerfið öflugra og þjálla í notkun, auka notendagildi og sjálfstæði notenda sem og bæta þjónustuna enn meir," segir Róbert.

Það skiptir ekki máli hvað þú gerir...
VERSLUN SVEITARFÉLÖG FERÐAÞJÓNUSTA SJÁVARÚTVEGUR BÍLALEIGUR SKÓLAR UMBOÐ FÉLAGASAMTÖK VEITINGASTAÐIR
... við erum með lausnina fyrir þig
STEFNA HUGBÚNAÐARHÚS
moya VEFUMSJÓN
WWW.MOYA.IS

# Besta leiðin að viðskiptavininum

**Að hafa góðan vef er fyrirtækjum í dag jafn sjálfsagt og að hafa símanúmer. Veflausnir Advania eiga heiðurinn af mörgum flottustu og öflugustu vefsíðum landsins. Í júní gefst tækifæri fyrir lítil og nýstofnuð fyrirtæki að fá staðlaða vefi á hálfvirði í vefverslun Advania www.velkomin.is.**




Sigrún Eva Ármannsdóttir er forstöðumaður veflausna hjá Advania sem er eitt stærsta upplýsingatæknifyrirtæki Norðurlanda. MYND/VILHELM

Finnist vefur fyrirtækis ekki á netinu í dag er fyrirtækið ekki til í hugum flestra viðskiptavina. Því er góður vefur orðinn jafn sjálfsagður og símanúmer fyrirtækis," segir Sigrún Eva Ármannsdóttir, forstöðumaður veflausna hjá Advania.

Meðal viðskiptavina Advania eru mörg stærstu og öflugustu fyrirtæki og stofnanir landsins.

„Advania sérhæfir sig í gerð flottra vefja fyrir fyrirtæki og stofnanir og má nefna vefi stóru bankanna þriggja sem dæmi um vefsíður í LISA-vefumsjónarkerfinu frá Advania. Einnig erum við mikið í að hanna og smíða vefverslanir, þjónustuvefi og öpp," upplýsir Sigrún Eva.

Hún segir nú mikið rætt um öpp og vefsíður í smátækjum, líkt og símum og snjalltölvum.

„Gott dæmi um símavef er m.reebokfitness.is og dæmi um app er Bensínvaktin frá Advania fyrir Android-stýrikerfið. Þá er mikið farið að hanna og útfæra vefsíður í því sem kallast á ensku Responsive Design en slíkir vefir aðlaga sig að skjástærð móttökutækja," segir Sigrún Eva og nefnir til skoðunar einn frægasta Responsive Design vefinn sem er Bostonglobe.com.

„Vefir og öpp eru kjörin viðbótarþjónustuleið fyrir fyrirtæki til að nálgast viðskiptavini sína og komast nær kúnnanum."

Advania vinnur einnig að gerð þjónustu- og vefverslunarvefja sem flestir eru tengdir bakendakerfum. „Með tengingu við bakendakerfi losna starfsmenn fyrirtækja við að tvíslá inn gögn og vefurinn því eins og framlenging af viðskiptakerfinu. Dæmi um góða slíka vefi af ýmsum stærðum og gerðum og með mismunandi tæknilegu flækjustigi eru www.eymundsson.is, www.skor.is, www.lindesign.is, www.orkan.is, www.stod2.is og www.sunfilm.is," útskýrir Sigrún Eva.

Advania heldur einnig úti vefversluninni www.velkomin.is.

„Þar geta lítil og nýstofnuð fyrirtæki fengið litla og staðlaða vefi á góðu verði í sjálfsafgreiðslu. Í júní verða freistandi tilboð í gangi en þá eru vefir á www.velkomin.is kynntir sem vara mánaðarins með helmingsafslætti af stofnkostnaði."




App Bensínvaktarinnar frá Advania fyrir Android-stýrikerfið.




Vefsíða Reebok er flott, fersk og öflug.






## EINN FYRSTI VEFUR LANDSINS

**Einn fyrsti** almenni vefurinn sem fór í loftið hérlendis var UppskriftaWWWefurinn (eldhus.is). Hann hefur starfað óslitið frá vorinu 1995 og var lengi vel eini uppskriftavefur landsins. Upphafsmenn vefsins voru Ingimar Róbertsson og Sigurður Eggertsson sem báðir voru nemendur við Háskóla Íslands. Uppskriftavefurinn var tilraun hjá þeim til að forrita fyrir vefinn sem var á þeim tíma nýtt og spennandi fyrirbæri. Þeim þótti tilvalin hugmynd að setja í loftið uppskriftavef enda báðir miklir matmenn. Í upphafi var ákveðið að vefurinn yrði sjálfbær þannig að lesendur síðunnar myndu bæta sjálfir við uppskriftum, í stað þess að þeir væru sífellt að vinna við vefinn. Afraksturinn er því samvinnuverkefni þeirra beggja og áhugamanna um mat. Uppskriftir síðunnar bera því flestar þau merki að vera viðráðanlegar fyrir flesta heimiliskokka á öllum aldri. UppskriftaWWWefurinn stendur enn fyrir sínu þrátt fyrir aldurinn og fær nokkrar þúsundir heimsókna á mánuði. Lesendur síðunnar eru stöðugt að bæta inn nýjum uppskriftum þótt hann sé mest notaður til að fletta í gömlum uppskriftum.



Vefverslun
+ Facebook App
+ iPhone App

Nú er tækifærið fyrir nýtt vefverslunarkerfi

Magento
Það er séns fyrir jól :)

Í tilefni þess að jólin nálgast bjóðum við upp á einstakan Magento vefverslunarpakka.

Pakkinn inniheldur fullkomna Magento vefverslun, uppsett Facebook App til að geta sett upp leiki á löglegan hátt og iPhone App sem viðskiptavinirnir þínir nota til að versla hjá þér með farsímanum.

Allur þessi pakki kostar aðeins kr. 499.990,- án/vsk

- Þú velur sniðmát á vefverslunina. Hægt er að velja um margvíslegar útfærslur og litasamsetningar.
- Þú getur sett upp kynningar og safnað áskrifendum eða vinum án þess að hafa áhyggjur af því að Facebook síðunni þinni verði lokað.
- Þú færð uppsett iPhone App með þínum litum og lógói sem þú getur boðið öllum endurgjaldslaust.

Magento er vefverslunarlausn á heimsmælikvarða
- Fyrir minna en þú heldur.

internetkompaníið
www.ik.is

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407


**Tilboð á nýjum Pylsuvögnum.**

klæddir með stáli að innan. Vel útbúnir með 6 pottum og öflugu grilli, eldavél m/ tveimur hellum og öllum tilh. áhöldum. Allt knúið fyrir gasi.

Uppl. í 896-0240

PALLAR.IS

Ál hjólapallar / veggjapallar
Veðurnet / Öryggisnet
Áltöppur / stigar

SALA LEIGA

altrex

KVARNIR
Akralind 8
www.kvarnir.is ▸ Sími: 564 6070

BRIMRÁS

Ál tröppur / Ál stigar
Ál búkkar og ástönd

Sérsmíðum stiga og tröppur ef óskað er

KVARNIR
Akralind 8
www.kvarnir.is ▸ Sími: 564 6070

GARÐASmíði

• PALLAR • SKJÓLGIRÐINGAR • HELLULAGNIR • GRJÓTHLEÐSLUR
• TRJÁKLIPPINGAR • GARÐAÞJÓNUSTA
• sími 899 5700 • www.gardasmidi.is

Trjáplöntur á frábæru verði. 2m birki m/hnaus aðeins 3000kr. 2,5m aspir m/hnaus aðeins 3000kr grenitré og fleira.

Besta verðið í bænum

Lagersalan • S. 861 7541 • Kauptúni 3 v/hl á Habitat og Tekk
Opið virka daga 13-18 lau og sun13-17

HREINN BÍLL

VERÐMÆTARI BÍLL

CONCEPT

MÁLNINGARVÖRUR

Við útvegum þér úrvals bón- og hreinsiefni og góð ráð – og bíllinn þinn verður í toppstandi!

Meguiar's

Lágmúla 9,
104 Reykjavík
Sími 581 4200

BRIDGESTONE

LÁGMÚLI 9

UMFELGUN 5.860,-
SUMARDEKK Á ÚRVALSVERÐI.

BETRAGRIP

Lágmúli 9 - bakhús
Sími 5 333 999
www.betragrip.is

ALLT Í KAMBSTÁLIÐ

• Klippt & beygt kambstál 6 – 32 mm
• Tengijárnabakkar & Samsetningahólkar
• Fjarlægðaplast og Bindivír
• Vélar & Tæki til vinnslu Kambstáls

Bindir & Stál ehf. • www.bindir.is
Hvaleyrarbraut 39 • 220 Hfj • S.564 6050 • bindir@simnet.is

LOK Á HEITA POTTA

• Einangrunarlok
• Yfirbreiðslur
• Metum ástand og gerum við

Fjarðarbólstrun Sími 864 4188
fjardarbolstrun@gmail.com

Allt á einum stað

BREMSUVIÐGERÐIR
BREMSUKLOSSAR
SPINDILKÚLUR
ALLAR PERUR

HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR

SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

byggjum:
múrarar, málarar, píparar
flísalagnir, alhliða viðhald

heildarlausnir
í framkvæmdum
www.byggjum.is

s.578 6080

byggjum

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS

TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR
BÍLAVIÐGERÐIR

SMIÐJUVEGUR 2 • KÓPAVOGUR
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS

S. 587 1350

• Steypusögun
• Kjarnaborun
• Múrbrot
• Hellulagnir
• Jarðvegsvinna
• Öll almenn- verktakavinna

BROTAFL

STEINSÖGUN - BORUN - BROT

Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

BRA

BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS

Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510

TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

• Ættarmót • Garðveislur • Afmæli • Brúðkaupsveislur • Útisamkomur
• Skemmtanir • Tónleikar • Sýningar • Fermingar • Kynningar o.fl.

Viðrar vel til veisluhalda?

Tjöld af öllum stærðum. Borð, bekkir, stólar ofl.

550 9800

Tjaldaleiga skáta

Hraunbær 123 • 110 Reykjavík • Sími 550 9800
Netfang: tjaldaleiga@skatar.is • www.skatar.

Eigum á lager aðalljós, afturljós og hliðarljós fyrir flestar gerðir vörubíla, höfum einnig úrval af boddý hlutum í vörubíla. Minnum einnig á varahlutaþjónustu í vörubíla og vinnuvélar.

OK VARAHLUTIR Sími: 696-1050 okspares@simnet.is

Eftirlitsmyndarvél fyrir sumarbústaði og heimili.

• Tekur venjulegt GSM SIM kort.
• Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
• SMS og MMS viðvörun í síma og netf.
• Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
• Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
• Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
• Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.

Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir@internet.is

Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

IVECO

Viðgerðar- og varahlutaþjónusta

VélRás

Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

SPARAÐU BENSÍN!

Metan uppfærðu bílinn þinn

Bjóðum hátækni búnað frá Bigas International srl, einum þekktasta framleiðanda á gas búnaði fyrir bifreiðar í Evrópu. Leitið tilboða í búnað og ísetningu – sparið með Metan
Lán til allt að 48 mánaða

bigas

VélRás Velras.is • Sími: 555 6670 • Álhella 4

VARAHLUTIR

Iveco • Benz • Man • Renault

Varahlutaþjónusta

VÉLANAUST ehf

Álhella 4 • Símar 555 6670 • 892 3996 • www.velanaust.is

· Hjólbarðaviðgerðir
· Smurþjónusta
· Bremsur
· Demparar
· Rafgeymar
· o.fl.

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI

Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is

GENERAL HJÓLBARÐAR

Rafvirkjar - Smiðir
Flísalagnir - Múrarar
Málarar - Píparar

LP VERK ehf.
BYGGINGAFÉLAG

Allar almennar húsaviðgerðir!

698 6738
www.lp-verk.is

Leitaðu tilboða hjá þér að kostnaðarlausu!

Vorum að taka upp glæsilegan aðhaldsfatnað frá

Vanity Fair

Ynja UNDIRFATAVERSLUN

HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS


# Alla fimmtudaga og laugardaga

gunny@365.is arnarut@365.is sigrunh@365.is







Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.







**Garðaþjónusta Reykjavíkur**
**20% afsláttur fyrir eldri borgara.**
Öll almenn garðvinna! Trjáklippingar Beðahreinsanir, Trjáfellingar, garðaúðanir, þökulagnir,sláttur, hellulagnir ofl. Fagleg vinnubrögð og sanngjarnt verð. Eiríkur, S. 774 5775. Þórhallur S. 772 0864.




**Er öspin til ama ?**
Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

**Garðsláttur**
Fyrir einstaklinga og húsfélög. Vönduð vinna, gott verð! Sími 662 6873.

**GARÐSLÁTTUR**
Ódýr og góð þjónusta. Fáðu tilboð. Sigurður, S. 823 1060.

**Er mosinn að eyðileggja flötina þína !**
Erum með góðar lausnir við því. Eiríkur Garðyrkjumaður S. 774 5775.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Accountant - bókhald og skattaráðgjöf ehf. Ársreikningar og skattframtöl. S.692 2470 www.accountant.is

## Málarar

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is. flytja@flytja.is

## Húsaviðhald







**Húsaviðgerðir - Nýbyggingar Tilboð ókeypis**
Múrarar, málarar, háþrýstiþvottur, smiðir- gluggar og hurðir, rafvirkjar og píparar með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Nýbyggingar og allt viðhald fasteigna inni og úti. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712 verk@vidhaldsverk.is







**MALBIKSVIÐGERÐIR**
Gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu. Skiptið við gæðavottað fyrirtæki. Sími: 565-2030 www.colas.is colas@colas.is ISO 9001 vottun

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 896-5778.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

**Dren og klóaklagnir!**
Tökum að okkur endurnýjun á Dren og klóaklögnum á.a almennri jarðvinnu. Uppl. 869 1700, jardlausnir@gmail.com

Sólpallar, skjólgirðingar og öll almenn smíðavinna. Góð og vönduð vinna. Brynjar s:862-8621

## Rafvirkjun

**Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Tölvur




Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, kem/sæki/sendi afsl. FEB&ÖBÍ Stefán 821 6839.

## Spádómar




**908 1888**
**Spásími Daddýar alla daga (frá 13-23).**
**250 kr. mín.**

**Spásíminn 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Önnur þjónusta




Bílastæðamálun malbiksviðgerðir, vélsópun, hellulagnir, jarðvinna, háþrýstiþvottur veggjakrotsþrif og vörn S 551 4000 www.verktak.is




Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

VELSOPUN.IS Vélsópun og bílastæðamerkingar. Söluráðgjöf S.8999047 velsopun@velsopun.is

## KEYPT & SELT

## Til sölu




**STUBBASTANDAR - STUBBAHÓLKAR**
Standur ehf. S: 842-2535.










## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun




**Emilía lokar.**
Þökkum viðskiptavinum kærlega fyrir viðskiptin á liðnum árum. Verslunin Emilía, Bláu húsin Faxafeni.

## Ýmislegt

Vantar þig að losna við bilaðar þvottavélar, þurrkara og uppþvottavélar? Ég kem og sæki, borga 3þ. kr. stk. og 5þ. ef þið komið með tækið til okkar. Ekki mjög gamalt. Á sama stað erum við með ódýr tæki til sölu, eins mánaðar ábyrgð. Heimsending s. 777 6729. Skútuvogi 13, 104 Rvk.

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD OG HEILSA**
DETOX - ÚTHREINSUN á öllum líkamanum. NUDD upp f. hné á eftir. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

## Þjónusta



Dóra Dröfn Skúladóttir, hefur opnað samtalsmeðferðarstofu að Skipholti 50b. Með Diploma í Hugrænni atferlismeðferð. Viðtalspantanir alla daga í síma 841-7010. Netfang: hamir@simnet.is.

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Dýrahald

**Hundagalleríið auglýsir**
**Kíktu á heimasíðuna okkar: www.dalsmynni.is**
**Hundaræktun með starfsleyfi.**
**S. 566 8417 Tökum visa/euro**



14 v. Minature Pincher leita að góðu framtíðarheimili, ættbók HRFÍ, V. 150 þ. S. 895 2445.

## Fyrir veiðimenn

**Þjórsá - Hvítá - Ölfusá**
Veiðiréttarhafar netin tilbúin. Heimavík 892 8655. heimavik.is

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

65 fm kjallaraíbúð í Seljahverfi til leigu skammtímaleiga ca.4 mánuði. Eingöngu reyklausir koma til greina. Leiguverð 80þús./á mán. Umsóknir sendist á ofurhundurinn@hotmail.com

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Góð 55 fm. íbúð í 109. Langtímaleiga. Meðmæli óskað. S. 895-6160.

**Gistiheimili - Guesthouse**
**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**
**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**Húsnæði til leigu**
30 fm. stúdíó íbúð til leigu í Garðabæ. Verð 80 þ. innifalið rafm. hiti, húsgögn, búnaður í eldhús, internet. 2 flatskjár, 2 Dvd spilarar, st. 2, rúv, þvottavél. Langtímaleiga. S. 898 2866

## Atvinnuhúsnæði

Atvinnuhúsnæði til leigu eða sölu 30, 51 og 112fm á svæði 108. Uppl. s. 696 6050 og verktaki@hotmail.com

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## ATVINNA

## Atvinna í boði




**Óskar eftir að ráða áræðinn og dugmiklan starfsmann til starfa á smurverkstæði félagsins á höfuðborgarsvæðinu.**
**Nánari upplýsingar um starfið veitir Dagur Benónýsson í síma 440 1030.**
**Áhugasamir sæki um starfið á www.n1.is**

Vélstjóra vantar á bát sem starfar í hvalaskoðunar og skemmtisiglingum. Gerir út frá Reykjavíkurhöfn. Upplýsingar í síma: 892 0099.

**Veitingarstaður**
Panorama veitingarstaður óskar eftir þjón og aðstoðar kokk. frekari uppl. panorama@panoramaice.is eða 551 5800 / 691 1905

## TILKYNNINGAR

## Einkamál




**Spjalldömur 908 5500**
Opið allan sólarhringinn. Engin bið nema þegar talað er.

# PROTAB2 IPS

## 9,7" MULTIMEDIA SPJALDTÖLVA

Glæsileg spjaldtölva með einstökum 9.7" IPS fjölsnertiskjá með áður óséðri litadýpt og skerpu, búin allri nýjustu tækni með WiFi og BlueTooth

- 9,7" 5-punkta IPS fjölsnertiskjár 1024x768
- 1080p HDMI mini til að tengja í sjónvarp
- 8GB FLASH og allt að 32GB Micro SD
- Spilar kvikmyndir beint af USB flakkara
- 300Mbps þráðlaust net og Bluetooth
- Li-Polymer rafhlaða allt að 8 tímar
- HDMI 1.4 mini, USB2 mini og Micro SD
- Tvær vefmyndavélar 0.3MP og 2MP 1080P
- Android 4.0 ICS stýrikerfi og fjöldi forrita

**49.900**

ÓTRÚLEGUR 9.7" IPS FJÖLSNERTISKJÁR




# McAfee

## INTERNET SECURITY 2012

- Vírusvörn og öflug vírusleitarvél
- Enn hraðvirkari McAfee 2012 leitarvél
- PC tune-up hraðar vinnslu stýrikerfis
- Öflugur eldveggur ver heimanet
- Ver þráðlausa netið gegn árásum
- Vörn gegn ruslpósti og Spyware
- Aðgangsstýring barna á netinu
- Má setja upp á 3 tölvur

**4.990**

ALHLIÐA VÍRUSVÖRN



1.1GHz OVERCLOCK

ALLT AÐ 30% YFIRKLUKKUN MEÐ 5.0GHz MINNI OG HLJÓÐLÁTRI 100mm LARGE FAN TÆKNI MEÐ 4 KOPAR HITAPÍPUM

5 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

GIGABYTE

# HD7770

## 1.1GHz FRÁ GIGABYTE

- 1GB GDDR5 5.0GHz 128-bit minni
- DirectX11 og HD3D í nýjustu leikina
- 640 Stream P.U. & 40T.U. fyrir leikina
- Með Eyefinity spilar þú leiki í 3 skjám
- HDMI 1.4a, DVI og 2xDisplayPort mini
- Ultra Durable 2oz Copper tækni
- Mjög hljóðlát 10cm LargeFan tækni

**29.900**

HD7750 24.900 • HD7850 49.900



FULL HD 1080p ÞESSI SPILAR ALLT

DOLBY DIGITAL · dts · Full HD 1080 · Blu-ray

# 1TB

## FULL HD MEDIA PLAYER

- Ný kynslóð 1080p FULL HD spilara
- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- 1080p HD kvikmynda afspilun H.264
- Spilar alla tónlist í DTS og Dolby HD
- Spilar af USB flökkurum og minnislyklum
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
- HDMI, USB, RCA, RGB, ljósleiðari ofl.

**29.900**

1.5TB 34.900 | 2TB 39.900




MEST SELDI SKJÁRINN OKKAR VAR AÐ LENDA AFTUR

BenQ

GL2450

# 24"LED

## BENQ FULL HD LED SKJÁR

Glæsilegur LED skjár frá BenQ þar sem glæsileg hönnun og gæði fara saman ásamt Sensey3 tækni sem skilar enn meiri myndgæðum, skerpu og ótrúlegri litadýpt.

- 24" LED FULL HD 1080p 16:9
- 12 milljón:1 DCR og Senseye3
- 2ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- DVI HDCP og VGA D-SUB tengi
- Glæsileg Glossy Black hönnun
- Senseye3 tækni tryggir myndgæðin

**29.900**

22" LED AÐEINS 24.900



# 2TB

## SATA3 DISKUR

- 2TB Seagate SATA3 harðdiskur
- Barracuda 7200RPM SATA3 6GB/s
- 64MB OptiCache hraðvirkari tækni
- AcuTrack fyrir meira öryggi
- Mjög hljóðlát Green tækni
- Ný kynslóð með allt að 45% meiri hraða

Seagate

**19.900**

500GB 14.900 | 1TB 16.900



720p TRUE HD MYNDFLAGA

# 720p

## HD VEFMYNDAVÉL

- 720p TRUE HD video myndflaga
- Örsmá og örþunn vefmyndavél
- 16:9 WideScreen format
- Innbyggður stafrænn MIC
- Hnappur fyrir videospjall
- TrueColor tryggir myndgæðin

**4.990**

MICROSOFT LIFECAM HD3000



G2750

# 27"LCD

## BENQ FULL HD LCD SKJÁR

- 27" LCD FULL HD 1080P 16:9
- 50.000:1 DCR og Senseye tækni
- 5ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- DVI HDCP og VGA D-SUB tengi
- Glæsileg Glossy Black hönnun

BenQ

**42.900**

GLÆSILEGUR 27" LCD SKJÁR



ALLT AÐ 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM MYNDA-RÖMMUM

# 7"LCD

## MYNDARAMMI

- 7" Stafrænn myndarammi frá Coby
- Glæsilegur dökkbrúnn viðarramminn
- 200 cd/m2 birtustig og 300:1 skerpa
- Birtir JPG, JPEG og BMP myndir
- Dagatal og klukka innbyggð
- Les minniskort og minnislykla
- Borðstandur og veggfesting fylgir

**8.990**

8" MYNDARAMMAR FRÁ 13.410

20 ÞÚSUND AFSLÁTTUR



720p TRUE HD ALLT AÐ 300" MYNDFLÖTUR

# HD 720p

## 3D SKJÁVARPI

- 720p HD upplausn 1280x720 16:9
- 3D DLP og nVIDIA 3D Vision Ready
- 120Hz 3D Gamers og 3D Movie Ready
- Birtustig 2200 lumens, 10000:1 skerpa
- Sérstakur sparnaðar 6000 klst lampi
- 2xHDMI, VGA, S-Video, Video RCA ofl

**149.900**

BenQ W700 3D GAMERS&MOVIE

VUTEK

| Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

4BLS BÆKLINGUR



HR688

2GB DX11 SKJÁKORT

10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

SJÓÐANDI HEIT Í LEIKINA

# TS11

## NÝ KYNSLÓÐ FARTÖLVA

Ný kynslóð fartölva með Sandy Bridge og því nýjasta og einu öflugasta sem í boði er ásamt 2GB ofur öflugu leikjaskjákorti

- Intel Core i5-2450M 3.1GHz Turbo HT
- 6GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 750GB SATA2 5400RPM diskur
- 15.6” HD LED SLIM Diamond 1366x768
- 2GB GeForce GT630M DX11 skjákort
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 1.3MP HD 1280x1024 vefmyndavél
- Nvidia 3D Optimus orkusparandi tækni
- Windows 7 Home Premium 64-bit

packard bell

**149.900**

EIN ÖFLUGASTA FARTÖLVAN Í DAG



581TG

MEÐ NÝJUSTU RAFHLÖÐUTÆKNI 8 TÍMAR RAFHLAÐA ENDIST Í 8 TÍMA

TimelineX

# ULTRA M3

- Intel Core i3-2367M 1.4GHz HT 3MB
- 500GB diskur og 6GB DDR3 minni
- 2 sekúndur úr dvala með 20GB SSD
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6” HD UltraThin 1366x768 skjár
- 1GB GeForce GT640M DX11 skjákort
- 300Mbps WiFi og 10X hraðara USB3
- 1.3MP Crystal Eye HD vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-bit

**199.900**

ULTRAÞUNN OG ÖFLUG LEIKJAVÉL



S3

4.0 Bluetooth

acer

ÖRÞUNN 12,9mm FISLÉTT 1360g

# ULTRABOOK

- Intel Core i5-2467M 2.3GHz Turbo HT
- 320GB diskur og 4GB DDR3 minni
- 2 sekúndur úr dvala með 20GB SSD
- Rafhlaða endist 50 daga í svefnham
- 13.3” HD LED CineCrystal 1366x768
- 300Mbps þráðlaust net, Bluetooth 4.0
- 1.3MP Crystal Eye HD vefmyndavél
- Fislétt aðeins 1.4KG og örþunn
- Windows 7 Home Premium 64-bit

**149.900**

ÞETTA ER SKÓLATÖLVAN 2012

15 ÞÚSUND AFSLÁTTUR



GAMING EVOLVED AMD

SB731

MEÐ NÝJUSTU RAFHLÖÐUTÆKNI 5 TÍMAR RAFHLAÐA ENDIST Í 5 TÍMA

# TS11

## SJÓÐANDI HEIT Í LEIKINA

Ofur öflug fartölva með nýjan mjög öflugan 4ra kjarna örgjörva ásamt ofur öflugu 1GB HD7470 DUAL Graphics leikjaskjákorti

- AMD A6-3420M Quad Core 2.4GHz Turbo
- 6GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 750GB SATA2 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6” HD LED SLIM Diamond 1366x768
- 1GB ATI HD7470G2 DUAL leikjaskjákort
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 1.3MP HD 1280x1024 vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-bit

packard bell

**129.900**

MÖGNUÐ VÉL Á FRÁBÆRU VERÐI



X101CH

AÐEINS 1KG

# EEEPC

- Intel Dual Core Atom N2600 1.6GHz
- 1GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 10.1” LED UltraBright 1024x600
- 256MB Intel GMA 3600 HD skjástýring
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 3 cellu rafhlaða allt að 4,5 tímar
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Starter stýrikerfi

ASUS

**54.900**

FÆST Í 2 LITUM



A1E38

# 635

- AMD Vision Dual Core E-450 1.65GHz
- 4GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 320GB SATA2 5400RPM diskur
- 15.6” HD LED AntiGlare 1366x768
- 512MB ATI HD6320 DX11 skjákjarni
- 300Mbps þráðlaust net, Bluetooth 3.0
- Glæný rafhlöðutækni allt að 6 tímar
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-bit

**79.900**

HP FARTÖLVUR Á BETRA VERÐI!

10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR



E304G32M

# 7250

- AMD Vision Dual Core E-300 1.3GHz
- 4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17.3” HD+ LED CineCrystal 1600x900
- 512MB ATI HD6310 DX11 skjákjarni
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-bit

acer

**89.900**

ACER Á ÓTRÚLEGU VERÐI

acer ASUS hp lenovo packard bell SAMSUNG TOSHIBA

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

# ÓDÝRASTI VALKOSTURINN Í BÓNUS




359 kr.
36 stk.*

*Einungis 10 kr. hver bolli.

BÓNUS

Á ÞRIÐJA HUNDRAÐ EURO SHOPPER VÖRUTEGUNDIR Í BOÐI

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** fangi, **6.** í röð, **8.** fyrirboði, **9.** pappírsblað, **11.** í röð, **12.** svíkja, **14.** brennivídd, **16.** pot, **17.** skammstöfun, **18.** fálm, **20.** samtök, **21.** traðkaði.

**LÓÐRÉTT**
**1.** glaðningur, **3.** klaki, **4.** úða, **5.** læsing, **7.** afl, **10.** nögl, **13.** atvikast, **15.** ans, **16.** margsinnis, **19.** eldsneyti.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2.** gísl, **6.** jk, **8.** spá, **9.** örk, **11.** rs, **12.** falsa, **14.** fókus, **16.** ot, **17.** etv, **18.** fum, **20.** aa, **21.** tróð.
**LÓÐRÉTT:** **1.** gjöf, **3.** ís, **4.** sprauta, **5.** lás, **7.** kraftur, **10.** kló, **13.** ske, **15.** svar, **16.** oft, **19.** mó.


NS NEYTENDASAMTÖKIN

**Framboð til stjórnar Neytendasamtakanna**

Skv. 16. gr. laga Neytendasamtakanna auglýsir uppstillinganefnd eftir framboðum til stjórnar sem kosin verður á næsta þingi samtakanna laugardaginn 29. september nk. Allir skuldlausir félagsmenn geta boðið sig fram. Áhugasamir, sem ekki eru nú þegar félagsmenn, geta boðið sig fram ef þeir ganga í Neytendasamtökin og greiða árgjald. Framboð skal tilkynna í síma 545 1200 eða með tölvupósti á ns@ns.is.

F.h. uppstillinganefndar Neytendasamtakanna
Einar Jón Ólafsson formaður

Bemanning AS
➤ når service teller

**Noregur Kallar!!**

Bemanning AS óskar eftir að ráða bæði pípulagningamenn og rafvirkja í vinnu. Stöðurnar eru á lausu núna og áhugasamir geta hafist starfa strax. Verkefnin eru á stór-Oslóar svæðinu.

**Hæfiskröfur:**
- Sveinspróf eða 10 ára starfsreinsla. (Rafvirkjar verða að hafa sveinspróf)
- Starfsreinsla eftir sveinspróf í tvö ár eða meira

**Við bjóðum upp á:**
- Góð kjör
- 9 tíma vinnudaga, 48 tíma vikur og það er unnið í 4 vikur og 1 vika frí.
- Við borgum stóran hluta af ferðakostnaði
- Frítt húsnæði
- Aðstoð við að skrá sig inn í landið, stofna bankareikning sækja um skattakort m.m.

Umsóknir og fyrirspurnir sendist í tölvupósti á post@bemanningas.no fyrir 15. júní.
Öllum fyrirspurnum verður svarað og fullum túnaði heitið.

**Waldorfkennarar óskast**

**Waldorfsskólinn Sólstafir í Reykjavík auglýsir eftir waldorfkennurum til bekkjarkennslu fyrir skólaárið 2012-2013.**

Waldorfsskólinn er sjálfstæður grunnskóli sem hefur að leiðarljósi uppeldis og kennslufræði Rudolfs Steiner, þar sem sköpunarkraftur einstaklingsins,listræn framsetning og úrvinnsla námsefnis og heilbrigt félagslegt umhverfi eru sett í forgrunn.

**Nánari upplýsingar veittar í síma skólans:**
**577 1110**
**eða hjá**
**solstafir@waldorf.is.**


# Píka til sölu, kostar eina tölu

**BAKÞANKAR**
**Friðriku Benónýs**



Ég vissi að ég fengi þig til að lesa þennan pistil ef ég setti orðið píka í fyrirsögn. Það er nefnilega svo femínískt og frjálst að tala um píkur. Og merkilegt nokk virðast allir hafa áhuga og skoðanir á því hvernig það líffæri á að líta út og fúnkera. Hver greinin af annarri um það hvernig píkur eigi eða eigi ekki að vera birtist í fjölmiðlum og allar fá þær massívan lestur og mikil húrrahróp. Ég sem hélt að píkur væru eins misjafnar og þær eru margar og ekkert merkilegri en önnur líffæri. En svo lengi lærir sem lifir.

**Í FRAMHALDI** af vinsældum píkugreinanna hafa konur og útgefendur kveikt á því að kynlíf kvenna er söluvænlegt. Nú á að safna saman erótískum fantasíum kvenna og gefa út á bók svo konur geti loksins lesið um kynlíf á eigin forsendum. Á hvaða forsendum ætli þær hafi lesið um það hingað til? Það er nefnilega engin nýjung að konur skrifi um kynlíf. Það hafa þær gert síðan þær fóru að stinga niður penna. Að halda öðru fram ber annað hvort vott um fullkomna vanþekkingu á bókmenntasögunni eða vísvitandi blekkingar. Og slíkt ætlum við auðvitað ekki virðulegu forlagi sem ber rétt kvenna til að skrifa og lesa um kynlíf svona mikið fyrir brjósti.

**RÉTTURINN** til að fá borgað fyrir hugverk sín og vinnu er hins vegar ekki samræmanlegur þessu kvenfrelsistiltæki. Í væntanlegri bók eiga að birtast kynórar sem konur senda inn nafnlaust og fá ekkert greitt fyrir. Þannig á að koma í veg fyrir að höfundarnir láti skömmina hefta frásögnina er ástæðan sem gefin hefur verið fyrir því ráðslagi.

**KYNÓRAR** eru sem sagt skammarlegir í hugum kvenna og yfirlýst markmið ritstjóra og forlags að losa þær við þá skömm. Göfugt markmið og auðvitað sjálfsagt að afsala sér höfundarlaunum fyrir slíka frelsun. Nafnleysinu fylgir hins vegar sá böggull að engin leið er dæma um kyn þess sem hefur skrifað textann, en ritstjóri bókarinnar hefur látið hafa eftir sér að það sé „bara skemmtilegt" ef karlmenn sendi inn kynóra kvenna ef þeir séu „í réttum anda". Órarnir verða svo valdir til birtingar út frá skemmtigildi, þ.e. söluvænleika. Það er sko enginn afsláttur gefinn af hugsjónunum að baki þessari femínísku útgáfu.

**HVAÐ** ólaunuð vinna og ókeypis hugmyndir um krassandi kynlíf hafa með femínisma að gera hlýtur að vefjast fyrir fleirum en mér. Lítur miklu fremur út eins og enn ein leiðin til að hafa kynferði kvenna að féþúfu án þess að þær njóti þess sem inn er halað. Er það ekki akkúrat andstæðan við femínisma?

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




TOSHIBA
DELL
acer
hp
ASUS
FARTÖLVURÝMING
VERÐFALL Á YFIR 80 GERÐUM AF FARTÖLVUM OG SPJALDTÖLVUM !
DELL -30.000
Inspiron N5050 i5/4GB/500
99.990
Fullt verð 129.990
ASUS -30.000
K73SD-TY195V
139.990
Fullt verð 169.990
TOSHIBA -50.000
Qosmio X770-137
189.990
Fullt verð 239.990
LOKADAGUR Á MORGUN !
TOSHIBA -150.000
Portégé R700-1C2 13.3
199.990
Fullt verð 349.990
acer -40.000
Aspire 5755G-2676G75MN i7
159.990
Fullt verð 199.990
hp -15.000
HP 630
74.990
Fullt verð 89.990
TAKMARKAÐ MAGN ! SÝNINGAREINTÖK OG UMBÚÐALAUSAR Á GEGGJUÐU VERÐI !
20% AFSLÁTTUR AF FARTÖLVUTÖSKUM !
tl.is
TÖLVU LISTINN
OPIÐ 10-18
6 VERSLANIR UM ALLT LAND
REYKJAVÍK SUÐURLANDSBRAUT 26 Sími 414 1700
AKUREYRI GLERÁRGÖTU 30 Sími 414 1730
EGILSSTAÐIR KAUPVANGI 6 Sími 414 1735
KEFLAVÍK HAFNARGÖTU 90 Sími 414 1740
SELFOSS AUSTURVEGI 34 Sími 414 1745
HAFNARFJÖRÐUR REYKJAVÍKURVEGI 66 Sími 414 1750


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Coca-Cola
HAMBORGARA OG PYLSUVEISLAN
BYRJAR Í BÓNUS
SVALANDI GOSDRYKKIR
Í 330 ML BAUKUM
79 KR. DÓSIN
79 KR. DÓSIN
79 KR. DÓSIN 79 KR. DÓSIN 79 KR. DÓSIN 79 KR. DÓSIN 79 KR. DÓSIN 79 KR. DÓSIN
ENGINN VIÐBÆTTUR SYKUR HREINN ÁVAXTASAFI
159 KR. 3 FERN.
APPELSÍNU OG ELPLASAFI 3 FERNUR: 250 ML.
Capri-Sonne Jack's Fruit
398 KR. 10 FERNUR
CAPRI SONNE JACK FRUIT
10 FERNUR 200 ML
359 KR. 480 G
10 STK. BÓNUS PYLSUR
159 KR. 5 STK.
BÓNUS PYLSUBRAUÐ
639 KR. 560 G
SS VÍNARPYLSUR 10 STK.
98 KR. 200 G
EUROSHOPPER STEIKTUR LAUKUR
198 KR. 450 G
BÓNUS SINNEP
198 KR. 400 G
BÓNUS REMÓLAÐI
198 KR. 680 G
HUNT'S TÓMATSÓSA
198 KR. 570 G
HEINZ TÓMATSÓSA
198 KR. 400 G
BÓNUS HAMBORGARA SÓSAN
159 KR. 4 STK.
BÓNUS STÓR HAMBORGARABRAUÐ
FROSNIR
100% NAUTAKJÖT
1698 KR. 10 STK.
10 STK. STÓRIR 120 GR. NAUTAHAMBORGARAR
BÓNUS borgarar
10 stk. x 120 g
100% NAUTAKJÖT
1598 KR. PK.
FROSNIR NAUTAHAMBORGARAR
10 STK X 120 GR.
NAUTA Veisla
Nautaborgarar 4 stk. m/brauði
100% NAUTAKJÖT
595 KR. PK.
NAUTAVEISLU 4 STK. 80 GR
NAUTAHAMBORGARAR M. BRAUÐI
KOOPMAN EINNOTA
PLASTMÁL 50 STK 198 KR
KOOPMAN EINNOTA DISKAR
22 CM 50 STK 598 KR
Hamborgarar
10 stk. 100 g
100% NAUTAKJÖT
1398 KR. PK.
ÍSLANDSNAUT FROSNIR 10 X 100 GR.
UNGNAUTA HAMBORGARAR
BÓNUS BÝÐUR BETUR


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NÚ ER ÞAÐ FERSKT OG SPENNANDI: Á GÓÐU VERÐI
ÍSLENSKIR TÓMATAR Í LAUSU
359 KR.KG
ÍSLENSKAR AGÚRKUR 350 GR
149 KR STK.
ÍSLENSK PAPRIKA PÖKKUÐ
798 KR.KG
HOLLENSKT NÝTT ICEBERG
298 KR.KG
FERSKUR STÓR ANANAS
FRÁ COSTA RÍKA CA 1,7 KG
379 KR.STK
SPÁNSKAR RAUÐAR VATNSMELÓNUR
179 KR.KG.
HOLLENSKUR LAUKUR Í LAUSU
57 KR.KG
AMERÍSKUR FERSKUR MAÍS
179 KR.STK
BRESKAR STÓRAR BÖKUNARKARTÖFLUR
137 KR.KG
AVACADO FRÁ S-AFRÍKU
395 KR.KG.
ÞÝSKT NÝTT KÍNAKÁL
259 KR.KG
AMERÍSKAR SÆTAR KARTÖFLUR
275 KR.KG.
MATVÖRUVERSLANIR
ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN
BÓNUS
1. sæti
MÆLING Á ÁNÆGJU VIÐSKIPTAVINA
BÓNUS BÝÐUR BETUR



**SÍÐASTA SÝNING** að sinni á Ævintýrum Múnkhásens verður í kvöld klukkan sex. Hægt er að kaupa ósóttar pantanir við dyrnar. Sýningin, sem sýnd er í Gaflaraleikhúsinu í Hafnarfirði, hefur fengið frábærar viðtökur áhorfenda og gagnrýnenda og er þetta 24. sýning verksins.

# Bastards á svið

Leikritið Bastards – fjölskyldusaga eftir Gísla Örn Garðarsson og bandaríska handritshöfundinn Richard Lagravenese verður sýnt í Borgarleikhúsinu á föstudags- og laugardagskvöld. Verkið er samstarfsverkefni Borgarleikhússins, Vesturports, borgarleikhússins í Malmö og Teater Får302 í Kaupmannahöfn.

Sýningarnar í Borgarleikhúsinu eru norræn uppfærsla verksins en hlutverkin verða í höndum danskra, sænskra og íslenskra leikara.

Þaðan fer sýningin til Malmö og Kaupmannahafnar þar sem sýnt verður í leikhústjaldi sem tekur 690 manns í sæti. Sýningin verður svo frumsýnd á íslensku á næsta leikári í Borgarleikhúsinu með íslensku leikaraliði.




„JAPANIR SKERA HÁR SITT ÞEGAR ÞEIR HAFA LENT Í SORG OG ÆTLI ÞETTA HAFI EKKI VERIÐ SVIPAÐ MÓMENT HJÁ MÉR

segir Harpa Einarsdóttir fatahönnuður

Lífið – FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Á FÖSTUDÖGUM




**ARNARVATN ER FORN ELDGÍGUR** Fyrir liggur tillaga um lagningu háspennustrengs yfir Sveifluhálsinn fram hjá Arnarvatni sunnanverðu. MYND/ELLERT GRÉTARSSON

# FRAMTÍÐARSÝNIN BREYTTIST Á SVEINSTINDI

**Ellert Grétarsson ljósmyndari hefur breyst úr virkjunarsinna í náttúruverndarsinna og nú vekur hann athygli á fegurð Reykjanessins í nýrri bók.**

„Ef Reykjanesinu verður breytt í eina samfellda iðnaðarlóð skerðir það alla útivistar- og ferðamöguleika þar fyrir höfuðborgarbúa, heimafólk og gesti. Ríflega 80% erlendra ferðamanna eru hingað komnir til að upplifa ósnortna náttúru, þeir eru ekki að koma til að skoða borstæði og háspennulínur,“ segir Ellert Grétarsson, ljósmyndari og stuðningsfulltrúi, sem hefur gefið út bókina Reykjanesskagi – Ruslatunnan í Rammaáætlun. Aðallega er um vefútgáfu að ræða sem hefur vakið athygli og viðbrögð og er á slóðinni http://issuu.com/ellertg/docs/nsve1. Í samvinnu við Landvernd var bókin prentuð í litlu upplagi og í gær afhenti Ellert alþingismönnum eintök.

„Mig langar að opna augu alþingis- og áhrifamanna á þeirri umhverfisröskun sem áformaðar virkjanir á Reykjanesi mundu valda,“ segir hann og útskýrir nánar. „Í rammaáætlun ríkisstjórnarinnar eru nítján virkjunarkostir á svæðinu frá Reykjanestá að Þingvallavatni. Þegar er búið að nýta fjóra þeirra með Reykjanes-, Svartsengis-, Hellisheiðar- og Nesjavallavirkjunum. Sjö aðrir kostir eru settir í orkunýtingarflokk, fimm í biðflokk en aðeins þrír í verndarflokk. Þannig gætu orðið allt að sextán virkjanir eftir endilöngum skaganum. Undir þetta fara vinsæl útivistarsvæði og náttúruperlur og við getum ímyndað okkur öll þau mannvirki sem fylgja svona framkvæmdum. Það verða stöðvarhús, borstæði, hitaveiturör, háspennulínur, skiljuhús og línuvegir sem gerbreyta ásýnd skagans að ekki sé minnst á brennisteinsmengunina sem fylgir. Orka frá gufuaflsvirkjunum er ekki eins hrein og græn eins og sumir vilja halda á lofti.“

Ellert kveðst hafa verið fylgjandi virkjunum í eina tíð, enda hafi hann búið á Egilsstöðum þegar framkvæmdir við Kárahnjúka hófust. „Ég var á þeirri línu að virkjanir væru undirstaða lífs í landinu og að virkja bæri sem mest og víðast. Hneykslaðist á lattelepjandi lopapeysukommum sem vildu helst að við lifðum á fjallagrösum og ljóðagerð. Svo flutti ég suður 2006 og endurnýjaði kynni mín af blaðamennsku. Þá voru virkjunarmál mikið í umræðunni og til að vera hlutlaus fannst mér ég verða að skoða þau svæði sem talað var um að virkja. Sumarið 2007 stóð ég uppi á Sveinstindi við Langasjó og þar bara kom eitthvað yfir mig. Ég breyttist úr hægri sinnuðum virkjanaaðdáanda í vinstri sinnaðan náttúruverndarmann. Þetta var svona U-beygja. Síðan hef ég farið fótgangandi um fleiri væntanleg virkjunarsvæði og því meira sem ég kynnist þeim því harðari verð ég í afstöðu minni. Ég er ekki orðinn alveg eins og Ómar Ragnarsson en það stefnir í það.“

gun@frettabladid.is



**VIÐ TRÖLLADYNGJU** Sog er gil sem háhitinn hefur sett svip sinn á. MYND/ELLERT GRÉTARSSON



**Í KRÝSUVÍK** Á hverasvæðinu í Seltúni er einstök litasinfónía. Þangað komu um 120 þúsund ferðamenn á síðasta ári. MYND/ELLERT GRÉTARSSON



**Á SVEIFLUHÁLSI** Móbergshryggir eins og Sveifluháls, sem hafa orðið til við sprungugos undir jökli, finnast hvergi nema á Íslandi.



**ELLERT GRÉTARSSON NÁTTÚRULJÓSMYNDARI** „Það er eins og pólitísk hrossakaup hafi átt sér stað og Reykjanesinu sé fórnað fyrir einhver önnur svæði,“ segir Ellert um rammaáætlun ríkisstjórnarinnar í virkjunarmálum.



GÓU SUMARLEIKUR
Í ALLT SUMAR ER MÖGULEIKI Á VINNINGUM Í SÆLGÆTISÖSKJUM FRÁ GÓU
YFIR 5.000 VINNINGAR!
Wii LEIKJATÖLVUR
46" SAMSUNG 3D SJÓNVARP
SAMSUNG SPJALD-TÖLVUR
SAMSUNG GIO GSM
FJÖLDI GÓMSÆTRA VINNINGA FRÁ KFC OG TACO BELL OG ALLS KONAR NAMMI FRÁ GÓU
KFC
TACO BELL
Allar gerðir rúsínuaskja frá Góu eru með í leiknum.
Athugaðu hvort vinningur leynist í Góu-öskjunni þinni. Ef það er númer í öskjunni, skaltu setja það inn í sumarleikinn á Facebook-síðu Góu (www.facebook.com/goa.is). Þá veistu strax hvað þú hefur unnið.
Allir sem skrá sig gætu svo átt von á risavinningum til viðbótar á FM957 í allt sumar.
Sinalco
Góa Stofnað 1968
PIPAR\TBWA • SÍA • 121175



**HEILSTEYPT** Sýningin Gamli maðurinn og hafið er afar vel heppnuð.

# HUGLJÚFUR HEMINGWAY

Leikhús ★★★★★

**Gamli maðurinn og hafið**

Handrit og brúðugerð, sviðsmynd og flutningur: Bernd Ogrodnik; Sögumaður: Egill Ólafsson; Leikraddir: Egill Ólafsson og Valgeir Skagfjörð; Sviðsmynd og leikmunir: Frosti Friðriksson, Högni Sigurþórsson og Bernd Ogrodnik; Ljósahönnun: Lárus Björnsson; Hjóðupptaka Halldór Bjarnason

**Sýnt í Kúlunni í Þjóðleikhúsinu**

Í Kúlunni, minnsta sviðssal Þjóðleikhússins, var á laugardaginn frumsýnt íðilfallegt verk. Hinn snjalli brúðulistamaður Bernd Ogrodnik hefur enn og aftur dottið niður á góða frásögn sem smellur að aðferðum hans við sína listsköpun. Í agnarlitlu þorpi á suðrænum slóðum hanga nokkur hvítkölkuð hús á sjávarkambi, fyrir utan er hafið endalaust, stórt og magnað. Inni í einu þessara litlu húsa býr hann, þessi maður sem leggst til atlögu við stóra og kannski stærsta fiskinn í sjónum.

Hemingway segir söguna og flest höfum við lesið hana, heillast af henni en kannski ekki alveg botnað í mikilfengleik hennar. Ætli það sé ekki einfaldlega baráttan, drepur þú mig eða drep ég þig, eða eins og tilvitnun úr bókinni hljómar: „Maðurinn er ekki gerður til að bíða ósigur. Það er hægt að granda manni en ekki sigra hann.“

Listamaðurinn Bernd Ogrodnik kemur með töfratrommu sem flytur okkur inn í storm einhvers staðar úti á hafi og með því að bregða henni upp fáum við í ljósinu fyrst að sjá gamla manninn í bátnum sínum. Gamli maðurinn birtist okkur í mismunandi stærðum. Sá agnarlitli rær og er heillandi að sjá hvernig þreytulegar hreyfingar gamals manns skila sér í rykkjóttu togi og tini eins og gömlum mönnum er tamt.

Lýsingin sem Lárus Björnsson á heiðurinn af gerði nú heldur ekki lítið til þess að lyfta áhorfendum inn í þetta ævintýri, sama má segja um öll hljóð hvort sem þau voru frá hvissandi öldum eða gargandi máfum. Egill Ólafsson sagði okkur söguna með djúpri fullorðinslegri og rólegri röddu, og sömuleiðis fór hann með hlutverk Santiagos með rólyndi sem aðalsmerki. Ungur Valgeir Skagfjörð léði drengum Manolin rödd sína, sakleysislega og tæra, og skapaði góða andstöðu við hina reynslumiklu rödd hins gamla.

Það er óhætt að segja að hvert einasta atriði er unnið af alúð, hæfileika og virðingu fyrir verkinu sem og áhorfendum. Bernd Ogrodnik er einstakur á þessu sviði á Íslandi. Það er nú varla hægt að státa sig af því að þau menningarmál er varða metnaðarfullt starf í þágu barna séu mörg eða mikil. Því er það synd og hreinlega skömm að svo góður listamaður geti ekki fengið að dafna hérlendis, en fram hefur komið að Bernd Ogrodnik starfar nú við listiðkun sína í Kanada. Nær væri nú að rétta honum listamannalaun og gera hann að Borgarlistamanni. Hér færir hann okkur fullorðna fólkinu heillandi sýningu á klassísku bókmenntaverki, en það er víst alveg öruggt að hún mun einnig heilla börn.

**Elísabet Brekkan**

**Niðurstaða:** Einkar hugljúft, fallegt og heilsteypt sjónlistaverk.






**MESSIAEN** Anna Guðný Guðmundsdóttir og Tinna Þorsteinsdóttir koma fram á hádegistónleikum í Hörpu á sunnudag.

# Flytja verk Messiaen

Píanóleikararnir Anna Guðný Guðmundsdóttir og Tinna Þorsteinsdóttir leiða saman flygla sína á Listahátíð og flytja verkið Amen séð í hugsýnum eftir Olivier Messiaen í fyrsta sinn á Íslandi. Í ár eru tuttugu ár liðin frá dauða hins framsækna franska tónskálds.

Messiaen samdi verkið árið 1943 og var það með fyrstu verkunum sem hann samdi eftir að hann var látinn laus úr fangabúðum nasista. Árni Heimir Ingólfsson tónlistarfræðingur flytur stuttan inngang á undan tónleikunum og gefur tónleikagestum innsýn í litríkan tónheim Messiaen.

Tónleikarnir verða í Norðurljósasal Hörpu klukkan 11.30 á sunnudaginn, 3. júní.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 31. maí**

### ➔ Tónleikar

**20.00 Vocal Project, Poppkór Íslands,** heldur vortónleika í Salnum Kópavogi. Miðaverð er kr. 2.000.

**20.00 Raggi Bjarna** syngur sjómannalögin í Salthúsinu, Grindavík. Tónleikarnir bera yfirskriftina Hafið bláa hafið, sjómannalögin með Ragga Bjarna. Seinni tónleikar verða klukkan 22.15. Miðaverð er kr. 2.900.

**20.30 Kór Neskirkju** heldur tónleika í kirkjunni undir yfirskriftinni Söngur og sumarblóm. Aðgangur er ókeypis og sumarblómasala til styrktar kórnum að tónleikum loknum.

### ➔ Fræðsla

**14.00** Fimmti opni fræðslufundurinn af ellefu á þessu ári í tilefni af 30 ára starfsafmæli **Stoðar hf** verður haldinn í hjálpartækjasal Stoðar að Trönuhrauni 8.

### ➔ Sýningar

**18.00 Bjarni Sigurðsson** verður með keramiksýningu hjá Fríðu Skartgripahönnuði á Strandgötu 43 í Hafnarfirði. Er sýningin hluti af Björtum Dögum í Hafnarfirði.

### ➔ Hátíðir

**17.00** Listahátíðin í Reykjavík stendur nú yfir. Nánari upplýsingar á **www.listahatid.is**.

### ➔ Umræður

**15.00** Haldin verður málstofa í fundarsal Seðlabankans, Sölvhóli. Frummælandi er **Ásgeir Daníelsson.** Efni málstofunnar er Lífeyrissjóðir, einkasparnaður, húsnæðiseign og fjármálalegur stöðugleiki.

### ➔ Dans

**20.00 Salsa Iceland** býður í frían prufutíma í salsa fyrir byrjendur á Thorvaldsen Bar. SIST meðlimir bjóða fría kennslu í Taxi dönsum strax þar á eftir og er dansgólfið svo laust fyrir salsaóða til kl. 00.30. Ýmis tilboð á barnum.

### ➔ Tónlist

**20.00** Samsara heldur tónleika fyrir framan verslunina **Kailash við Strandgötu 11 í Hafnarfirði.** Trúbadorinn Leo Gillespie mun einnig stíga á stokk.

**21.00 Styrktartónleikar fyrir Kisukot** verða haldnir á Græna Hattinum, Akureyri. Meðal þeirra sem fram koma eru Ingó Hansen og hljómsveitin Berklarnir. Aðgangseyrir er kr. 1.500 sem rennur óskiptur í Kisukot.

**22.00** Bítladrengirnir blíðu halda tónleika á **Ob-La-Dí-Ob-La-Da,** Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

### ➔ Fyrirlestrar

**11.30 Bresk utanríkisstefna og Norðurlöndin** eftir síðari heimsstyrjöld eru til umræðu á ráðstefnu á vegum Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands, Sagnfræðistofnunar og English-Speaking Union of Iceland. Fundurinn fer fram á ensku í Norræna húsinu.

**12.00 Hr. Yves Frenot,** framkvæmdastjóri Frönsku pól-stofnunar Paul-Emile Victor (IPEV) heldur fyrirlestur í tilefni af komu skipsins Pourquoi Pas? til landsins. Fyrirlesturinn er hluti af fyrirlestraröðinni um Charcot sem Alliance française og Háskóli Íslands skipuleggur ár hvert og verður haldin í fyrirlestrarsal 132 í Öskju.

**12.15 Arnar Eggert Thoroddsen** tónlistargagnrýnandi og **Hjálmar Stefán Brynjólfsson** lögfræðingur flytja hádegiserindi í Hafnarhúsinu. Fyrirlesturinn er hluti af sýningu Hlyns Hallssonar og Jónu Hlífar Halldórsdóttur, KERFI.

**12.15 Háskóli Reykjavíkur** býður til fyrirlestraraðar undir yfirskriftinni Verkin tala í stofu V102. **Ólafur Wallevik** talar undir yfirskriftinni Er íslenskt best í heimi? - Umhverfisvæn steinsteypa. Aðgangur er ókeypis.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**






# Fagna 25 ára starfsafmæli sínu

„Ég var lengi að hugsa mig um hvort það ætti að vera Eldborgin eða Bar 11 og Bar 11 varð fyrir valinu,“ segir forsprakkinn Seli.

Rokkabillísveitin Langi Seli og Skuggarnir fagnar 25 ára starfsafmæli sínu á Bar 11 um helgina með tvennum ókeypis tónleikum á föstudags- og laugardagskvöld. Þar verður farið yfir feril sveitarinnar, sem ætlar að spila bæði gömul og ný lög. „Við ætlum að fara yfir ferilinn á okkar hátt. Við erum ekki duglegustu lagahöfundar landsins en lögin okkar fá að þróast og breytast á milli ára,“ segir Seli.

Í tilefni af afmælinu ákvað hljómsveitin að gefa sjálfri sér veglega afmælisgjöf með því að fá til liðs við sig gítarleikarann Þorgils Björgvinsson. „Ég er rosalega ánægður með hann. Þetta léttir líka á gamla manninum.“ Auk Þorgils og Sela eru í bandinu þeir Jón Skuggi og Eric Qvick.

Tónleikarnir verða teknir upp og hugsanlega gefnir út síðar á árinu. „Þetta er frekar sjálfhvert en okkur langar svolítið að heyra sjálfum hvernig við hljómum á tónleikum.“

**- fb**



**AFMÆLI** Langi Seli og Skuggarnir fagna 25 ára starfsafmæli sínu um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL








## > Í SPILARANUM

Kira Kira - Feathermagnetik
Melchior - Matur fyrir tvo
Hafdís Huld - Vögguvísur
Diplo - Express Yourself

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Áhorfendur fóru heim

Margir aðdáendur Guns N‘ Roses þurftu að fara heim af tónleikum þeirra í Manchester áður en þeir sáu hljómsveitina svo mikið sem stíga á svið.

Axl Rose og félagar eru þekktir fyrir óstundvísi sína og héldu þeir uppteknum hætti í M.E.N.-höllinni í Manchester á þriðjudagskvöld. Þrátt fyrir að hafa átt að hefja tónleikana tíu um kvöldið létu rokkararnir ekki sjá sig fyrr en korter yfir ellefu. Við tóku þriggja tíma maraþontónleikar og fór fólk ekki heim til sín fyrr en tvö um nóttina. Samkvæmt Gigwise.com er talið að um fjörutíu prósent áhorfendanna hafi þurft að yfirgefa tónleikahöllina fyrr til að ná lestinni heim til sín. Einn aðdáandinn sem hélt út alla tónleikana skrifaði á Twitter að það hefði verið vel þess virði að komast ekki heim til sín fyrr en sjö um morguninn.



**ÓSTUNDVÍS** Axl Rose á tónleikunum í Manchester. NORDICPHOTOS/GETTY



## > PLATA VIKUNNAR

**Sigur Rós - Valtari**

★★★★☆

„Sigur Rós tekur stóra beygju með rólegri og hrífandi plötu.“ - TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Dönsk stelpuverksmiðja*

Danmörk lumar á ýmsu góðu í tónlist. Ein af þeim dönsku sveitum sem hefur verið að vekja athygli undanfarið í hinum alþjóðlega heimi indípoppsins er Giana Factory. Hún er skipuð þremur stelpum, Loui Foo sem syngur og spilar á raftrommur, Sofie Johanne sem spilar á bassa og hljóðgervla og Lisbet Fritze sem spilar á gítar. Þær hafa verið starfandi frá því 2008 og gáfu út sína fyrstu stóru plötu, Save the Youth, í heimalandinu ári seinna. Fyrir nokkrum vikum kom platan svo út í Bandaríkjunum og Evrópu í tvöfaldri útgáfu. Tónlist Giana Factory er rafpopp, svolítið melankólískt á köflum. Þær stöllur nota gamla hljóðgervla sem gefur tónlistinni þægilegan retró-hljóm.



**Á UPPLEIÐ** Danska kvennatríóið Giana Factory hefur vakið verðskuldaða athygli.

Giana Factory varð eiginlega til fyrir tilviljun. Stelpurnar þekktust og höfðu spilað í ýmsum hljómsveitum. Þegar tvær þeirra voru á tónleikaferðalagi í London með samlöndum sínum í The Raveonettes hittu þær James Allan úr skosku hljómsveitinni Glasvegas sem spurði þær hvort þær væru ekki í hljómsveit og hvort þær vildu ekki hita upp fyrir Glasvegas í Kaupmannahöfn tveimur vikum síðar. Þær sögðu já takk, æfðu nokkur lög í snarhasti og spiluðu á tónleikunum í Kaupmannahöfn og á fleiri tónleikum með Skotunum. Síðan hafa þær spilað mjög víða, voru meðal annars að klára stóran Evróputúr nú í vor.

Á nýju útgáfunni af Save the Youth eru, auk laganna sem voru á frumútgáfunni, lög af EP-plötunni Bloody Game, demóupptökur af sumum laganna og endurgerðir af nokkrum þeirra, meðal annars eftir Trentemöller, Autolux og Glasvegas. Fín poppplata.



**GÓÐIR DÓMAR** Nýjasta plata Sigur Rósar, Valtari, hefur fengið jákvæða dóma hjá erlendum gagnrýnendum.

# Hefðbundið en fallegt

**Erlendir dómar um Valtara Sigur Rósar hafa verið að hrúgast inn að undanförnu. Gagnrýnendur eru flestir jákvæðir en margir virðast samt hafa búist við meira frá hljómsveitinni.**

Erlendir fjölmiðlar eru yfirhöfuð jákvæðir í garð nýjustu plötu Sigur Rósar, Valtara, sem kom út fyrr í vikunni. Margir tala um að tónlistin sé fallegt afturhvarf til eldra efnis þó svo að einhverjir kvarti yfir því að ekkert óvænt eða nýtt sé að finna á plötunni.

Þegar litið er á vefsíðuna Metacritic, sem tekur saman einkunnagjöf helstu fjölmiðla, kemur í ljós að Valtari fær mjög góða meðaleinkunn, eða 76 af 100 mögulegum. Þrátt fyrir það er gripurinn með næstlægstu einkunnina af þeim sex hljóðversplötum sem hafa komið út með Sigur Rós. Aðeins frumburðurinn Von er neðar á listanum með 68 af 100, sem kemur kannski ekki á óvart enda er hún líkast til sú tilraunakenndasta og innhverfasta af þeim öllum.

Tímaritið Rolling Stone gefur Valtara þrjár og hálfa stjörnu af fimm mögulegum. Þar segir að upphafslagið Ég anda setji tóninn fyrir mýkstu og þægilegustu plötu Sigur Rósar til þessa. Tímaritið Clash giskar á að hafmeyjar hlusti á Sigur Rós en gefur plötunni aðeins sex í einkunn af tíu. Dagblaðið The Guardian gefur Valtara þrjár stjörnur af fimm. Þar skrifar gagnrýnandinn að tónlistin hverfi fullauðveldlega í bakgrunninn. Það sé synd því mikil fegurð sé til staðar í lögunum.

NME gefur Sigur Rós sjö af tíu í einkunn og segir plötuna vera afturhvarf til ( ), svigaplötunnar frá árinu 2002. „Ef þú ert ekki nú þegar dyggur aðdáandi Sigur Rósar mun þessi plata örugglega ekki breyta neinu þar um. En ef þú ert það muntu alveg örugglega heillast. Hefðbundið efni eins og þetta hefur sjaldan hljómað jafnfallega.“

Allmusic splæsir fjórum stjörnum á Valtara. „Á yfirborðinu virðist hljómsveitin hafa tekið skref aftur á bak. En í staðinn fyrir að endurtaka gamalt efni er þetta ein besta platan hennar. Hún sýnir tónlistargetu sveitarinnar á fágaðan og æðisgenginn hátt og þarna eru nógu miklar tilfinningar til að valda stórflóði.“

Vefsíðan Pitchfork er ekki eins hrifin og gefur henni aðeins 6,1 af 10 í einkunn. „Sigur Rós hefur sannað að hún getur búið til fallega, ófyrirsjáanlega og melódíska tónlist. Valtari vill vera falleg en nær ekki lengra en það,“ skrifaði gagnrýnandinn.

Hér heima hefur Valtari fengið mjög góða dóma, þar á meðal fjórar stjörnur hjá gagnrýnanda Fréttablaðsins. „Hún krefst fullrar athygli hlustandans. Gefi maður henni séns uppsker maður hins vegar ríkulega.“ freyr@frettabladid.is




## LAGALISTINN

Vikuna 24. - 30. maí 2012

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Loreen | Euphoria |
| ▲ | 2 | Jason Mraz | I Won't Give Up |
| ▼ | 3 | KK | Frelsið |
| ▲ | 4 | Valdimar | Þú ert mín |
| ▲ | 5 | Greta Salóme / Jónsi | Never Forget |
| ▲ | 6 | Carly Rae Jepsen | Call Me Maybe |
| ▼ | 7 | Tilbury | Tenderloin |
| ▲ | 8 | Michael Teló | Ai se eu te pego |
| ▼ | 9 | Train | Drive By |
| ▶ | 10 | Magnús Þór / Jónas Sigurðsson | Ef ég gæti hugsana minna |

## TÓNLISTINN

Vikuna 24. - 30. maí 2012

| | Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Ýmsir | Eurovision Song Contest 2012: Baku |
| ▼ | 2 | Of Monsters And Men | My Head Is An Animal |
| ✱ | 3 | Sigur Rós | Valtari |
| ▶ | 4 | Ýmsir | Pottþétt 57 |
| ▼ | 5 | Bubbi Morthens | Þorpið |
| ✱ | 6 | Ýmsir | Gleðibankinn: 25 ár í Eurovision |
| ▼ | 7 | Tilbury | Exorcise |
| ▲ | 8 | Adele | 21 |
| ▲ | 9 | Ýmsir | Hot Spring: Landmannalaugar |
| ▲ | 10 | Mugison | Haglél |

**Skýringar:**

▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is


20%
afmælisafsláttur
Fimmtudag, Föstudag
og Laugardag
Sumarfílingur hjá okkur
konfekt og skemmtilegt
sjáumst...
Ilaria Nistri
By Malene Birger
Moma
French Connection
Imperial/Please
Strategia
G-Star
Twist & Tango
Marithé Francois Girbaud
Kultur
Kringlunni | s.512 1765 | www.ntc.is
erum á facebook

**> LEIKUR ÁSTKONU TIMBERLAKE**

Breska leikkonan Gemma Arterton hefur tekið að sér hlutverk í myndinni Runner Runner sem skartar þeim Justin Timberlake og Ben Affleck í aðalhlutverkum. Tökur á myndinni hefjast í júní en leikstjóri er Brad Furman. Arterton á að leika ástkonu Timberlake, sem bregður sér í hlutverk spilafíkils í Runner Runner sem er frumsýnd á næsta ári.

# bíó

bio@frettabladid.is



# Mjallhvít án dverga og bókamorð

Fyrsta helgi júnímánaðar verður helst til róleg í kvikmyndahúsunum. Aðeins ein mynd verður frumsýnd um helgina og er það myndin Moonrise Kingdom sem er fjallað um hér að neðan.

Tvær myndir voru þó frumsýndar í gærkvöldi. Ber þar fyrst að nefna nýjustu mynd Twilight-leikkonunnar Kristen Stewart, Snow White and the Huntsman. Stewart fer með hlutverk sjálfrar Mjallhvítar í þessum útúrsnúningi hins fræga ævintýris. Volduga og fallega myrkradrottningin Ravenna, leikin af Charlize Theron, fær fregnir af því í gegnum töfraspegilinn sinn að Mjallhvít sé hennar eina ógn um fegurð og völd. Hún leggur þá á ráðin um að ráða hana af dögum og neyðir til liðs við sig ungan og efnilegan veiðimann, Eric, leikinn af sjarmörnum Chris Hemsworth. Ráðabrugg drottningarinnar tekur þó nýja stefnu þegar Eric finnur Mjallhvíti því í stað þess að drepa hana eins og drottningin hafði fyrirskipað þá snúa þau bökum saman og skipuleggja aðgerðir til að koma drottningunni fyrir kattarnef í eitt skipti fyrir öll.

John Cusack leikur rithöfundinn og ljóðskáldið Edgar Allan Poe í þrillernum The Raven. Myndin gerist árið 1849 og fjallar um óðan mann sem byrjar að fremja morð eftir bókum Poe. Ungur rannsóknarlögreglumaður fær því rithöfundinn í lið með sér til að góma brjálæðinginn. - trs



**SNÚA BÖKUM SAMAN** Mjallhvít og veiðimaðurinn sem átti að drepa hana snúa bökum saman og ráðast gegn vondu drottningunni í myndinni Snow White and the Huntsman.

# Kveður Edward

Robert Pattinson segist vera búinn að fá nóg af því að leika í unglingamyndum og vill fara að einbeita sér að nýjum áhorfendahóp.

Leikarinn 26 ára gamli skaust upp á stjörnuhimininn í hlutverki sínu sem ástsjúka vampíran Edward Cullen í hinum feykivinsælu Twilight-myndum. Hann var 15 ára þegar leikaraferillinn byrjaði og átti hann nokkrar myndir á ferilskránni áður en Twilight-ævintýrið hófst árið 2008.

Í viðtali við tímaritið Shortlist segist hann vera búinn að glata metnaðinum fyrir hlutverki sínu sem vampíran Edward og kveðji því hlutverkið með gleði. Hann er þakklátur fyrir allt sem hlutverkið hafi gefið honum en hann sé nú tilbúinn að róa á önnur mið. Upptökum á fimmtu og síðustu myndinni, Breaking Dawn - Part 2, er lokið en myndin er þó ekki væntanleg í kvikmyndahús fyrr en 16. nóvember.



**NÝ MIÐ** Robert Pattinson er tilbúinn að kveðja unglingaaðdáendurna og einbeita sér að nýjum áhorfendahóp.



**HELDUR SIG VIÐ ÞAÐ SEM HANN ÞEKKIR**

*Wes Anderson vinnur gjarnan með sama fólkinu aftur og aftur og á meðal annars gott samstarf við leikarana Owen Wilson, Jason Schwartzman, Anjelicu Houston og Bill Murray.*

- Anderson skrifaði handritið að kvikmyndinni Bottle Rocket ásamt Owen Wilson árið 1996 og að myndinni Rushmore, sem kom út árið 1998.
- Anderson og Wilson skrifuðu einnig handritið að The Royal Tenenbaums sem kom út árið 2001. Owen fer að auki með hlutverk í myndinni ásamt Gene Hackman, Anjelicu Houston, Gwyneth Paltrow, Ben Stiller, Bill Murray og Luke Wilson, yngri bróður Owens Wilson.
- Bill Murray fer með aðalhlutverkið í kvikmyndinni The Life Aquatic with Steve Zissou sem frumsýnd var árið 2004. Owen Wilson, Cate Blanchett og Anjelica Houston fara einnig með hlutverk í myndinni.
- The Darjeeling Limited skrifaði Anderson ásamt Jason Schwartzman og Roman Coppola. Myndin var sýnd árið 2007 og aftur voru það Owen Wilson, Jason Schwartzman og Anjelica Houston sem fóru með aðalhlutverkin.
- Brúðu- og teiknimyndin Fantastic Mr. Fox var skrifuð í samstarfi við handritshöfundinn Noah Baumbach, sem Anderson hefur gjarnan unnið með, og ljáðu George Clooney og Meryl Streep refunum raddir sínar.

**FLOTTIR LEIKARAR** Bruce Willis fer með hlutverk lögreglustjórans Captain Sharp í Moonrise Kingdom. Frances McDormand leikur móður ungrar stúlku sem strýkur að heiman með ástinni sinni.


FERÐADAGUR FJÖLSKYLDUNNAR LAUGARDAGINN 2. JÚNÍ KL. 13-16

BÓKABÚÐ FORLAGSINS - FISKISLÓÐ 39



- KORT
- FERÐABÆKUR
- HOPPUKASTALI
- GRILLAÐAR PYLSUR
- ÓVÆNTIR GESTIR

FORLAGIÐ www.forlagid.is

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu


# Meistaraverk frá Anderson

**Kvikmyndin Moonrise Kingdom verður frumsýnd í Bíó Paradís annað kvöld. Myndin er í leikstjórn Wes Anderson og hefur hlotið einróma lof gagnrýnenda.**

Moonrise Kingdom gerist árið 1965 og segir frá tólf ára gömlum strák sem verður ástfanginn af stúlku og saman ákveða þau að flýja saman út í óbyggðir eyjunnar sem þau búa á. Á meðan yfirvöld leita barnanna gerist aftakaveður sem fær hið litla samfélag til að fara á annan endann. Hasarleikarinn Bruce Willis fer með hlutverk lögreglustjórans Captain Sharp, Edward Norton leikur skátaforingjann Randy Ward og gæðaleikararnir Bill Murray og Frances McDormand leika foreldra Suzy Bishop, stúlkunnar er strýkur með piltinum að heiman. Með önnur hlutverk fara Tilda Swinton, Jason Schwartzman og hin ungu og efnilegu Jared Gilman og Kara Hayward.

Wes Anderson leikstýrir myndinni og skrifaði einnig handritið að henni ásamt Roman Coppola, syni leikstjórans Francis Ford Coppola. Myndin var opnunarmynd kvikmyndahátíðarinnar í Cannes og hlaut þar góðar viðtökur áhorfenda sem og gagnrýnenda. Moonrise Kingdom var frumsýnd í Bandaríkjunum fyrir viku síðan og sló þá met yfir tekjur á hvern sýningarsal á einni helgi. Myndin halaði inn 17.082.748 krónum á hvern sal og er það meira en nokkur leikin kvikmynd hefur gert fram að þessu.

Myndin hefur hlotið frábæra dóma og er með 96 prósent ferskleikastig á vefsíðunni Rottentomatoes.com. Gagnrýnendur segja myndina fallega skotna og vel leikna og sumir ganga svo langt að segja þetta bestu kvikmynd Andersons til þessa.



**LOFAR GÓÐU** Fyrsta stiklan úr söngvamyndinni Les Misérables lofar góðu um framhaldið að mati gagnrýnenda.

# Lofar góðu

**Fyrsta stiklan úr söngvamyndinni Les Misérables var sett á netið á þriðjudag og þykir lofa góðu um framhaldið. Áætlað er að myndin verði frumsýnd í byrjun næsta árs. Söngleikurinn er byggður á skáldsögu franska rithöfundarins Victors Hugo og gerist í Frakklandi á tímum byltingarinnar. Undir stiklunni hljómar lagið I Dreamed A Dream og má sjá leikarana Hugh Jackman, Anne Hathaway, Russell Crowe, Amöndu Seyfried og Eddie Redmayne í hlutverkum sínum.**

**Leikstjóri myndarinnar er Tom Hooper, hinn sami og leikstýrði hinni vinsælu kvikmynd The King's Speech.**

# Óþolandi spenna

Það ríkir mikil eftirvænting eftir stórmyndinni Prometheus, nýjustu kvikmynd leikstjórans Ridleys Scott. Myndin verður frumsýnd í Bretlandi um helgina og kveðst Scott ánægður með afraksturinn.

Prometheus skartar Noomi Rapace, Michael Fassbender, Guy Pearce, Idris Elba, Logan Marshall-Green og Charlize Theron í aðalhlutverkum og líkt og kunnugt er orðið var myndin tekin upp að hluta til hér á landi. Tökur hófust í mars í fyrra og er áætlaður kostnaður við gerð myndarinnar um 15 milljarðar króna.

„Þegar maður gerir mynd þá er betra að hlusta á sem fæsta. Ég átti þó í góðu sambandi við framleiðslufyrirtækið því maður hlustar á hvern þann sem gefur manni svo mikinn pening til að búa til kvikmynd," sagði Scott í viðtali við Empireonline.com. Prometheus er sjálfstæð forsaga kvikmyndarinnar Alien, en geimveran ógurlega mun þó ekki reka upp kollinn í hinni nýju mynd. Scott fullvissar aðdáendur um að þrátt fyrir það verði myndin spennandi.

„Hún verður óþægileg til að byrja með, svo kemur áfallið. En það hefur ekkert með geimveru að gera. Myndin mun afhjúpa nokkuð mun stærra en fólk getur ímyndað sér."



**SPENNA Í LOFTINU** Ridley Scott segir Prometheus vera meira spennandi en menn geti óráð fyrir. NORDICPHOTOS/GETTY

# STÓLADAGAR

frábær tilboð dagana 31. maí - 7. júní

HÚSGAGNAHÖLLIN

10% AFSLÁTTUR
**METTE** borðstofustóll.
Kr. **13.490**
fullt verð ~~14.990~~

NÚNA 35% AFSLÁTTUR

**19.490**
FULLT VERÐ: 29.990

**PLUMP** stóll.
4 litir, leðurlíki.

NÚNA 40% AFSLÁTTUR

**MERIT**
borðstofustóll,
grátt áklæði.

**14.990**
FULLT VERÐ: 24.990

10% AFSLÁTTUR
**CECILE** borðstofustóll.
Kr. **15.290**
fullt verð ~~16.990~~.

STAKIR STÓLAR & SÍÐUSTU EINTÖK MEÐ MIKLUM AFSLÆTTI ÞESSA VIKU

**19.190**
FULLT VERÐ: 23.990

NÚNA 20% AFSLÁTTUR

**DALLAS**
barstóll, svartur.

**INDI**
borðstofustóll.
Kr. **11.990**

NÚNA 25% AFSLÁTTUR

**ANDREW**
borðstofustóll.
Fæst í svörtu eða
brúnu leðri.

**14.990**
FULLT VERÐ: 19.990

**169.990**

LA-Z-BOY

**GRAND PINNACLE XL**
La-z-boy stóll. Svart eða brúnt leðuráklæði. Einnig til með vínrauðu, svörtu og natur áklæði.
B:84 D:118 H:107 cm.





NÚNA 20% AFSLÁTTUR

**143.980**
FULLT VERÐ: 179.980



**MELBOURNE** svefnsófi. B:242 D:91/168 H:85.
Dýna: 147x200 cm. Dökkgrátt áklæði.

TILVALIÐ Í SUMARBÚSTAÐINN

**95.992**
FULLT VERÐ: 119.990



NÚNA 20% AFSLÁTTUR

**ALICIA** svefnsófi. B:164 D:85 H:90.
Dýna: 135x200 cm. Grátt microfiber áklæði.

**0% VEXTIR** Húsgagnahöllin býður nú upp á vaxtalaus lán til allt að 12 mánaða

MasterCard VISA

**HÚSGAGNAHÖLLIN** Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 **OPIÐ** Virka daga 10-18 laugardaga 12-18 **SUNNUDAGA LOKAÐ.**

popp@frettabladid.is



**82 ÁR** fyllir leikarinn góðkunni Clint Eastwood í dag. Hann fagnar þeim tímamótum eflaust með eiginkonu sinni Dinu Ruiz og börnunum sínum sjö.

# Fögnuðu trúlofuninni

**Jessica Biel og Justin Timberlake fögnuðu trúlofun sinni ásamt 100 vinum og vandamönnum um helgina. Það var stílisti Biel sem skipulagði veisluna en meðal gesta voru meðal annars Ellen DeGeneres, leikkonan Amy Adams og foreldrar verðandi brúðhjónanna.**



**HAMINGJA** Biel og Timberlake brosa breitt.

**Timberlake bað Biel er þau voru í skíðafríi í kringum jólin í fyrra. Samkvæmt gestum litu þau út fyrir að vera mjög hamingjusöm í veislunni og dönsuðu allt kvöldið. Parið hefur ekki staðfest dagsetningu brúðkaupsins en fjölmiðlar vestanhafs eru vissir um að það fari fram í sumar.**

Gítar
námskeið
"Crash course" í júní
Skráning er hafin
Einkatímar
2x í viku í 4 vikur
Skráning í síma
581 1281
UKULELE
www.gitarskoli.is
GÍS
GÍTARSKÓLI ÍSLANDS



**FÓTLEGGURINN UMTALAÐI** Angelina Jolie skildi aldrei hið mikla umtal sem fótleggurinn hlaut, skiljanlega.

NORDICPHOTOS/GETTY



**ÓHRÆDD** Rihanna hefur ávallt verið óhrædd þegar kemur að tísku. Hér er hún við frumsýningu Battleship.



**Í CANNES** Ofurfyrirsætan Natasha Poly var ófeimin á sýningu Madagascar 3 í Cannes.



**VINSÆLL TÍSKUSTRAUMUR** Leikkonan Freida Pinto fetaði í fótspor Jolie við frumsýningu De Rouille et D'os á Cannes.

# Í FÓTSPOR JOLIE

**Angelina Jolie vakti gríðarlega mikið umtal er hún mætti í svörtum kjól frá Versace tískuhúsinu á Óskarsverðlaunahátíðina í ár. Athygli fréttamiðla beindist helst að berum fótlegg leikkonunnar er gægðist undan síðkjólnum. Síðan þá hafa fleiri leikkonur og fyrirsætur fetað í fótspor Jolie.**

Fótleggur Angelinu Jolie varð umfjöllunarefni flestra slúðurmiðla daginn eftir Óskarsverðlaunahátíðina í febrúar. Á rauða dreglinum klæddist Jolie síðkjól frá Versace með hárri klauf á hliðinni og hefur fjöldi kvenna leikið þetta eftir síðan þá.



**FÖLBLEIKT** Leikkonan Charlize Theron klæddist þessum kjól við Golden Globes verðlaunahátíðina.



**HVÍTKLÆDD** Pólska fyrirsætan Anja Rubik klæddist þessum hvíta kjól á The Met Ball þann 7. maí. Hún vakti álíka mikla athygli og Jolie nokkrum mánuðum fyrr.




Í áratugi hafa íslenskir garðplöntuframleiðendur unnið að því að byggja upp og rækta úrval af garðplöntum fyrir íslenska veðráttu.

Nýttu þér dýrmæta þekkingu og reynslu íslenskra garðplöntuframleiðenda.
VELDU ÍSLENSKAR TRJÁPLÖNTUR, SÉRMERKTAR ÞÉR.

íslenskar garðplöntur

ÍSLENSKA/SIA.IS/SGB 59891 05/12

# Teri Hatcher var einfari

Eva Longoria segir að Teri Hatcher, mótleikkona hennar í sjónvarpsþáttunum Desperate Housewives, sé einfari.

Áttunda og síðasta þáttaröðin lauk nýlega göngu sinni í Bandaríkjunum og Longoria tjáði sig um samskiptin við mótleikkonur sínar í viðtali við tímaritið OK!

Aðspurð hvort hún hafi átt í deilum við Hatcher segir Longoria að hún hafi verið einfari og haldið sig út af fyrir sig. „Ég, Marcia [Cross] og Felicity [Huffman] vorum miklu nánari vegna þess að við erum stelpulegar og höfðum gaman af því að vera saman. Hún vildi ekki vera með okkur. Það voru engin leiðindi. Ég held bara að hún sé bara þannig persónuleiki."

Longoria hyggst nú snúa sér að kvikmyndum. Hún leikur meðal annars í væntanlegu myndunum The Truth og Long Time Gone.



**AÐÞRENGDAR EIGINKONUR** Eva Longoria segir að Teri Hatcher sé algjör einfari.


SUMARDAGAR
FRÁ FIMMTUDEGI TIL MÁNUDAGS
yfir 10.000 vörunúmer á afslætti
30-60%
AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM
3 FYRIR 2
AF ÖLLUM DÖMU-, HERRA- OG BARNA STUTTERMABOLUM!
ÞÚ VELUR ÞÉR 3 STUTTERMABOLI Á TILBOÐI, BORGAR FYRIR 2 OG FÆRÐ ÞANN ÓDÝRASTA FRÍTT MEÐ!
Nýjar myndir á Facebook • Fylgstu með •
next
KRINGLUNNI • SÍMI 551 3200
Ráðandi - auglýsingastofa ehf



**VILJA GEFA KITL Í MAGANN** Vinkonurnar Sigríður Ella Jónsdóttir, Kristín Kristjánsdóttir og Hrafnhildur Guðrúnardóttir opna verslun með íslenskri hönnun í hliðargötu frá Strikinu í Kaupmannahöfn. MYND/ÍRIS DÖGG EINARSDÓTTIR

# Opna Karrusel í Danmörku

**Vinkonunum Sigríði Ellu Jónsdóttur, Hrafnhildi Guðrúnardóttur og Kristínu Kristjánsdóttur langaði að hrista upp verslunarflóru Kaupmannahafnar og opna verslunina Karrusel með íslenskri og erlendri hönnun í bland.**

„Okkur langaði að hrista upp í vöruúrvalinu hérna en þó að markaðurinn sé stór finnst okkur hann vera frekar einsleitur,“ segja vinkonurnar og nú búðareigendurnir Sigríður Ella Jónsdóttir, Hrafnhildur Guðrúnardóttir og Kristín Kristjánsdóttir sem opna verslun í Kaupmannahöfn á næstu dögum.

Búðin nefnist Karrusel og hafa vinkonurnar tryggt sér verslunarhúsnæði á besta stað í bænum, nánar tiltekið í hliðargötu frá Strikinu. „Við ákváðum að kýla á þetta þegar við vorum allar fluttar út til Kaupmannahafnar en þetta hefur lengi verið í umræðu í vinahópnum hérna úti. Við höfum allar mismunandi reynslu að baki og smellpössum saman sem viðskiptafélagar,“ segja stúlkurnar en búðaropnunin hefur verið í bígerð í eitt og hálft ár. „Hérna úti tekur allt lengri tíma en heima, það er miklu meiri skriffinnska og rammi utan um allt.“

Sigríður, Hrafnhildur og Kristín eru búnar að tryggja sér vörur eftir 25 unga og efnilega hönnuði, bæði íslenska og erlenda, sem verða til sölu í búðinni. „Við höfum trú á að íslensku hönnuninni verði vel tekið hérna en hún er bæði litríkari og kannski ekki eins klassísk og hin danska. Nú vonum við bara að Danirnir bíti á öngulinn.“

Karrusel þýðir hringekja á dönsku en stöllurnar vilja að viðskiptavinir búðarinnar upplifi ákveðna veröld þegar þeir koma inn í verslunina. „Að fara inn í Karrusel á að vera skemmtileg upplifun og gefa kitl í magann þar sem þú finnur einstaka og fagra hluti allt í kring. Upplifunin á að skilja eftir sig ákveðin hughrif sem fólk tekur með sér úr verslunninni.“ Karrusel opnar þann 8. júní á Knabrostræde 1a en hægt er að fylgjast með búðinni á vefsíðunni Karruselboutique.com. **- áp**

Tónlist ★★★☆☆

**Asonat**

Love in Times of Repetition



## Silkimjúkt og sefandi

Asonat er samstarfsverkefni tveggja vel þekktra íslenskra raftónlistarmanna, Jónasar Þórs Guðmundssonar og Fannars Ásgrímssonar. Jónas hefur mest notast við aukasjálfið Ruxpin, en Fannar er annar helmingur dúósins Plastic Joy. Ruxpin hefur gefið út nokkrar fínar plötur bæði hjá hérlendum og erlendum plötufyrirtækjum, síðast kom Where Do We Float From Here? sem bandaríska útgáfan n5MD gaf út árið 2009. n5MD gefur líka út tónlist Asonat.

Tónlistin á Love in Times of Repetition er að stærstum hluta hæggeng, mjúk og seiðandi raftónlist, þó að hún herðist aðeins í nokkrum lögum, t.d. We Have Come So Far Again, Dandelions For You og Last Song (Almost). Þeir félagar syngja báðir á plötunni, en auk þeirra syngja franska söngkonan Oléna Simon, japanska söngkonan Chihiro Dunn og Kjartan Ólafsson úr Ampop. Yfirbragð plötunnar minnir svolítið á listamenn í mjúku deildinni, eins og Thievery Corporation eða Kruder & Dorfmeister, en hljómur Asonat er samt kaldari, meira teknó.

Love in Times of Repetition er ágætis plata. Lögin eru misgóð og hún nær aldrei að koma manni verulega á óvart, en hún stendur samt vel fyrir sínu. Bestu lögin eru mjög vel samin og oft ná Asonat-menn að skapa flotta stemningu með vönduðum hljóðheiminum. **Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Ágætis plata frá nýrri rafpoppsveit Jónasar Ruxpin og Fannars úr Plastic Joy.

# Fluttur á sjúkrahús

**Sjónvarpskokkurinn kjaftfori Gordon Ramsay var fluttur á sjúkrahús eftir að hafa tekið þátt í góðgerðaleik í fótbolta á leikvangi Manchester United, Old Trafford.**

**Ramsay lenti í samstuði við fótboltakappann fyrrverandi Teddy Sheringham með þeim afleiðingum að hann lá óvígur eftir í grasinu vegna bakmeiðsla. Hann var fluttur beint á sjúkrahús en er núna á batavegi. Meðal annarra sem tóku þátt í leiknum voru leikararnir Gerard Butler, Mike Myers, Woody Harrelson og Will Ferrell.**



**Á BATAVEGI** Gordon Ramsay er á batavegi eftir samstuðið við Sheringham.


SAMBÍÓIN SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| SNOW WHITE AND HUNT.. | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| SNOW WHITE AND HU.. VIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | VIP |
| THE RAVEN | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| THE DICTATOR | KL. 6 - 8 | 2D | 12 |
| THE LUCKY ONE | KL. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 10:50 | 2D | 16 |
| DARK SHADOWS | KL. 5:40 - 10 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 8 | 3D | 10 |
| UNDRALAND IBBA M/ ÍSL TALI | KL. 6 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| RAVEN | KL. 10:10 | 2D | 16 |
| THE AVENGERS | KL. 5:10 | 3D | 10 |
| THE LUCKY ONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| UNDRALAND IBBA ÍSL TAL | KL. 6 | 2D | L |
| SAFE | KL. 8 - 10:10 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| SNOW WHITE AND HUNT.. | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| THE RAVEN | KL. 10:30 | 2D | 16 |
| MEN IN BLACK 3 | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 10 |
| THE DICTATOR | KL. 6 - 10:40 | 2D | 12 |
| DARK SHADOWS | KL. 8 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 5:20 - 8 | 3D | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE RAVEN | KL. 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| THE LUCKY ONE | KL. 5:50 - 8 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 10:10 | 2D | 16 |
| DARK SHADOWS | KL. 5:40 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 6 - 9 | 3D | 10 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| SNOW WHITE AND THE HU.. | KL. 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 8 - 10 | 2D | 16 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SMÁRABÍÓ midi.is HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| SNOW WHITE AND THE... | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| SNOW WHITE AND THE... LÚXUS | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| MIB 3 3D | KL. 3.30 - 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| MIB 3 2D | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| THE DICTATOR | KL. 3.30 - 6 - 8 - 10 | 12 |
| LORAX - ÍSLENSKT TAL 2D | KL. 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| SNOW WHITE AND THE HUNTSMAN | KL. 6 - 9 | 12 |
| MIB 3 3D | KL. 6 - 9 | 10 |
| SALMON FISHING IN THE YEMEN | KL. 8 | 10 |
| THE DICTATOR | KL. 6 - 8 - 10.30 | 12 |
| GRIMMD: SÖGUR AF EINELTI | KL. 5.45 | 10 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 10 | 16 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| SNOW WHITE AND THE... | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| MIB 3 3D | KL. 8 - 10 | 10 |
| THE DICTATOR | KL. 6 | 12 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%




LAUGARÁSBÍÓ

| | Sýningartímar |
|---|---|
| SNOW WHITE | 4, 7, 10(P) |
| MEN IN BLACK 3 3D | 5.45, 8, 10.15 |
| THE FIVE-YEAR ENGAGEMENT | 5, 8, 10.25 |
| LORAX 3D - ISL TAL | 4 |

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ ★ PARADÍS




FIMMTUDAGUR: TYRANNOSAUR 18:00, 20:00, 22:00 ■ I AM SLAVE 18:00, 22:00 ■ CORIOLANUS 20:00, 22:30 ■ JANE EYRE 17:30 ■ IRON SKY 20:00, 22:00 ■ *SVARTUR Á LEIK (ENG. SUBS)* 17:40, 22:00

6. JÚNÍ: SUMARTÍÐ (L'Heure d'été) eftir OLIVIER ASSAYS!

SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.

# Sérfræðingur í bleium

**Leikkonan Charlize Theron segist vera orðin sérfróð um bleiuskipti eftir að hún eignaðist son sinn Jackson.**

**„Ég elska bleiuskipti, ég lýg því ekki. Og ég er orðin svo góð í þeim að ég gæti gert það sofandi. Ég hef þurft að kaupa bleiur í ólíkum löndum, því Jackson er á kynningarferðalagi með mér, og nú kann ég að skipta á japönskum bleium, spænskum, enskum og þýskum bleium. Bleiur eru svolítið ólíkar á milli landa og ég er orðin sérfróð um þær allar," sagði leikkonan um hið nýja hlutverk sitt sem móðir.**



**SÉRFRÓÐ** Charlize Theron kveðst sérfróð um bleiuskipti. NORDICPHOTOS/GETTY

# Gætu verið trúlofuð

Joshua Jackson og Diane Kruger voru á meðal gesta er sóttu góðgerðamáltíð í Monte Carlo í vikunni. Kruger, sem er þekkt fyrir góðan fatasmekk, klæddist kjól frá hönnuðinum Prabal Gurung og bar hálsmen sem innanbúðarmenn vilja meina að sé eins konar trúlofunargjöf frá Jackson.

Kruger var áður gift franska leikaranum Guillaume Canet og hefur oft látið þau orð falla að hún vilji ekki gifta sig aftur. „Ég trúi ekki á hjónaband, ég trúi á skuldbindingu hjartans.

Það er ekki til sá pappír sem mun halda fólki saman ef það vill það ekki," sagði leikkonan sem gæti þó hafa snúist hugur í millitíðinni.



**TRÚLOFUÐ?** Sögur eru um að Diane Kruger og Joshua Jackson hafi trúlofað sig á laun. NORDICPHOTOS/GETTY



**DREKKUR MIKIÐ** Vinir Jeremy Renner hafa áhyggjur af drykkju hans. NORDICPHOTOS/GETTY

# Óttast um feril Renners

Fjölskylda og vinir leikarans Jeremys Renner hafa áhyggjur af því að ferill hans hljóti skaða af ofdrykkju hans. Renner á að hafa drukkið ótæpilega með máltíð á Chateau Marmont hótelinu í Los Angeles.

„Jeremy var of drukkinn, sullaði á sjálfan sig og röflaði," var haft eftir sjónarvotti. Heimildarmenn segja einnig að Renner hafi drukkið mikið á meðan hann var á kynningarferðalagi fyrir kvikmyndina Avengers. „Hann drakk heilu næturnar og vinum hans þótti nóg um. Ef hann tekur sig ekki á gæti þetta haft áhrif á feril hans," sagði heimildarmaðurinn. Talsmaður Renners neitar sögusögnunum.



**PÓSA** Hvorki Kanye West né Kim Kardashian eru feimin við myndavélarnar og eru dugleg að stilla sér upp saman á rauða dreglinum í Cannes. NORDICPHOTOS/GETTY

# Með áhyggjur af tengdó

Rapparinn Kanye West ku vera kominn í náðina hjá Kardashian-fjölskyldunni en hann hefur verið í sambandi með raunveruleikastjörnunni Kim Kardashian í nokkra mánuði. Parið er ekki feimið við sviðsljósið en þau hertaka nú rauðu dreglana á kvikmyndahátíðinni í Cannes.

West hefur nú miklar áhyggjur af móður kærustu sinnar, Kris Jenner, sem hefur aukið heimsóknir sínar til lýtalækna Los Angeles mikið. Móðir West lést árið 2007 eftir misheppnaða fitusogsaðgerð og hefur West biðlað til Jenner að fara varlega.

Það mun eflaust ekki draga úr vinsældum raunveruleikaþáttanna um Kardashian-fjölskylduna þegar West fer að birtast á skjánum en hann hefur samþykkt að vera með í næstu seríu.



# sport

sport@frettabladid.is



**PEPSI-DEILD KARLA** heldur áfram í kvöld en þá fara fram tveir leikir. Selfoss tekur á móti Breiðablik og Keflavík sækir Val heim. Báðir leikir hefjast klukkan 19.15 og verða í beinni leiklýsingu á Boltavakt Vísis og Fréttablaðsins.

## ÚRSLIT

### Undankeppni EM:

**Ísland-Spánn** **21-18 (8-10)**
**Mörk Íslands (skot):** Rut Jónsdóttir 4 (5), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 4 (6), Dagný Skúladóttir 4 (7), Karen Knútsdóttir 3/2 (6/2), Þórey Rósa Stefánsdóttir 2 (2), Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 2 (6), Jóna Margrét Ragnarsdóttir 1 (2), Stella Sigurðardóttir 1 (8/1), Sunna Jónsdóttir (1),
**Varin skot:** Guðný Jenný Ásmundsdóttir 17 (34/1, 50%), Guðrún Ósk Maríasdóttir 1/1 (2/2, 50%).
**Hraðaupphlaup:** 5 (Dagný 3, Anna Úrsúla, Þórey Rósa)
**Fiskuð víti:** 3 (Anna Úrsúla 2, Arna Sif Pálsdóttir)
**Utan vallar:** 8 mínútur.
**Mörk Spánar (skot):** Macarena Aguilar 5 (9), Marta Mangue 4 (7), Nely Carla Alberto 3/1 (4/1), Carmen Martin 3/1 (6/3), Begona Fernandez 2 (2), Elisabeth Pinedo 1 (4), Vanessa Amoros (1), Veronica Cuadrado (1), Beatriz Fernandez (3), Varin skot: Silvia Navarro 16 (37/2, 43%), Cristina Gonzalez 1/1 (1/1, 100%),
**Hraðaupphlaup:** 4 (Aguilar 2, Martin, Pinedo)
**Fiskuð víti:** 4 (Aguilar 2, Fernandez, Cuadrado)
**Utan vallar:** 2 mínútur.
**Dómarar:** Øyvind Togstad, Noregi og Rune Christiansen, Noregi

### Vináttulandsleikur:

**Svíþjóð-Ísland** **3-2**
1-0 Zlatan Ibrahimovic (2.), 2-0 Ola Toivonen (14.), 2-1 Kolbeinn Sigþórsson (26.), 3-1 Christian Wilhelmsson (77.), 3-2 Hallgrímur Jónasson (90.+3).
**Lið Íslands:** Hannes Þór Halldórsson - Hallgrímur Jónasson, Kári Árnason (83., Hólmar Örn Eyjólfsson), Ragnar Sigurðsson, Ari Freyr Skúlason - Rúrik Gíslason, Aron Einar Gunnarsson, Helgi Valur Daníelsson (66., Eggert Gunnþór Jónsson), Gylfi Þór Sigurðsson - Birkir Bjarnason (81., Jóhann Berg Guðmundsson), Kolbeinn Sigþórsson (58., Alfreð Finnbogason).

# Við ætlum ekki að sóa þessum sigri

**Ísland vann glæsilegan þriggja marka sigur á Spáni, sem vann brons á HM í desember, í undankeppni EM í gær. Sigurinn gefur Íslandi von um að komast á EM í Hollandi en til þess þarf sigur í Úkraínu um helgina.**

**HANDBOLTI** Ísland vann í gær einn sinn stærsta sigur frá upphafi þegar liðið lagði Spán í Vodafonehöllinni, 21-18. Glæsilegur sigur hjá stelpunum okkar sem skoruðu níu af fyrstu tíu mörkum síðari hálfleiksins. Verður sá stundarfjórðungur lengi í minnum hafður.

Sigurinn þýðir að Ísland á enn möguleika á að komast í úrslitakeppni EM sem haldin verður í Hollandi í desember. Ísland væri þá að komast á sitt þriðja stórmót í röð en ljóst er að með frammistöðu sinni undanfarna mánuði er Ísland heldur betur að koma sér á kortið í kvennahandboltaheiminum.

Nú er fram undan hreinn úrslitaleikur við Úkraínu ytra um hvort liðið fylgir Spánverjum upp úr riðlinum og til Hollands. Úkraína býr þó að því að mega tapa með tveggja marka mun og því ljóst að verkefnið verður erfitt fyrir íslensku landsliðskonurnar.

En þær sýndu í gær að þær eru vísar til að yfirstíga hvaða hindrun sem er. Eftir slakan fyrri hálfleik sýndu þær mögnuð tilþrif í þeim síðari. Munaði ekki síst um markvörslu Guðnýjar Jennýjar Ásmundsdóttur sem var frábær í seinni hálfleiknum.

„Við vinnum þetta saman. Það er liðsheildin sem skiptir máli," sagði Jenný, eins og hún er kölluð, af mikilli hógværð eftir leikinn. „Sem betur fer gekk allt upp á réttum tíma í seinni hálfleik eftir slen í þeim fyrri. Gústi [Ágúst Jóhannsson þjálfari] hamraði á því í hálfleik að við gætum miklu betur sem og við gerðum."

Ísland var tveimur mörkum undir í hálfleik en Spánverjar hefðu með réttu átt að vera með miklu meiri forystu. Aðeins þeirra eigin klaufagangur og kæruleysi kom í veg fyrir það.

Þær virtust svo algjörlega gáttaðar þegar Ísland mætti til leiks í síðari hálfleik með miklum krafti. Stelpurnar voru fljótar að nýta sér meðbyrinn sem hófst með frábærri vörn og markvörslu.

„Við skerptum á ákveðnum þáttum og gáfum í. Við vorum passívar í fyrri hálfleik en mun grimmari í þeim síðari. Fyrir vikið uppskárum við þriggja marka sigur á einu besta landsliði heims," sagði Ágúst.

Spánn vaknaði til lífsins þegar stundarfjórðungur var eftir og stillti í gríðarsterka 5-1 vörn sem stelpurnar lentu í basli með. „Við lentum í vandræðum. En það er reynsla og þolinmæði komin í liðið sem var ekki áður. Við höfðum trú á okkur og kláruðum leikinn," sagði þjálfarinn.

Karen Knútsdóttir segir að það sé mikill munur á liðinu nú og þegar það tapaði fyrir Úkraínu í október síðastliðnum. „Við æfðum svo vel í nóvember og áttum svo gott mót á HM í desember. Við sýndum ákveðinn stöðugleika þar sem einkennir liðið enn í dag. Á HM sýndum við að við getum unnið bestu lið heims og að við erum að nálgast þau," sagði Karen en ítrekaði:

„Það er bara hálfleikur í þessari baráttu. Nú er erfitt ferðalag fram undan til Úkraínu. Við höfum áður unnið þær með nítján marka mun en líka tapað fyrir þeim. En það er alveg víst að við ætlum ekki að sóa þessum sigri í kvöld. Við erum ekki hættar." eirikur@frettabladid.is



**EM-DRAUMURINN LIFIR HJÁ STELPUNUM** Hálfleiksræðan hjá Ágústi Jóhannssyni þjálfari kveikti í íslenska liðinu og stelpurnar lönduðu sigri eftir frábæran seinni hálfleik. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**DAGUR SIGURÐSSON** Er að gera frábæra hluti í Þýskalandi. NORDICPHOTOS/BONGARTS

Þýska úrvalsdeildin í handbolta:

# Füchse tryggði sér þriðja sætið

**HANDBOLTI** Dagur Sigurðsson stýrði sínum mönnum í Füchse Berlin inn í Meistaradeildina á næsta tímabili í gær þegar Refirnir tryggðu sér 3. sætið í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta með því að vinna tólf marka stórsigur á TBV Lemgo, 36-24.

Alexander Petersson skoraði þrjú mörk í fyrri hálfleik en Dagur Sigurðsson gat leyft sér að hvíla hann í seinni hálfleiknum enda yfirburðirnir mjög miklir. Þetta var síðasti heimaleikur Alexanders með Füchse Berlin en hann er á leiðinni til Rhein-Neckar Löwen.

Füchse Berlin hefur þriggja stiga forskot á HSV Hamburg en aðeins ein umferð er eftir. - óój

Enska úrvalsdeildin:

# Rodgers tekur við Liverpool

**FÓTBOLTI** Brendan Rodgers, stjóri Swansea, verður næsti stjóri Liverpool en enskir fjölmiðlar sögðu frá því í gær að hann væri búinn að samþykkja að gera þriggja ára samning.

Liverpool kaupir upp samning Rodgers við Swansea og þarf að borga velska félaginu á bilinu 4 til 5 milljónir punda. Liverpool hefur verið stjóralaust síðan Kenny Dalglish var rekinn 16. maí síðastliðinn og fyrir aðeins tólf dögum hafnaði Rodgers viðræðum við Liverpool. - óój

Íslenska fótboltalandsliðið skoraði tvö mörk annan leikinn í röð en þurfti aftur að sætta sig við tap:

# Þetta er að verða betra og betra hjá okkur

**FÓTBOLTI** Íslenska karlalandsliðið í fótbolta þurfti í gær að sætta sig við annað 2-3 tapið í röð þegar liðið tapaði á móti Svíum í Gautaborg aðeins þremur dögum eftir að liðið missti niður 2-0 forystu á móti Frökkum. Íslenska liðið missti frá sér leikinn á móti Frökkum á lokasprettinum en að þessu sinni var það slæm byrjun sem fór með möguleika íslenska liðsins.

Svíarnir voru komnir í 2-0 eftir fjórtán mínútur en Kolbeinn Sigþórsson minnkaði muninn á 26. mínútu með flottu skallamarki. Hallgrímur Jónasson minnkaði síðan muninn í 3-2 með síðustu spyrnu leiksins þegar hann skallaði inn horn Gylfa Þórs Sigurðssonar eftir að Svíar höfðu komist í 3-1 á 77. mínútu.

„Við vorum alltof passívir í upphafi leiksins og gáfum þeim alltof mikinn tíma og of stór svæði til að vinna á. Þetta er samt að verða betra og betra hjá okkur en ég þarf bara að ýta aðeins á strákana til að vera grimmari varnarlega," sagði Lars Lagerbäck og bætti við:

„Liðið var að spila vel fram að því að þeir skora þriðja markið. Við gáfum það mark og megum bara ekki gera svona mistök ef við ætlum okkur að vinna einhverja leiki. Eins og ég talaði um eftir Frakkaleikinn þá hafa þetta verið mjög góðir dagar fyrir okkur. Strákarnir eru búnir að leggja sig mikið fram og hafa rétta hugarfarið. Ég var aðeins vonsvikinn með fyrstu fimmtán mínúturnar," sagði Lars.



**ZLATAN SÝNDI SNILLI SÍNA** Zlatan Ibrahimovic bjó til tvö mörk fyrir Svía á fyrstu 14 mínútunum. Hér er hann í baráttunni við Hallgrím Jónasson. MYND/AFP

Íslenska liðið hefur tapað fjórum fyrstu leikjum sínum undir stjórn Lars Lagerbäck en liðið er að sýna flotta spilakafla á stórum köflum og er búið að skora í öllum leikjunum, þar af fjögur mörk í síðustu tveimur leikjunum.

„Leikmennirnir eiga mikið hrós skilið eftir þessa fjóra erfiðu vináttulandsleiki og við munum nýta okkur þá þegar við byrjum undankeppni HM í september. Við erum að skora í öllum leikjum og við erum að skora falleg mörk. Fyrsta markið okkar kom eftir frábæra sókn og mjög góða fyrirgjöf. Kolbeinn var síðan réttur maður á réttum stað eins og hann á að vera. Við skorum síðan seinna markið eftir horn sem við ætlum að nýta okkur. Leikmenn eiga hrós skilið fyrir að skora flott mörk," sagði Lars sem sér liðið vera á réttri leið.

„Við megum ekki líta framhjá því að við vorum að spila við mjög sterka andstæðinga og líka á útivelli. Ég get verið ánægður með margt í þessum leikjum og við erum búnir að taka fyrstu skrefin í átt til þess að vera mun betra lið en þegar ég tók við," sagði Lars. - óój

# NÓATÚN

*Við gerum meira fyrir þig*

AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT Í KJÖTBORÐI

ÚR KJÖTBORÐI – BESTIR Í KJÖTI

## GRILLPYLSUR

| | |
|---|---|
| FRANKFURTER | 139 KR./STK. |
| SPÆNSKAR CHORIZO | 198 KR./STK. |
| BRATWURST | 198 KR./STK. |
| MEÐ OSTI | 169 KR./STK. |

## Úrval, gæði og þjónusta í Nóatúni

AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT Í KJÖTBORÐI

LAMBA RANK, 4 PIPAR MARINERAÐ
**3898** KR./KG

ÚR KJÖTBORÐI – BESTIR Í KJÖTI

AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT Í KJÖTBORÐI

KJÚKLINGASPJÓT M/PAPRIKU
**598** KR./STK.

ÚR KJÖTBORÐI – BESTIR Í KJÖTI

ÍM KJÚKLINGABRINGUR
**2098** KR./KG

AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT Í KJÖTBORÐI

LAMBBORGARI, 90 G
**169** KR./STK.

ÚR KJÖTBORÐI – BESTIR Í KJÖTI

SS ÍTALSKAR LAMBALÆRIS-SNEIÐAR
**2698** KR./KG

ÞYKKVABÆJAR KARTÖFLUSALAT M/LAUK
**428** KR./STK.

**15% afsláttur**
BB SÓLKJARNA-RÚGBRAUÐ
**242** KR./PK.
~~285~~

**20% afsláttur**
A. MABEL MUFFINS, 3 TEGUNDIR
**199** KR./STK.
~~249~~

MARYLAND, 4 TEGUNDIR
**145** KR./PK.

NIVEA ROLL ON, DÖMU OG HERRA
**489** KR./STK.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

EXPO • www.expo.is

Opið til miðnættis alla daga **8-24**

NÓATÚN

Hamraborg – Nóatún 17 – Hringbraut – Austurver – Grafarholt

# Draumariðill í Lundúnum

**Ísland slapp við gull- og silfurliðin frá EM í Serbíu þegar dregið var í riðla fyrir Ólympíuleikana í Lundúnum – en fékk í staðinn Bretland og Argentínu. Ísland er einnig í riðli með Frakklandi, Svíþjóð og Túnis. Strákarnir hefja leik 29. júlí.**

**HANDBOLTI** Í gær var dregið í riðla fyrir handboltakeppnina á Ólympíuleikunum í Lundúnum í sumar. Liðunum tólf sem höfðu tryggt sér þátttökurétt á leikunum var skipt í tvo riðla og er óhætt að fullyrða að Ísland hafi lent í „léttari“ riðlinum þar sem gríðarsterk lið skipa hinn riðilinn.

Ísland er í A-riðli með Frakklandi, Svíþjóð, Túnis, Argentínu og Bretlandi. Argentína var í sama styrkleikaflokki og Evrópumeistarar Danmerkur, þó svo að mikill getumunur hafi verið á þessum liðum undanfarin ár. Danir voru til að mynda afar ósáttir við það hlutskipti að teljast jafnir liði Argentínu að styrkleika – sem þó er Suður-Ameríkumeistari. Það lá því fyrir að liðin myndu dragast hvort í sinn riðil.

Bretland, sem var með Serbíu í styrkleikaflokki, fékk svo að velja sér riðil þegar búið var að draga úr öðrum styrkleikaflokkum. Það kom ekki á óvart að Dragan Djukic, landsliðsþjálfari Breta, valdi að spila frekar við Suður-Ameríkumeistarana en Evrópumeistarana.

Frakkland, Svíþjóð og Túnis eru einnig í riðli með Íslandi en fjögur efstu liðin munu komast áfram í fjórðungsúrslit. Skiptir máli að lenda eins ofarlega og mögulegt er til að sleppa við sterkustu liðin úr B-riðlinum strax í fyrstu umferð útsláttarkeppninnar.

Ef Ísland kemst áfram upp úr riðlakeppninni er ljóst að það verður erfið leið sem bíður strákanna ætli þeir sér að komast aftur alla leið í úrslitaleikinn, rétt eins og í Peking fyrir fjórum árum síðan. Fimm sterkar Evrópuþjóðir eru í B-riðli auk Asíumeistara Suður-Kóreu sem hefur ávallt reynst hættulegur andstæðingur. Má búast við harðri baráttu um efstu fjögur sætin í þeim riðli.

Ólympíuleikarnir hefjast föstudaginn 27. júlí og keppni í handbolta karla tveimur dögum síðar. Keppt verður annan hvorn dag frá því en úrslitaleikurinn verður háður sunnudaginn 12. ágúst, á lokakeppnisdegi leikanna.

Íslenska landsliðið hefur ekki undirbúning sinn fyrir leikana fyrr en eftir að leikjum Íslands gegn Hollandi í undankeppni HM 2013 lýkur. Fyrri leikurinn fer fram 10. júní hér heima og sá síðari í Hollandi sex dögum síðar.

Þessa dagana er keppnistímabilinu í atvinnumannadeildunum í Evrópu að ljúka og fá því flestir landsliðsmanna Íslands frí í aðeins nokkra daga áður en þeir hefja æfingar með landsliðinu hér á landi.

Ekki náðist í landsliðsþjálfarann Guðmund Guðmundsson í gær.

eirikur@frettabladid.is



**ÓLI KVEÐUR** Ólafur Stefánsson mun að öllum líkindum ljúka glæsilegum landsliðsferli á Ólympíuleikunum í Lundúnum í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Riðlarnir á ÓL 2012**

| | |
|---|---|
| **A-riðill:** | |
| Frakkland | Svíþjóð |
| Ísland | Bretland |
| Argentína | Túnis |
| **B-riðill:** | |
| Spánn | Króatía |
| Ungverjaland | Serbía |
| Danmörk | Suður-Kórea |



**MARIO BALOTELLI** Liggur ekki á skoðunum sínum. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Balotelli líður ekki níð:

## Hótar að labba af velli

**FÓTBOLTI** Ítalinn Mario Balotelli ætlar ekki að sætta sig við neitt kynþáttaníð á EM í sumar. Hann hefur nú hótað að labba af velli ef hann verður fyrir slíku á mótinu. Hann segir enn fremur að ef einhver myndi kasta banana í hann úti á götu þá myndi hann drepa viðkomandi.

„Ef það kemur fyrir að einhver hendir banana í mig úti á götu þá enda ég í fangelsi því ég myndi drepa þann mann. Kynþáttaníð er algjörlega ólíðandi og ég get ekki sætt mig við slíkt,“ sagði Balotelli við France Football.

„Það verða vonandi engin slík vandamál á EM því ef það gerist þá mun ég labba af velli og fara heim. Það er árið 2012 og svona má ekki gerast.“

Balotelli fer um víðan völl í þessu opinskáa viðtali og hann talar meðal annars um að hann sé gáfaðri en flest fólk.

„Ég lít á mig sem snilling en ekki uppreisnarsegg. Ég trúi því að ég sé gáfaðri en meðalmaðurinn.“

- hbg



**SCHOLES** Hefur átt mörg góð ár í búningi United. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Paul Scholes fer hvergi:

## Framlengdi við Man. Utd

**FÓTBOLTI** Stuðningsmenn Man. Utd glöddust í gær þegar Man. Utd staðfesti að miðjumaðurinn Paul Scholes væri búinn að skrifa undir nýjan eins árs samning við félagið.

Scholes lagði skóna á hilluna síðasta sumar en sá svo eftir þeirri ákvörðun og dró þá niður aftur í janúar. Hann átti frábæra endurkomu í lið United og sýndi og sannaði að hann á nóg eftir.

Hann gaf sér þó tíma í að ákveða hvort hann treysti sér í eitt tímabil í viðbót og það er nú orðið raunin.

Þessi 37 ára miðjumaður skoraði fjögur mörk í sautján leikjum með Man. Utd í vetur og liðið tapaði aðeins einum leik í deildinni með hann í byrjunarliðinu.

Scholes hefur skorað 154 mörk í 697 leikjum fyrir United en hann er þriðji leikjahæsti leikmaðurinn í sögu félagsins á eftir Ryan Giggs og Sir Bobby Charlton.

- hbg


ÞÓR HF

Alvöru áhöld og tæki
í garðinn og sumarbústaðinn
... færðu hjá okkur



Krókhálsi 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Lónsbakka
601 Akureyri
Sími 461-1070

www.thor.is


Margrét Lára Viðarsdóttir er í leit að nýju félagi:

## Leyst undan samningi



**FÓTBOLTI** Þýska meistaraliðið Turbine Potsdam hefur leyst Margréti Láru Viðarsdóttur undan samningi hennar við félagið en hann átti að renna út í lok næsta mánaðar.

Fram kemur í staðarblaðinu Potsdamer Neueste Nachrichten að þetta hafi verið gert aðeins nokkrum klukkustundum eftir að Potsdam tryggði sér titilinn. Félagið varð Þýskalandsmeistari fjórða árið í röð á sunnudaginn eftir 8-0 sigur á Leipzig. Margrét Lára skoraði eitt mark í leiknum.

Margrét Lára kom til félagsins í janúar eftir að hafa klárað tímabilið í Svíþjóð með Kristianstad. Hún náði sér þó aldrei á strik með félaginu vegna tíðra meiðsla.

„Hún hefur verið ótrúlega óheppin vegna þess að hún kom hingað til þess að leggja sitt á vogarskálarnar,“ sagði Bernd Schröder, þjálfari liðsins.

„En því miður hefur hún ekki líkamlega burði til að taka þátt í jafnströngum æfingum og er venjan hér í Potsdam,“ bætti hann við.

- esá




Við erum með sterku hellurnar!

Graníthellurnar okkar eru endingarbetri, fallegri og ódýrari en þig grunar.

Graníthellur hafa mun lengri endingartíma en venjulegar hellur.
Þær henta vel fyrir bílaplön, torg, stíga, kanta, þrep og litlar hleðslur.

4 400 400

Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna réttu lausnina.

CE Allar hellur Steypustöðvarinnar eru framleiddar samkvæmt viðurkenndum stöðlum.

STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

Hringhellu 2, 221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8, 800 Selfoss | Malarhöfða 10, 110 Reykjavík | Berghólabraut 9, 230 Reykjanesbær | Sími 4 400 400, www.steypustodin.is

Nikon

*At the heart of the image*

# I AM YOUR SUMMER DEAL

## D3200

**Verð frá 139.995.-**



**KAUPAUKI**




Ný hágæða stafræn SLR myndavél með 24.2 Megapixla C-MOS myndflögu og 18-55VR linsu með hristivörn. GUIDE valmyndakerfið auðveldar öllum að taka betri myndir á augabragði. D-Movie kvikmyndataka í háskerpu (1920x1080p). 11 punkta sjálfvirkt fókus kerfi, hátt ljósnæmi ISO (100-6400) sem má framlengja í 12800, Live View og stórum 3" háskerpu skjá.

**Sumarpakki frá Nikon í kaupbæti:**
Kælitaska fyrir sex gosdósir, svifdiskur, strandbolti, spilastokkur að virði 5.995.-

## COOLPIX

**Verð 24.995.-**



**KAUPAUKI**



**COOLPIX S3300 – Litrík sýn á þína veröld.** Nett og meðfærileg myndavél með 16 megapixla upplausn, NIKKOR gleiðhornslinsu, 6x optískum aðdrætti og hristivörn. Sjálfvirkar umhverfisstillingar, stór 2.7" LCD skjár og HD hreyfimyndataka. Eins fæst hún í 8 líflegum litum. Taktu skemmtilegar myndir við öll tilefni.

**Sumarpakki frá Nikon í kaupbæti:** Kælihulstur fyrir gosdós, farsímavasi fyrir ströndina, spilastokkur að virði 2.495.-

Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.

**www.nikon.is**

Nikon School D-SLR Intro – 2.5 klst kynningarnámskeið ásamt Check & Clean í 3 ár fylgir með D3200 að verðmæti 25.000.-

Nikon SCHOOL INTRO

**SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 – www.ht.is
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
Beco – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 – www.beco.is
Fotoval – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
MAX – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
Hagkaup – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000 – www.hagkaup.is
Tölvulistinn – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

**SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI**

Hljómsýn – Akranesi; Framköllunarþjónustan – Borgarnesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Hrannarbúðin – Grundarfirði; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnvetninga – Hvammstanga; Smárabær – Blönduósi; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; SR Byggingavörur – Siglufirði; Valberg – Ólafsfjörður; Kauptún – Vopnafirði; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ; Omnis – Akranes, Borgarnes og Reykjanesbæ.

**veiði**
golfogveidi@frettabladid.is

**2.134 LAXAR** veiddust í Norðurá í fyrra en veiði hefst þar á þriðjudaginn.

**2.032 LAXAR** veiddust í Blöndu í fyrra. Veiði hefst þar á þriðjudaginn.

# Úr sjö í forgjöf í fimmtíu daga veiði

**Gústaf Gústafsson var forfallinn golfáhugamaður áður en hann „frelsaðist“. Það gerðist í fluguhnýtingarkennslu hjá Sigurði Pálssyni fyrir sex árum. *Trausti Hafliðason* tók Gústaf tali.**



**SÁ STÆRSTI** Gústaf veiddi þennan glæsilega silfraða hæng í Stóru-Laxá, svæði III. Hann mældist 93 sentímetrar og var stærsti laxinn sem veiddist á svæði III sumarið 2010.

„Ég var kominn niður fyrir sjö í forgjöf í golfinu en nú á veiðin hug minn allan,“ segir Gústaf. „Nú vil ég ekki sjá neitt annað en fluguveiði en hana flokka ég sem listgrein. Ég sé fyrir mér að fluguveiðin verði áhugamálið sem muni fylgja mér á grafarbakkann. Þó ég hafi ekki fengið veiðidelluna fyrr en fyrir nokkrum árum þá veiddi ég nú eitthvað með pabba og afa þegar ég var gutti.“

**Vídeóblogg á netinu**

Gústaf er 39 ára Patreksfirðingur sem starfar sem forstöðumaður á Markaðsstofu Vestfjarða á Ísafirði. Stofan hefur meðal annars það hlutverk að markaðssetja Vestfirði fyrir ferðamenn. Frá árinu 2010 hefur Gústaf haldið úti vídeódagbók á netinu þar sem hann segir frá öllum veiðiferðum sínum. Veiðiáhugamenn hafa vafalaust margir rekist á dagbækurnar á Youtube eða á bloggsíðunni: http://gustig.blog.is/.

Það er augljóst að þegar það kemur að veiði þá er Gústaf afar metnaðarfullur maður. Það kemur kannski ekki á óvart að markaðsfræðingur skuli setja sjálfum sér markmið en það gerir Gústaf svo sannarlega. Hann stefnir að því að veiða í 50 daga í sumar.

„Ég set mér allavega skýr markmið í vinnunni og áhugamálinu,“ segir Gústaf og hlær. „Ég hef undanfarin ár stefnt að því að ná 50 veiðidögum á ári en hingað til hefur það ekki tekist. Ég náði að veiða í 45 daga árið 2010 en í fyrra náði ég einungis 37 dögum. Í fyrra eyðilagði veðrið svolítið fyrir mér því eins og menn muna þá voraði ekki fyrr en á miðju sumri. Ég hef líka sett mér nokkur undirmarkmið. Eitt af þeim er að veiða allar tegundir fiska sem lifa í ferskvatni á Íslandi; bleikju, sjóbleikju, urriða, sjóbirting, lax en líka flundru og ál. Ég verð alltaf mjög ánægður þegar ég fæ flundru því þá er einni flundru færra á viðkomandi vatnasvæði. Ég hef ekki enn náð að veiða ál en ég myndi fagna honum því reyktur er hann mikið lostæti. Annað undirmarkmið er að veiða í öllum landsfjórðungum og ég hef alltaf náð því.“

**Ræddi veiði á fundi ráðherra**

Gústaf segir ánægjulegt ef veiðimenn hafa gaman af vídeódagbókinni. Hún sé samt ekki síður hugsuð fyrir hann sjálfan.

„Með þessu móti get ég alltaf skoðað hvað ég var að gera. Þegar ég fer í á eða vatn í sumar get ég skoðað hvað ég gerði þar síðasta sumar. Það hjálpar mikið í veiðinni enda lærir maður best af reynslunni. Síðan er auðvitað gaman að þetta skuli vekja athygli manna í veiðiheiminum.

Ég hef undantekningalaust fengið mjög jákvæð viðbrögð við dagbókarfærslunum. Það gekk til dæmis ókunnugur maður að mér á flugvellinum á Ísafirði fyrir nokkrum vikum og spurði mig hvort ég væri ekki maðurinn sem héldi úti vídeó-blogginu. Einnig þótti mér skemmtilegt þegar aðstoðarmaður iðnaðarráðherra fór að spjalla við mig um dagbækurnar þegar ég var á fundi með ráðherranum fyrir nokkru síðan. Þetta gerist reglulega og ég verð alltaf jafn hissa.“



**MARÍA** Gústaf fékk fyrsta flugulaxinn á þessa púpu, sem hann hannaði og hnýtti sjálfur.

**Þefar uppi ódýr veiðileyfi**

Gústaf veiðir ekki 50 daga samfleytt enda er hann hvorki sestur í helgan stein né moldríkur. Hann veiðir heldur ekki endilega einn því hann á nokkra góða veiðifélaga sem skjótast oft með honum.

„Ég er að þessu allt árið og hef jafnvel tekið með ísdorg á Lapplandi. Ég skrái hins vegar ekki heilan veiðidag í bókhaldið nema ég hafi veitt í að minnsta kosti sex klukkustundir. Þetta er allt flokkað skipulega, þú sérð.“

En eitthvað hlýtur þetta að kosta? „Öll áhugamál kosta eitthvað en þetta er ekki svo dýrt. Ég reyni að fara mest á staði þar sem veiðileyfin eru í ódýrari kantinum. Í þessu samhengi er Veiðikortið frábær kostur, maður kaupir það fyrir fimm til sex þúsund kall og getur veitt í vötnum úti um allt land. Ég nota líka mikið Stangveiðihandbækur Eiríks St. Eiríkssonar. Þær eru mikil gersemi enda í þeim hægt að finna margar frábærar ár og mörg vötn.“

**Hrífst af hinu ókannaða**

Gústaf reynir að þvælast sem víðast í sínum veiðiferðum.

„Ég hef alveg sérstaklega gaman að því að fara á svæði sem lítið hefur verið fjallað um og fáir þekkja. Dæmi um það er Sléttuhlíðarlækur, sem er austan megin í Skagafirðinum. Þetta er svo lítill lækur að það er nánast hægt að klofa yfir hann en samt veiddi ég þar ágætan urriða. Það er þetta ókannaða sem ég og svo margir aðrir höfum áhuga á. Það er ógrynni af svona veiðistöðum til á Íslandi og á þessum stöðum er yfirleitt hægt að kaupa mjög ódýr veiðileyfi af bændum.“

> „Ég verð alltaf ánægður þegar ég fæ flundru því þá er einni flundru færra á viðkomandi vatnasvæði.
>
> GÚSTAF GÚSTAFSSON

**Arnarvatnsheiðin er toppurinn**

Toppurinn á veiðitímabilinu hjá Gústaf er árleg ferð upp á Arnarvatnsheiði norðanverða.

„Í júlí á hverju sumri fer ég upp á heiðina ásamt góðum vinum og uppeldisfélögum frá Patró. Þessi ferð er hápunktur sumarsins. Ekki endilega vegna þess að við séum að moka upp fiski heldur er það náttúran og útiveran með góðum vinum sem heillar. Mér finnst margfalt skemmtilegra að vera þarna með mínum vinum en að vera í góðri laxveiðiá. Uppi á Arnarvatnsheiði er ekkert stress. Menn veiða bara þegar þeir nenna og þurfa ekki að vera að hugsa um svæðaskiptingu eða þeysast 40 kílómetra á milli veiðistaða fyrir hádegi.“

Uppáhaldsá Gústafs er Austurá á Arnarvatnsheiði sem rennur úr Arnarvatni stóra.

„Það má segja að þarna hafi ég byrjað mína fluguveiði í straumvatni fyrir alvöru. Þetta er lítil og nett á og vatnið nær manni rétt upp að hnjám þó þú finnir auðvitað flotta hyli inn milli. Fiskarnir eru samt ekki í samræmi við stærð árinnar því þarna hef ég veitt marga mjög væna urriða, meðal annars einn sem vó um níu pund.“

**Sá stærsti kom í Stóru-Laxá**

Aðspurður segist Gústaf samt eiga sér marga uppáhaldsveiðistaði.

„Langá er alltaf í uppáhaldi því þar fetaði ég mín fyrstu skref í fluguveiði með hjálp góðs félaga. Sogið er líka í miklu uppáhaldi og þá sérstaklega Syðri-Brú en þar fékk ég minn fyrsta lax á flugu. Hann var tekinn á púpu sem ég hannaði og hnýtti sjálfur á krók númer 14 (sjá mynd). Laxá í Kjós er líka gríðarlega skemmtileg. Mig dreymir stundum miðsvæðið þar sem sjóbirtingurinn er. Þá er svæði númer fjögur í Stóru-Laxá stórbrotið. Þar er náttúrufegurðin stórbrotin og ég hef aldrei farið þaðan án þess að hafa veitt lax. Það er líka gaman að segja frá því að þarna rétt fyrir neðan, á svæði þrjú, veiddi ég minn stærsta lax, hann var 93 sentímetrar og sá stærsti sem veiddist á því svæði sumarið 2010.“

**Byrjar sumarið í Aðaldalnum**

En hvað er fram undan? „Sumarið byrjar fyrir alvöru í Aðaldalnum núna í byrjun júní. Ég veit að sumarið verður verulega spennandi og ég vona að ég uppgötvi ný og skemmtileg svæði.

## Veiddi maríulaxinn á mettíma og fór svo í sólbað

Gústaf Gústafsson er kvæntur Sigrúnu Bragadóttur og saman eiga þau fimm börn. Hvernig ætli gangi að sameina þetta tímafreka áhugamál fjölskyldulífinu?

„Það gengur bara vel þó það gangi reyndar afar illa að fá konuna til að veiða. Ég er eiginlega búinn að gefast upp á því núna en ég hef lengi reynt. Reyndar hélt ég að mér hefði tekist þetta fyrir nokkrum árum. Þá tókst mér að draga hana í veiði í Fjarðarhorni í Kollafirði á Barðaströnd. Hún horfði á mig taka fisk og síðan einn af strákunum okkar landa maríulaxinum. Loksins tókst mér að fá hana til að kasta og viti menn, eftir sirka tvær mínútur, ég lýg því ekki, tók lax. Þetta var maríulaxinn. Hún var svona fimm mínútur að landa honum. Um leið og hann var kominn á land beit hún veiðiuggann af. Ég held þetta hafi tekið svona korter í heildina. Ég var að sjálfsögðu hoppandi í kringum hana allan tímann, þvílíkt spenntur en þegar hún var búin að landa laxinum lagði hún stöngina frá sér og fór í sólbað. Hún hefur ekki kastað flugu síðan.“



**MEÐ MARÍULAXINN** Sigrún landaði laxinum á fimm mínútum. Beit veiðiuggann af og hefur ekki veitt aftur.


FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.



Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á vísi.

Meiri Vísir. vísir

# SUMARDAGAR

## SIMMS OG VEIÐIHORNIÐ


Tim Malyurek - Simms


Bent -Ove Ulsaker – ffe

VEIÐIHORNIÐ

SÍÐUMÚLA 8 – SÍMI 568 8410

SIMMS


Jon Anders Walle – ffe


Nick Simmons – Simms


Tom Roger Bekkeli – ffe

## FAGNAÐU MEÐ OKKUR NÝJU VEIÐISUMRI OG KOMDU Á SUMARDAGA SIMMS Í VEIÐIHORNINU SÍÐUMÚLA 8. HELGINA 2. OG 3. JÚNÍ

**KOMDU** og hittu sérfræðingana og fáðu svör við spurningunni af hverju Simms er það besta sem völ er á í vöðlum og veiðifatnaði.

**KASTAÐU** flugu. Á kastsvæðinu getur þú prófað flugustangirnar okkar og borið saman.

**PRÓFAÐU** Sage ONE og þú gætir eignast eina. Nöfn allra sem prófa lenda í lukkupotti og einn heppinn eignast Sage ONE, flugustöngina sem allir eru að tala um. Sage er vinsælasta flugustöngin. Það er ekki tilviljun.

**SKOÐAÐU** íslensku Einarsson fluguhjólin. Hittu Steingrím Einarsson hönnuð og framleiðanda hjólanna. Frí áletrun og ókeypis Scientific Anglers flugulína fylgir öllum Einarsson hjólum um helgina.

**FINNDU** veiðileyfi. Lax-Á, Strengir og Stangaveiðifélag Reykjavíkur kynna veiðileyfin í sumar. Úrval veiðileyfa og frábær tilboð.

**SMAKKAÐU** villibráð. Matreiðslumeistarinn Úlfar Finnbjörnsson kynnir reykofna frá eitt til fjögur báða dagana.

**SJÁÐU** leynivopnin. Fluguhnýtingameistarar á svæðinu. Siggi Páls á laugardag. Viðar í Gallerí Flugur og Nils Jörgensen á sunnudag.

**KYNNTU** þér Veiðikortið. Ingimundur Bergsson kynnir Veiðikortið og vatnasvæðin. Veiðikortið á tilboði alla helgina.

**LÆRÐU** fluguveiði. Einar Guðnason frá Fluguveiðiskólanum Veiðiheimi kynnir starfsemina í sumar.

**LESTU** Veiði 2012. Nýja Veiðiblaðið okkar er komið út. Náðu þér í eintak.

**ÞYGGÐU** gjafir. Fyrstu gestir hvorn dag fá sumargjafir frá Simms og Veiðihorninu.

**VERTU HEPPINN.** Allir sem koma í heimsókn fá happdrættismiða og vinningarnir eru glæsilegir. Simms vöðlur, Sage tvíhenda, Lamson fluguhjól, Veiðileyfi frá Lax-Á, veiðileyfi frá SVFR, Veiðikortið, Scientific Anglers flugulínur, flugubox með vönduðum og veiðnum flugum.

SUMARDAGAR - SIMMS VERÐA HALDNIR Í VEIÐIHORNINU
LAUGARDAGINN 2. JÚNÍ FRÁ 10 TIL 16 OG SUNNUDAGINN 3. JÚNÍ FRÁ 12 TIL 16.

> **Stöð 2 kl. 20.10**

**Masterchef USA**

***Gordon Ramsay stendur ávallt fyrir sínu og það verður líflegur þáttur af Masterchef. Áheyrnarprufurnar halda áfram og Ramsay sýnir enga miskunn í niðurskurðinum.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON HORFÐI Á LOKAUPPGJÖRIÐ

# *Vel teygður amerískur lopi*

Lopinn var teygður svo um munaði í lokauppgjöri American Idol í síðustu viku.

Í fyrri þættinum sungu þau Phillip Phillips og Jessica Sanchez hvort sín þrjú lögin og gerðu það mjög vel, eins og þeirra var von og vísa.

Þrátt fyrir að aðeins ætti eftir að tilkynna úrslitin í seinni þættinum var hann næstum tveggja klukkustunda langur og þau Phillips og Sanchez voru hálfgert aukaatriði þar til alveg í blálokin. Fram að því fékk hver á fætur öðrum tækifæri til að ota sínum tota, þar á meðal dómararnir Steven Tyler og Jennifer Lopez.



Sú síðarnefnda söng þarna í annað sinn á skömmum tíma, greinilega staðráðin í að nýta sér til fullnustu athyglina sem Idolið fær úti um allan heim.

132 milljónir atkvæða voru greiddar þetta úrslitakvöld, sem er nýtt met, og er það vel skiljanlegt að auglýsendur sem og aðrir hafi viljað komast að með sitt efni. Þrátt fyrir allt húllumhæið beið maður því allan tímann þolinmóður fyrir framan skjáinn eftir úrslitunum. En mikið óskaplega var þetta erfið fæðing.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Íslensk menning **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Fuglarnir **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Listahátíð í Reykjavík 2012 - Sinfóníutónleikar **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperla: Meðal annarra orða - nýlist **23.15** Til allra átta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)

**17.15 Konungsríki Benna og Sóleyjar**

**17.26 Sögustund með Mömmu Marsibil**

**17.37 Múmínálfarnir**

**17.46 Lóa**

**18.00 Orðaflaumur – Ordstorm: Arg** (3:5) (Ordstorm)

**18.15 Táknmálsfréttir**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Fjölskyldusaga af landsmóti** Mynd um upplifun einnar fjölskyldu á Landsmóti hestamanna. Dagskrárgerð er í höndum Dúa Landmark.

**21.10 Aðþrengdar eiginkonur** (21:23) (Desperate Housewives VIII) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

**22.20 Glæpahneigð** (130:138) (Criminal Minds VI) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.05 Höllin** (18:20) (Borgen) (e)

**00.05 Kastljós** (e)

**00.30 Fréttir**

**00.40 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Inkheart**

**10.00 Funny Money**

**12.00 Kapteinn Skögultönn**

**14.00 Inkheart**

**16.00 Funny Money**

**18.00 Kapteinn Skögultönn**

**20.00 My Blueberry Nights**

**22.00 Hot Tub Time Machine**

**00.00 Ripley Under Ground**

**02.00 Home of the Brave**

**04.00 Hot Tub Time Machine**

**06.00 Marmaduke**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.30 Oprah**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Doctors** (147:175)

**10.15 Glee** (5:22)

**11.00 Extreme Makeover: Home Edition** (5:25)

**11.45 Lie to Me** (3:22)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Mr. Woodcock** Gamanmynd um mann sem snýr heim til að koma í veg fyrir að móðir hans giftist íþróttakennaranum sem gerði honum lífið leitt í menntaskóla.

**14.25 Smallville** (4:22)

**15.10 Barnatími Stöðvar 2**

**17.05 Bold and the Beautiful**

**17.30 Nágrannar**

**17.55 Friends** (18:24)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 Simpsons**

**19.45 Arrested Development** (13:22)

**20.10 Masterchef USA 2** (2:20) Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar yfir á sitt band. Ýmsar þrautir eru lagðar fyrir þar sem reynir á hugmyndaflug, úrræði og færni þátttakenda.

**20.55 The Closer** (4:21) Sjöunda þáttaröðin um líf og starf morðrannsóknardeildar hjá lögreglunni í Los Angeles. Þar fer Brenda Johnson með völd, en hún býr yfir einstakri næmni og hæfileika til að skyggnast inn í líf fórnarlamba sem og grunaðra.

**21.40 NCIS: Los Angeles** (22:24)

**22.30 Rescue Me** (15:22)

**23.15 The Mentalist** (22:24)

**00.00 Homeland** (12:13)

**00.50 The Killing** (3:13)

**01.35 Mr. Woodcock**

**03.00 Lie to Me** (3:22)

**03.45 The Closer** (4:21)

**04.30 Masterchef USA 2** (2:20)

**05.15 Simpsons**

**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Svíþjóð - Ísland** Útsending frá vináttulandsleik á Gamla Ullevi.

**18.10 Þýski handboltinn: Fuchse Berlin - Lemgo**

**19.30 Svíþjóð - Ísland**

**21.20 Eimskipsmótaröðin 2012** Samantekt frá fyrsta mótinu sem fram fór á Hólmsvelli í Leiru dagana 25. - 27. maí.

**21.50 Miami Heat - Boston Celtics** Útsending frá leik í úrslitum Austurdeildarinnar.

**23.40 Þýski handboltinn: Fuchse Berlin - Lemgo**

**01.00 NBA: Oklahoma - San Antonio** BEINT frá leik í úrslitakeppni NBA. Þetta er þriðji leikur liðanna.

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**17.55 Aston Villa - Chelsea**

**19.40 Republic Of Ireland & Italy (Group C)** Ítarleg kynning á liðunum sem keppa í úrslitakeppni EM í sumar.

**20.10 Premier League World**

**20.40 Season Highlights 2011/2012**

**21.35 Man. Utd. - Man. City**

**23.20 Norwich - Newcastle**

## 2 EXTRA

**19.50 The Doctors** (125:175)

**20.35 In Treatment** (56:78)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 Stóra þjóðin** (1:6)

**22.20 New Girl** (16:24)

**22.50 2 Broke Girls** (4:24)

**23.15 Grey's Anatomy** (24:24)

**00.00 Gossip Girl** (16:24)

**00.45 Pushing Daisies** (13:13)

**01.30 In Treatment** (56:78)

**01.55 The Doctors** (125:175)

**02.35 Fréttir Stöðvar 2**

**03.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**15.55 Being Erica** (4:13) (e)

**16.40 Eureka** (20:20) (e)

**17.25 Dr. Phil**

**18.05 The Firm** (14:22) (e)

**18.55 America's Funniest Home Videos** (e)

**19.20 According to Jim** (9:18) (e)

**19.45 Will & Grace** (17:25) (e)

**20.10 Eldhús sannleikans** (4:10) Sigmar B. Hauksson snýr nú aftur í sjónvarp með nýja seríu matreiðsluþátta. Í hverjum þætti er ákveðið þema þar sem Sigmar ásamt gestum útbúa ljúffenga rétti ásamt viðeigandi víni þáttarins.

**20.35 Solsidan** (7:10) Hér segir frá tannlækninum Alex og kærustu hans Önnu og kynnum þeirra af undarlegum fígúrum hverfisins sem þau eru nýflutt í. Anna hefur áhyggjur af því að dóttir þeirra sé ekki að þroskast nægilega hratt og sé alls ekki í takti við börn vinkvenna sinna.

**21.00 Blue Bloods** (16:22) Sakamálaþættir sem gerast í New York. Jamie fer enn huldu höfði innan stærstu glæpafjölskyldu borgarinnar á meðan Frank hittir gamlan vin.

**21.50 Franklin & Bash** (8:10) Lögfræðingarnir Franklin og Bash þurfa reglulega að sletta úr klaufunum. Þegar þeir vinna stórt dómsmál eru þeir ráðnir inn á virta lögfræðistofu og setur það villtu líferni þeirra skorður.

**22.35 Jimmy Kimmel**

**23.20 CSI** (21:22) (e)

**00.10 Law & Order UK** (13:13) (e)

**00.55 Unforgettable** (6:22) (e)

**01.45 Blue Bloods** (16:22) (e)

**02.35 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Crown Plaza Invitational 2012 (4:4) **11.10** Golfing World **12.00** Golfing World **12.50** Crown Plaza Invitational 2012 (4:4) **15.50** BMW PGA Championship (2:2) **18.35** Inside the PGA Tour (22:45) **19.00** The Memorial Tournament 2012 (1:4) **22.00** Ryder Cup Official Film 2002 **00.00** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Í ljósi nýsköpunar

## BBC entertainment

**06.20** 'Allo 'Allo! **08.05** New Tricks **09.50** Deal or No Deal **10.25** EastEnders **10.55** Come Dine With Me **11.45** QI **12.15** Keeping Up Appearances **12.45** One Foot in the Grave **14.40** QI **15.40** Top Gear **16.30** Come Dine With Me **17.20** The Graham Norton Show **18.10** QI **19.10** Top Gear **20.00** Lee Evans Wired and Wonderful: Live At Wembley **20.50** The Graham Norton Show **21.40** Live at the Apollo **22.20** Top Gear **23.15** Lee Evans Wired and Wonderful: Live At Wembley **00.05** QI **00.35** Shooting Stars

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Penge **10.35** Vores Liv. Skattejægerne **11.05** Ha' det godt **11.35** Aftenshowet **12.30** Bonderøven **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Jamie Oliver. Spis for livet! **14.00** Kasper & Lise **14.10** Timmy-tid **14.25** Rosa fra Rouladegade **15.00** Hun så et mord **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Det søde liv - jul **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** DR1 Dokumentaren **19.00** TV Avisen **19.25** Debat **20.15** SportNyt **20.20** Kunsten stiger **21.40** Taggart **22.30** OBS

## NRK 1

**06.30** 22. juli-rettssaken **08.30** Kongeparet feirer sine 75-årsdager **15.00** NRK nyheter **15.15** Grønn glede **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Tegnspråknytt **16.00** Kjendisbarnevakten **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Kongeparet 75 år **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Debatten **20.30** Hertugen i Altaelva **21.00** Kveldsnytt **21.15** Laks og lidenskap - like før **22.00** 60 år med dronning Elizabeth **22.55** Kongeparet 75 år **00.10** Bitt av naturen **00.40** Danmark fra kyst til kyst **01.35** Aktuelt

## svt1

**13.15** Genom Ryssland på 30 dagar **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.30** Kvinnor som hugger ved **14.45** Det ljuva livet i Alaska **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Thaifjord **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Djursjukhuset **19.00** Friidrott **20.00** Vägen mot OS **20.30** Gravid i höga klackar **21.15** Rapport **21.20** Kulturnyheterna **21.25** Det ljuva livet i Alaska **22.10** Uppdrag Granskning **23.10** Rapport **23.15** Kobra

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Einar Kristinn og sjávarútvegur **21.30** Perlur úr myndasafni

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |





VERÐHRUN
Í OUTLET 10
500 kr. - 995 kr. - 1995 kr. - 2995 kr. - 3995 kr. - 4995 kr.
Nýtt
Hettupeysur: 4.995.-
Skyrtur frá: 1.995.-
Peysa 3.995.-
Kjóll: 4.995.-
Hlýrabolir: 1.195.-
Nýtt
Fæst einnig í gulu, appelsínugulu, hvítu, rauðu og svörtu
Diesel gallastuttbuxur: 3.995.-
BOBBIE BURNS
Strigaskór: 3.995.-
Herra gallabuxur frá: 4.995.-
Dömu gallabuxur frá: 995.-
Dömuskór: 2.995.-
DIESEL, ADIDAS, CARHARTT, SPARKZ, SOLID,
BRUUNZ BAZAAR, BOBBIE BURNS, KAWASAKI, JUNK DE LUXE,
MALENE BIRGER, MISS SIXTY, NÜMPH, MATINIQUE, PAUL SMITH, MO MA, G-STAR, MAO, MOSS, BJÖRKVIN,
TIGER OF SWEDEN, SAMSOE & SAMSOE, MIA, KILLAH, INWEAR, SISTERS POINT, SOAKED IN LUXURY, PART TWO,
RELIGION, BULLBOXER, AGAIN AND AGAIN, BRONX, ICHI, IMPERIAL, SAINT TROPEZ ...OG FLEIRI FLOTT MERKI
Fullt af nýjum vörum
+ + + OUTLET 10 + + +
merki fyrir minna
OPIÐ: MÁN - FÖS 11 - 18, LAUGARDAG 11 - 18
SUNNUDAG 12 - 17 erum á facebook
OUTLET 10
+++ merki fyrir minna +++
FAXAFENI 10 - s. 578 7977

**SUMARFRÍIÐ**



*„Ég verð sennilega mest í 101 Reykjavík í sumar. Lakkalakk er að fara að flytja svo ég verð á fullu í að koma því í stand. Ég elska að vera í bænum á sumrin því þá iðar hann af lífi og mannfólki. Sundlaugarnar og pallurinn heima er alveg jafn gott og sólarströnd á Spáni.“*

Ása Ottesen, eigandi vefverslunarinnar Lakkalakk.com.

# Leikur í nýjum gamanþáttum

Fyndnasti maður Íslands, Daníel Geir Moritz, leikur í nýjum íslenskum gamanþáttum sem verða sýndir í haust. „Þetta er ferli sem er að fara af stað hjá ákveðnum grínhópi sem ég tilheyri ekki,“ segir hann en er annars þögull sem gröfin um þættina.

Hálft ár er liðið síðan Daníel Geir var valinn fyndnasti maður Íslands og síðan þá hefur hann haft í nógu að snúast í uppistandi sínu. „Þessi vetur var alveg frábær og frá miðjum apríl og fram í miðjan maí var mikil vertíð.“ Grínmyndbönd hans á Facebook hafa einnig vakið athygli, auk þess sem hann hefur reynt fyrir sér sem útvarpsmaður á Rás 2. Hann hefur mikinn áhuga á að starfa meira á þeim vettvangi í framtíðinni.

Meðfram gríninu stundar Daníel Geir meistaranám í ritlist og er þessa dagana að semja dramatískt gamanleikrit. Aðalpersónan er maður á elliheimili sem fær barnabarn í heimsókn sem hann þolir ekki. „Það væri gaman að setja þetta upp einhvern tímann. Ég held að þetta sé mjög skemmtilegt, þótt ég segi sjálfur frá.“

Daníel byrjaði að vinna á auglýsingastofu í janúar en entist ekki lengi þar. „Ég er að kappkosta við hvað ég kemst lengi upp með að fá mér ekki fasta vinnu.“ Í sumar heldur hann fyrirlestra fyrir unglinga í vinnuskólum. „Ég er menntaður kennari, sem margir vita kannski ekki. Ég er að fara yfir hvað stendur vinnuskólakrökkum til boða og að þeir þurfi ekkert að óttast draumana sína.“ - fb



**NÓG AÐ GERA** Fyndnasti maður Íslands er með mörg verkefni á sinni könnu.


**FRÁBÆR VERÐ Á FLOTTUM MERKJUM**



**Sundföt**

**frá SPEEDO í miklu úrvali fyrir alla aldurshópa**

**Sundbolir**

Dömustærðir
Verð: 7.990 - 12.990 kr.
Outlet-verð:
frá 4.990 kr.

Stelpustærðir:
Verð: 6.990 kr.
Outlet-verð:
3.990 kr.

Allt að 60%

**Bikiní**

Dömustærðir
Verð: 7.990 kr.
Outlet-verð:
frá 1.990 kr.

Stelpustærðir:
Verð: 5.990 kr.
Outlet-verð:
3.990 kr

Allt að 75%

**Sundskýlur**

Herrastærðir:
Verð: 5.990 kr.
Outlet-verð:
3.990 kr.

Strákastærðir:
Verð: 4.990 kr.
Outlet-verð:
2.990 kr.

Allt að 40%

**Watershorts**

Herrastærðir
Verð: 6.990 - 9.990 kr.
Outlet-verð:
3.990 kr.

Strákastærðir:
Verð: 4.990 kr.
Outlet-verð:
2.990 kr.

Allt að 55%

SPORT OUTLET

Vínlandsleið 6 113 Reykjavík

Opið:
Virka daga kl. 11-18 Laugardaga kl. 11-16 Sunnudaga kl. 13-17


**BRYNJA BJARNADÓTTIR:** UPPLIFUN AÐ GEFA EIGINHANDARÁRITANIR

# STIGU ÓVÆNT Á SVIÐ MEÐ BOMBAY BICYCLE CLUB

Brynja Bjarnadóttir og Þorbjörg Ósk Eggertsdóttir, tvítugir trúbadorar, eru nýkomnar heim til Íslands eftir sex vikna tónleikaferðalag um Evrópu. Stúlkurnar ferðuðust á eigin vegum til tíu landa og komu meðal annars óvænt fram með hljómsveitinni Bombay Bicycle Club í Amsterdam.

„Við vorum sjálfboðaliðar í Slóvakíu í fyrrasumar og spiluðum svolítið þar. Það var maður sem heyrði í okkur í eitt skiptið og sendi okkur póst þar sem hann bauð okkur að koma út í vor og spila hér og þar um Slóvakíu. Hann sá alfarið um að skipuleggja alla tónleikana fyrir okkur og að auglýsa þá,“ segir Brynja, en þær stöllur héldu utan um miðjan apríl.

Brynja og Þorbjörg fóru víða á þessum sex vikum og stoppuðu aðeins í þrjá daga á hverjum stað fyrir utan Slóvakíu, þar sem þær dvöldu í eina viku. „Við byrjuðum í Danmörku og fórum svo til London, Nantes, Rómar, Búdapest, Þrándheims, Slóvakíu, Amsterdam og enduðum loks í Berlín. Þetta var svolítið stressandi en alveg ótrúlega skemmtilegt ferðalag og við lentum í mörgum ævintýrum,“ segir Brynja og nefnir í því samhengi þegar vinkonurnar fengu óvænt að stíga á svið með hljómsveitinni Bombay Bicycle Club, en meðlimir sveitarinnar eru vinir Þorbjargar.

„Við komumst að því að þeir yrðu í Brussel og Amsterdam á sama tíma og við og mæltum okkur mót. Þeir báðu okkur svo um að syngja með sér á tvennum tónleikum sem var mjög óvænt en skemmtilegt,“ útskýrir Þorbjörg.



**ÆVINTÝRALEG TÓNLEIKAFERÐ** Brynja Bjarnadóttir og Þorbjörg Ósk Eggertsdóttir eru nýkomnar heim til Íslands eftir sex vikna tónleikaferðalag um Evrópu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Aðspurð segir Brynja heimsóknirnar til slóvenska bæjarins Danska Stiavnica og til Þrándheims í Noregi hafa staðið upp úr ásamt því að hafa verið beðin um eiginhandaráritun af slóvenskum aðdáendum eftir eina tónleikana. „Við spiluðum sex sinnum í Slóvakíu og eignuðumst nokkra aðdáendur í kjölfarið. Nokkrir vildu eiginhandaráritanirnar okkar og það var svolítið merkileg upplifun.“

Þorbjörg segir erfitt að nefna eitthvað eitt sem staðið hafi upp úr enda hafi ferðin verið mikið ævintýri frá upphafi til enda. „Ætli fólkið sem við kynntumst standi ekki upp úr sem það skemmtilegasta við ferðina. Og það að hafa fengið að syngja með Bombay Bicycle Club,“ segir hún.

Brynja hefur dansnám við Listaháskóla Íslands í haust og því er óvíst um framtíð tónlistarferils hennar en Þorbjörg er staðráðin í því að halda áfram að sinna tónlistinni og stefnir á að gefa út geisladisk næsta haust.

sara@frettabladid.is

# Keppti í sænskum þætti

Dansarinn Linda Ósk Valdimarsdóttir var stödd í Svíþjóð fyrir helgi þar sem hún var við upptökur á sænska sjónvarpsþættinum Rampljuset. Þættirnir njóta mikilla vinsælda meðal sænskra ungmenna og hafa töluvert áhorf.

Linda Ósk er eigandi dansskólans Rebel Dance Studio og dansar að auki með Rebel-dansflokknum. Hún segir framleiðendur Rampljuset hafa séð dansmyndbönd hennar á Netinu og í kjölfarið fengið hana til að koma fram í þáttunum sem sýndir verða í ágúst. Þættirnir eru hæfileikakeppni fyrir börn og unglinga í anda X-Factor þáttanna og eru sýndir í sænska ríkissjónvarpinu.

„Frænka mín benti konu að nafni Guðrún Hauksdóttir á mig, en hún sér einmitt um að fá fólk í þættina. Það eru fjögur atriði sem keppa í hverjum þætti og ég keppti á móti töframanni, beatboxara og tvíburum sem sýndu listir á einhjóli,“ segir Linda Ósk sem hreppti annað sætið. Óvanalegt er að keppendur í Rampljuset komi utan Svíþjóðar enda er þátturinn ætlaður sænskum börnum og ungmennum. Þátturinn fer að sjálfsögðu fram á sænsku og þurfti Linda Ósk að gera sér upp sænskukunnáttu á meðan hún hlýddi á umsagnir dómaranna.

„Ég brosti bara og kinkaði kolli á meðan dómararnir töluðu við mig enda skildi ég ekki orð. Þau þýddu allt svo fyrir mig eftir tökurnar.“

Linda Ósk stundar helst streetdans en einnig djassdans, nútímadans og hiphop og hélt nokkur dansnámskeið í Malmö á meðan á dvöl hennar stóð. Aðsóknin á námskeiðin var svo góð að Linda hyggst fara aftur út í haust og halda fleiri. „Þetta verður vonandi ágætur stökkpallur fyrir mig inn í danssenuna úti og það var frábært að hafa getað nýtt tækifærið og komið Dance Rebel út fyrir landsteinana. Mér hafa einnig boðist nokkur starfstilboð í Svíþjóð sem ég er að íhuga og það er ekki útilokað að ég flytji þangað í haust,“ segir Linda Ósk að lokum.

Rebel Dance Studio heldur námskeið hér á landi í næstu viku. Frekari upplýsingar má nálgast á heimasíðu dansskólans rebeldancestudio.is. - sm



**Í SÆNSKA SJÓNVARPINU** Linda Ósk Valdimarsdóttir, dansari, kom fram í hæfileikakeppninni Rampljuset sem sýnd er á SVT.

# FJÖR Í FIRÐI

## OPIÐ TIL KL. 22 Í KVÖLD

**TÍSKUSÝNING – TILBOÐ – SKEMMTIATRIÐI**


Sigga Kling


Hafdalsbræður


Einar töframaður


Tanya og Zumba Dívurnar

Kl.15:00 Einar töframaður sýnir listir sínar við Arion-banka
og verður með galdrakennslu kl.16:30.
Kl.16:00 Kynning á NYX cosmetics förðunarlínunni
Solla, Steinunn og Rebekka frá NYX Cosmetics á Íslandi farða
fyrir tískusýninguna og kynna það heitasta í sumarförðuninni.
Kl.17:00 – 22:00 Söluborð með handverki.
Tilboð og afslættir í verslunum.
Kl. 20:30 – 22:00 Trúbadorarnir Hafdalsbræður skemmta gestum.
Snillingarnir í Carter sýna það nýjasta í uppgreiðslum og klippingum.
Halldór Jónsson verður með kynningu á Wella og Sebastian vörum
og einnig „óslítandi teygjunum"
Kl.20:00 Tanya og Zumba Dívurnar frá líkamsræktarstöðinni Hress
dansa Salsa og Bollywood dansa.
Kl.20:30 Tískusýning.
Kl.21:00 Einar töframaður með magnaða sýningu.

*Kynnir : Sigríður Klingenberg.*

**FJÖRÐUR**

- Verslunarmiðstöð miðbæ Hafnarfjarðar -

Fjarðargata 13-15 | 220 Hafnarfjörður | www.fjordur.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Bláa lónið var toppurinn

Bláa lónið var einn af hápunktum Íslandsferðar söngvarans ástsæla **Bryans Ferry**. Eins og kunnugt er hélt hann tvenna tónleika fyrir fullum Eldborgarsal Hörpunnar á sunnudag og mánudag, en gaf sér einnig tíma til að ræða við fjölmiðla og ferðast örlítið um landið. Ferry sagði í samtali við Víkurfréttir að Bláa lónið, sem hann heimsótti á leið sinni út á Keflavíkurflugvöll á þriðjudag, hefði staðið undir öllum væntingum og meira til. Þá fór hann einnig í hvalaskoðunarferð fyrir seinni tónleika sína á mánudag, en ekki liggur fyrir hvernig honum leist á konunga hafsins – ef hann sá þeim á annað borð bregða fyrir.



### Greta beðin afsökunar

Eurovision-söngvakeppnin síðastliðið laugardagskvöld fór líklegast fram hjá fæstum. Lítið hefur heyrst frá Gretu Salóme eftir keppnina en ummæli hennar í kvöldfréttum Stöðvar 2 síðastliðinn föstudag ollu miklu fjaðrafoki. Páll Óskar og Reynir Þór Eggertsson voru meðal þeirra sem gagnrýndu Gretu fyrir ummælin og hafa þeir nú báðir stigið fram á Facebook-síðum sínum og beðið hana afsökunar. Svo virðist sem tvær hliðar séu á öllum málum og að orð Gretu hafi ekki verið meint á þann hátt sem útlit var fyrir. Á meðan á þátttöku hennar í keppninni stóð var hún bundin samningi þess efnis að hún mætti ekki blanda sér í pólitísk mál en nú er hún laus allra samninga og hefur leitast eftir samstarfi við Amnesty. - sv, trs



## Mest lesið vísir

1. Eigandinn gaf sig fram - sá fréttina á Vísi
2. Rústa garði fatlaðra
3. Svör Þóru Arnórsdóttur við spurningum Vísis
4. Ástþór andvaka yfir framboði í uppnámi
5. Svör Ólafs Ragnars Grímssonar við spurningum





